FRÉTTABLAÐIÐ

147. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 27. JÚNÍ 2019

Dæmdur fyrir tilraun til manndráps

DÓMSMÁL Maður var í gær dæmdur til sex ára fangelsisvistar fyrir tilraun til manndráps. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Norðurlands eystra. Maðurinn var fundinn sekur um að hafa veitt manni fjölda lífshættulegra stungusára í bæði andlit og líkama í miðbæ Akureyrar í nóvember í fyrra.

Auk fangelsisrefsingar var maðurinn dæmdur til að greiða brotaþola 1.200.000 krónur í miskabætur og allan sakarkostnað málsins, alls 5.352.048 krónur.

Í forsendum dómsins segir meðal annars: „Brot ákærða sem hann er nú sakfelldur fyrir eru hrottaleg og bera vott um skeytingarleysi gagnvart lífi og heilbrigði annars manns.“

Ákærði krafðist sýknu á þeim grundvelli að um nauðvörn hefði verið að ræða en við ákvörðun um bótafjárhæð til brotaþola segir í dóminum að þrátt fyrir að brotaþoli hafi ráðist að fyrra bragði á ákærða sé ekki unnt að fallast á með ákærða eins og hér standi að sú staðreynd eigi að hafa áhrif á bótafjárhæðina. Árásin hafi verið lífshættuleg og valdið brotaþola varanlegum andlitsskaða. Fjallað er nánar um dóminn og aðdraganda málsins á frettabladid.is – **aá**

Vill að ríkið selji Póstinn

ÍSLANDSPÓSTUR „Það hefur lengi verið mín skoðun að þegar búið er að koma lagaumgjörð um þessa starfsemi í betra horf, eins og við höfum verið að gera núna, og gera nauðsynlegar breytingar á rekstrinum þá sé ekkert því til fyrirstöðu að ríkið selji þennan rekstur,“ segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnhagsráðherra.

efnahagsráðherra, spurður um framtíð og framtíðareignarhald Íslandspósts. Ríkisendurskoðun birti svarta úttekt á Íslandspósti á þriðjudag. Aðspurður hvaða þýðingu skýrslan hafi fyrir næstu skref með tilliti til reksturs Íslandspósts og eignarhalds ríkisins segir Bjarni að hans vilji sé að einkavæðing eigi sér stað.

Bjarni telur að rekstur Íslandspósts hafi verið það slæmur að undanförnu að ekki hafi verið hægt að hefja undirbúning að sölu. Nú séu umbætur á veg komnar og einkavæðing ákjósanleg. – **smj / sjá síðu 4**

Vandamálið er ekki einungis óæskileg líkamsstaða ein og sér heldur er það einnig það hreyfingarleysi sem fylgir samhliða.

Haraldur Magnússon
osteópati

Hafa snjalltækin bein áhrif á líkamann?

Flestir eiga orðið snjallsíma eða önnur svipuð tæki þar sem líkamsbeitingin býður oft upp á álag á háls, herðar og höfuð. Fullorðnir og börn sækja sjúkraþjálfun í auknum mæli og vangaveltur um aukinn beinvöxt í hnakka hafa verið utan landsteinanna. →12

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDSHLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.

ORKAN

Veður



Suðvestan og vestan 5-15 m/s, hvassast NV-lands. Súld með köflum V-til á landinu og rigning í kvöld en þykknar heldur upp fyrir austan. SJÁ SÍÐU 30

Rafíþróttir hafa vaxið á methraða síðustu ár. FRETTABLADID/RAGNAR MÁNI

Undanúrslit í Háskólabíói

RAFÍÞRÓTTIR Hópur rafíþróttaunnenda var samankominn í Háskólabíói í gær til að fylgjast með fyrra úrslitakvöldi Lenovo deildarinnar. Í gær kepptu lið Dusty og FH í tölvuleiknum League of Legends. Það var til mikils að vinna, en sigurliðið tryggði sér keppnisrétt á Norðurlandamóti í League of Legends í sumar ásamt sínum skerf af 500.000 króna verðlaunafé. Úrslit lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun. Í kvöld verður keppt í tölvuleiknum Counter Strike: Global Offensive, en þar etja kappi liðin HaFiÐ og Fylkir.

Deildin er sú fyrsta sinnar tegundar en rafíþróttir hafa vaxið hratt á Íslandi á síðustu misserum. Í dag má finna rafíþróttadeild innan FH, KR og Fylkis, en fleiri íþróttafélög hafa sýnt senunni áhuga. Melína Kolka, varaformaður Rafíþróttasamtakanna, segir að það sé löngu tímabært að Íslendingar taki þátt í rafíþróttasenunni. „Við eigum mikið af góðu og flottu rafíþróttafólki sem fær nú tækifæri til þess að vaxa og bæta sig í góðu skipulögðu umhverfi," segir Melína og bætir við að hún vildi óska að það hefði verið hægt að æfa rafíþróttir í góðri umgjörð þegar hún var yngri. **– atv**

Hverfisgatan sundurtætt

Viðgerðir á Hverfisgötunni hafa valdið talsverðri truflun á umferð í miðbæ Reykjavíkur en verktakarnir hófust handa um miðjan maí síðastliðinn og áætlað er að framkvæmdirnar muni standa yfir fram að september. Auk endurgerðar Hverfisgötunnar er einnig verið að endurnýja lagnir í Ingólfsstræti upp að Laugavegi. „Verkið felst í að grafa og fylla í götu, gangstéttir og hjólastíg." FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Barnaheill opna nýja síðu

SAMFÉLAG Ný og endurbætt tilkynningarsíða Ábendingalínunnar á vef Barnaheilla var opnuð í gær. Hún er sniðin að ólíkum aldurshópum en á nýju tilkynningarsíðunni er einnig að finna fræðslu um lög og skilgreiningar á ofbeldi og öðrum atriðum sem hægt er að tilkynna í gegnum Ábendingalínuna.

Markmið Barnaheilla er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri aðila á þætti netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og þrýsta á stjórnvöld að axla ábyrgð í þessum málaflokki.

Ábendingalínan er rekin með því markmiði að vinna á móti ofbeldi gegn börnum á netinu, meðal annars að útrýma myndefni sem sýnir kynferðisofbeldi gegn börnum og birt er á internetinu. Þá eru markmiðin einnig að vinna gegn tælingu og hatursorðræðu á netinu. **-pk**

NÁNAR Á UU.IS EÐA Í SÍMA 585 4000

Vill íbúakosningu um skipulag Elliðaárdals

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar samþykkti nýtt deiliskipulag í Elliðaárdalnum. Málið fer nú fyrir borgarráð. Hollvinasamtök Elliðaárdals hyggjast kæra málið til Skipulagsstofnunar og fara með það í íbúakosningu.

REYKJAVÍK Hollvinasamtök Elliðaárdals munu kæra nýtt skipulag við Elliðaárdalinn til Skipulagsstofnunar og reyna að koma því í íbúakosningu. Deiliskipulag fyrir svæðið, sem heimilar byggingu gróðurhvelfinga, var samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar í gær. Fer það nú fyrir borgarráð.

Halldór Páll Gíslason, formaður Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins, er verulega ósáttur við að farið verði í uppbyggingu á svæðinu og segir að hann bíði nú eftir að borgarráð afgreiði málið til að hægt sé að kæra það. „Það er ekki bara verið að samþykkja að byggja 4.500 fermetra biodome og húsnæði fyrir Garðyrkjufélag Reykjavíkur, það er verið að samþykkja 43 þúsund fermetra lóðir inni í Elliðaárdalnum. Þetta er enginn vinnuskúr. Ég bara á ekki orð."

Líkt og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu telur Umhverfisstofnun fyrirhugaða byggingu ganga á svæðið, skerða útivistarsvæði almennings verulega og þrengja að vatnasviði. Hyggst Halldór Páll kæra málið til Skipulagsstofnunar á grundvelli álits Umhverfisstofnunar.

Hyggst hann líka fara með málið í íbúakosningu. „Við munum fara í það ferli eins og á Selfossi að gera kröfu um íbúakosningu til að fá þetta fellt."

Hjálmar Sveinsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í ráðinu, segir deiliskipulagið ekki ganga á Elliðaárdalinn. „Þetta er á svæði við Stekkjarbakka og er í rauninni býsna raskað," segir Hjálmar. „Þetta er í jaðri Elliðaárdalsins. Þarna gerir aðalskipulag Reykjavíkur ráð fyrir að geti komið græn starfsemi. Við teljum einfaldlega að þetta sem þarna er fyrirhugað sé í samræmi við aðalskipulagið."

Hildur Björnsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í ráðinu, er ekki sammála um að svæðið sé í jaðrinum. „Við höfum verið mótfallin þessu skipulagi frá upphafi. Það hefur mikið verið reynt að halda því fram að þetta sé ekki grænt svæði. Þetta er alveg ofan í Elliðaánum," segir Hildur. „Svona svæði eru með því verðmætasta sem við eigum í borgum og við eigum að vernda það. Elliðaárdalurinn er lungu borgarinnar."

arib@frettabladid.is

Halldór Páll Gíslason, formaður Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins, vill engar stórframkvæmdir á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

> **Þetta er í jaðri Elliðaárdalsins. Þarna gerir aðalskipulag Reykjavíkur ráð fyrir að geti komið græn starfsemi. Við teljum einfaldlega að þetta sem þarna er fyrirhugað sé í samræmi við aðalskipulagið.**
>
> Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Útsala

40%

afsláttur af öllum vörum

herra GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND

BOSS

HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

Mathilda

Kringlunni

ENGLABÖRNIN

falleg föt á stelpur og stráka...

KRINGLUNNI

HANZ

KRINGLUNNI

COLLECTIONS

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

14 milljarðar ávinningur ríkisins af sölu eigna á Ásbrú

VIÐSKIPTI Fjárhagslegur ávinningur ríkissjóðs af sölu eigna á Ásbrú er um 14 milljarðar króna en síðustu eignirnar sem heyrðu áður undir gamla varnarliðssvæðið voru seldar á árinu. Þá hefur Reykjanesbær fengið um 370 milljónir króna í gatnagerðargjöld af verkefninu.

> **Þessi ávinningur verður að teljast mun meiri en vonir stóðu til**
>
> Ísak Ernir Kristinsson, stjórnarformaður Kadeco

„Þessi ávinningur verður að teljast mun meiri en vonir stóðu til við brotthvarf Varnarliðsins á sínum tíma," segir Ísak Ernir Kristinsson, stjórnarformaður Kadeco, Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.

Kadeco, sem er félag í eigu ríkisins, hefur leitt þróun og umbreytingu á gamla varnarliðssvæðinu frá árinu 2006 þegar bandarísk stjórnvöld skiluðu svæðinu til íslenskra stjórnvalda. Nú búa á fjórða þúsund manns á Ásbrú og á þriðja hundruð fyrirtæki eru skráð á svæðinu sem skapa um þúsund störf.

Síðustu eignir Kadeco voru seldar á árinu og því eru allar eignir sem félagið fékk til umsýslu árið 2006 komnar í borgaraleg not.

Samkvæmt greiningu sem stjórn félagsins lét vinna er fjárhagslegur ávinningur ríkissjóðs, eiganda félagsins, af verkefninu um 14 milljarðar króna. **– ab**

Elías S. Kristinsson.

Stöðvaði gröfu VesturVerks

UMHVERFISMÁL Landeigandi á Seljanesi á Ströndum, Elías S. Kristinsson, stillti sér upp fyrir framan beltagröfu á Ófeigsfjarðarvegi á þriðjudag og stöðvaði þannig framkvæmdir verkamannsins sem starfaði þar í umboði VesturVerks. Eins og Fréttablaðið greindi frá hóf orkufyrirtækið framkvæmdir á vegi þrátt fyrir kæru sem landeigendur Drangavíkur lögðu fram gegn framkvæmdaleyfi þeirra.

„Hann má nú eiga það, gröfumaðurinn, að hann var ljúfur sem lamb og mjög kurteis. Hann hætti strax störfum eftir að ég sagði honum að ég myndi ekki færa mig af veginum," sagði Elías í samtali við Fréttablaðið í dag. Hann brunaði beint á staðinn á þriðjudagskvöld eftir að hann fékk veður af framkvæmdunum.

„Mér finnst þetta alveg ótrúleg ósvífni, að daginn eftir að það kemst upp að þeir eigi ekki stóran hluta af vatnssvæðinu sem þeir þurfa, þá hefji þeir framkvæmdir," segir Elías. „Allir eðlilegir menn hefðu ákveðið að bíða eftir að fá úr þessum málum skorið. Þetta sýnir bara hvað þetta er ósvífið lið."

Elías segir verktakann á gröfunni þá hafa staðfest að Gunnar Gaukur Magnússon, framkvæmdastjóri VesturVerks, hafi sent hann af stað í framkvæmdirnar kvöldið áður, sama dag og landeigendur lögðu kæruna fram. „Ætlun þeirra er að eyðileggja eins mikið og hægt er í sumar svo að það verði ekki hægt að hætta við virkjunina. Þessir menn hugsa bara um peninga og hlutabréfin sín og svífast bara einskis."

– ókp

Íslandspóstur verði seldur við fyrsta tækifæri segir ráðherra

Þegar umbætur á lagaumgjörð, sem gerðar hafa verið, og nauðsynlegar breytingar á rekstri Íslandspósts fari að skila árangri er ekkert því til fyrirstöðu að ríkið selji reksturinn, segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra spurður um framtíðareignarhald fyrirtækisins. Ríkisendurskoðun gaf Íslandspósti hirtingu.

ÍSLANDSPÓSTUR „Það hefur lengi verið mín skoðun að þegar búið er að koma lagaumgjörð um þessa starfsemi í betra horf, eins og við höfum verið að gera núna, og gera nauðsynlegar breytingar á rekstrinum þá sé ekkert því til fyrirstöðu að ríkið selji þennan rekstur," segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, spurður um framtíð og framtíðareignarhald Íslandspósts. Ríkisendurskoðun birti svarta úttekt sína á Íslandspósti á þriðjudag.

Bjarni kveðst ekki hafa náð að fara yfir skýrsluna sjálfur en á þriðjudag var hún kynnt stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og fjárlaganefnd Alþingis, áður en hún var birt opinberlega. Bjarni segir Íslandspóst með sjálfstæða stjórn sem honum sýnist á fréttum að hafi brugðist við sumu af því sem fram kemur í skýrslunni. Líkt og greint hefur verið frá var starfsfólki Íslandspósts tilkynnt um viðamiklar skipulags- og hagræðingaraðgerðir í aðdraganda þess að úttekt Ríkisendurskoðunar var birt. Þar verður framkvæmdastjórum meðal annars fækkað og skrifstofur fyrirtækisins fluttar.

Aðspurður hvaða þýðingu skýrslan hafi fyrir næstu skref og framtíðina með tilliti til reksturs Íslandspósts og eignarhalds ríkisins segir Bjarni að hans vilji sé að einkavæðing eigi sér stað.

„Hins vegar held ég að það hafi ekki verið aðstæður til þess undanfarin misseri eða ár að hefja undirbúning að slíkri sölu vegna þess hvernig reksturinn hefur gengið. Okkur er það ljóst núna að til dæmis alþjónustukvöðin sem hvílt hefur á fyrirtækinu hefur ekki verið nógu vel fjármögnuð sem birtist meðal annars í nýlegum úrskurði Póst- og fjarskiptastofnunar."

Tilkynnt var í vikunni um viðamiklar skipulags- og hagræðingaraðgerðir hjá Íslandspósti. Bjarni segir að þegar búið verði að koma fyrirtækinu á rétt ról sé ekkert því til fyrirstöðu að ríkið selji eignarhlut sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Þá sé ekkert því til fyrirstöðu að ríkið selji þennan rekstur.**
>
> Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

Bjarni segir að þegar nauðsynlegar umbætur á lagaumgjörðinni og rekstrinum verði farnar að skila árangri sé engin ástæða fyrir eignarhaldi ríkisins á fyrirtækinu.

„Þá er ég sérstaklega að vísa til þess að við höfum öll tök á verðlagningu þjónustunnar sem við viljum hafa, þessari grunnpóstþjónustu í landinu. Að öðru leyti getur hún bara farið fram á samkeppnisgrundvelli. Það er hluti af þeirri þjónustu sem ber sig ekki á samkeppnisgrundvelli og þá verður ríkið að gera þjónustusamning um það og í þeim þjónustusamningi getum við ákveðið þjónustustigið og verðlagningu. En að öðru leyti eigi þetta fyrirtæki bara að vera að keppa á samkeppnisgrundvelli."

Bjarni segir að af opinberri umfjöllun að dæma séu málefni Íslandspósts í góðum farvegi innan stjórnarinnar nú og margt af því sem tiltekið sé í skýrslunni tilheyri fortíðinni.

mikael@frettabladid.is

Kringlan
ÚÚLALA
ÚTSALA
TSALA
EIN STÆRSTA ÚTSALA
LANDSINS ER HAFIN!
Opið til níu í kvöld
KONTOR REYKJAVÍK

Telur sykurskatt í þágu sérhagsmuna

Aðgerðaáætlun til að minnka sykurneyslu sem starfshópur ráðherra kemur til með að skoða gerir ráð fyrir skatti á gosdrykki og sælgæti. Formaður Viðreisnar segir sérstakt að mismuna milli vörutegunda og það megi treysta ríkisstjórninni að styðja MS.

STJÓRNMÁL „Þessi mismunun á vörutegundum er mjög sérstök. Á meðan eitt fyrirtæki uppi á Höfða sem framleiðir gosdrykki er skattlagt í botn þá er annað fyrirtæki í 100 metra fjarlægð, stór aðili í sykurinnflutningi, sem sleppur alveg við þetta, það er Mjólkursamsalan," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar.

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í síðustu viku að skipa starfshóp sem falið verður að innleiða aðgerðaáætlun Embættis landlæknis til þess að draga úr sykurneyslu landsmanna. Aðgerðaáætlunin var gerð að beiðni Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra. Þar er lagt til að hækka verð á gosi og sælgæti um 20 prósent. Á móti á að lækka álögur á hollari matvæli. Ekki á að leggja sykurskatt á kökur, kex, ís eða sykraðar mjólkurvörur.

Þorgerður Katrín sér frekar fyrir sér betri merkingar og upplýsingar, sem þekkist víðar, en skattlagningu. „Við í Viðreisn viljum miklu frekar nálgast þetta út frá merkingum og upplýsingum sem stuðli að aukinni neytendavitund. Þannig að þegar neytendur fá sér súkkulaðiköku þá standi það skýrum stöfum hvað hún inniheldur margar hitaeiningar."

Hún segir vitundarvakningu í heiminum í dag sem hafi leitt til minnkandi sykurneyslu. „Frjáls-

Ef það er hægt að treysta einhverju hjá þessari ríkisstjórn þá er það að slá skjaldborg um sérhagsmuni Mjólkursamsölunnar.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar

Ef aðgerðaáætlun Embættis landlæknis verður að veruleika mun verð á sælgæti og gosdrykkjum hækka um 20 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ræði fylgir ekki ósómi. Það á að nálgast þetta með upplýsingum. Þess vegna hefur áfengisneysla ungmenna farið niður á við síðustu árin, ekki með svona illa útfærðum sköttum," segir Þorgerður Katrín. „Það á að halda áfram sömu vitleysunni og vinstri stjórnin var með á sínum tíma, að gera upp á milli vörutegunda. Síðasta útfærsla var léleg og vond, síðan sá skattur var afnuminn hefur sykurneysla minnkað."

Telur hún að eitthvað annað og meira liggi að baki hugmyndunum um að skattleggja gosdrykki og sælgæti en ekki sykurbættar mjólkurvörur en aðeins vilji til að draga úr sykurneyslu. „Uppleggið vekur furðu. Ef það er hægt að treysta einhverju hjá þessari ríkisstjórn þá er það að slá skjaldborg um sérhagsmuni Mjólkursamsölunnar."

Sunna Gunnars Marteinsdóttir, verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum hjá MS, hafnar því að MS sé stórtækt þegar kemur að sykri. „Mjólkursamsalan hefur

Aðgerðaáætlunin felur í sér skattahækkanir á sæta gosdrykki og sælgæti, ekki kökur, kex eða sykraðar mjólkurvörur.

markvisst unnið að því að minnka sykur í sínum vörum frá árinu 2003 og í dag eru um 85% af öllum okkar vörum án viðbætts sykurs," segir Sunna. „MS kaupir árlega um 1-2% af heildarsykurinnflutningi í sína framleiðslu en stærstu aðilarnir í kaupum á sykri eru um 10 sinnum stærri en MS."

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri hjá Embætti landlæknis og einn höfunda aðgerðaáætlunarinnar, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að fólk sem hefur minni tekjur og minni menntun lifi óheilbrigðara lífi og lifi skemur. Rannsóknir sýni að skattlagning breyti hegðun og það sé markmiðið.

„Við sjáum það í okkar tölum að fólk sem hefur minni tekjur og minni menntun lifir óheilbrigðara lífi og lifir skemur. Rannsóknir sýna að skattlagning breytir hegðun og það er það sem við viljum," sagði Dóra.

Þorgerður Katrín er ekki sannfærð. „Ég er ekki sannfærð um að þessi útfærsla á skattlagningu geti breytt hegðun. Upplýsum neytandann í staðinn fyrir að skattleggja hann." **arib@frettabladid.is**

Gott úrval notaðra bíla | benni.is

Rað.nr. 445687 4X4
SSANGYONG REXTON HLX.
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 39.000 km.
Verð: 5.590.000 kr.

Rað.nr. 150327 4X4
SSANGYONG TIVOLI DLX
Nýskráður: 2016 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 29.000 km.
Verð: 2.490.000 kr.

Rað.nr. 150448
VW GOLF TRENDLINE
Nýskráður: 2012 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 99.000 km.
Verð: 1.290.000 kr.

Rað.nr. 150471 4X4
CHEVROLET CAPTIVA
Nýskráður: 2015 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 163.000 km.
Verð: 2.390.000 kr.

Rað.nr. 150472 4X4
AUDI Q5 QATTRO
Nýskráður: 2013 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 106.000 km.
Verð: 3.990.000 kr.

Bílahöllin Benni
Kíktu á bílaplanið okkar á Krókhálsi 9
Reykjavík Krókháls 9 Sími: 590 2035
Reykjanesbær Njarðarbraut 9 Sími: 420 3330
Opnunartímar: Virka daga 9-18 Laugardaga 12-16

ÚTSALA

30-50% afsláttur

af völdum vörum

F&F

MEIRI GÆÐI, BETRA VERÐ

FÆST EINGÖNGU Í

HAGKAUP

Finndu okkur á instagram og facebook

Mette Frederiksen.
NORDICPHOTOS/GETTY

Fór á fund drottningar

DANMÖRK Mette Frederiksen mætti í Amalíenborgarhöll í Kaupmannahöfn í gær og fór á fund drottningar. Þar með varð hún forsætisráðherra Danmerkur en á þriðjudag var tilkynnt að Jafnaðarmannaflokkurinn myndi sitja í minnihlutastjórn með stuðningi Sósíalíska þjóðarflokksins, Einingarlistans og Radikale Venstre.

Hin nýja danska stjórn hefur birt

» Frederiksen er önnur konan til þess að gegna embætti forsætisráðherra Danmerkur.

átján blaðsíðna stjórnarsáttmála þar sem loftslagsmálin vega einna þyngst. Til dæmis er því heitið að útblástur gróðurhúsalofttegunda dragist saman um sjötíu prósent til ársins 2030. Þá hyggst Frederiksen-stjórnin einnig ætla að hætta að skera niður í menntamálum, að því er kom fram í frétt DR, danska ríkisútvarpsins.

DR hafði eftir Britt Bager, einum talsmanna Venstre, stærsta flokks hægriblokkarinnar, að þar á bæ ríkti óánægja með ýmislegt. Til að mynda það að afturkalla skyldi ýmsar skattalækkanir. Hins vegar væri samstarfsgrundvöllur í umhverfismálunum. **– þea**

Mekonnen hershöfðingja minnst.
NORDICPHOTOS/AFP

Tugir fórust í átökunum

EÞÍÓPÍA Tugir létust í átökum í Amhara-héraði Eþíópíu um síðustu helgi er uppreisnarmenn reyndu að steypa héraðsstjórninni af stóli. Þetta hafði Reuters eftir upplýsingafulltrúa héraðsstjórnarinnar í gær. Samkvæmt upplýsingafulltrúanum, Asemahagh Aseres, réðust uppreisnarmenn á höfuðstöðvar lögreglu, skrifstofur ráðandi flokks og skrifstofur héraðsforseta.

Þrír embættismenn voru drepnir, þar á meðal Ambachew Mekonnen héraðsforseti. Þá var starfsmannastjóri eþíópíska hersins, Seare Mekonnen hershöfðingi, myrtur í höfuðborginni.

Að sögn Asemahagh er uppreisnarsveitin nýstofnuð. „Þetta er hluti af lögreglunni. Þau eru ekki sjálfstæð. Stærstur hluti okkar manna hefur ekki gengið til liðs við þau og varði okkur gegn árásum," sagði hann.

Samkvæmt greiningu Reuters setur það aukinn þrýsting á Abiy Ahmed forsætisráðherra að uppreisnarmennirnir hafi komið úr röðum héraðslögreglu. Ahmed hefur að undanförnu reynt að vinda ofan af bönnum á aðra stjórnmálaflokka og leyst uppreisnarmenn, blaðamenn og pólitíska fanga úr haldi. Hann er sagður hafa skapað sér ýmsa óvini er hann hristi upp í yfirstjórn hers og leyniþjónustu. **– þea**

Skraufþurrt

Indversk kona fyllir á fötu í borginni Chennai. Miklir þurrkar hafa gert það að verkum að þessi sjötta fjölmennasta borg Indlands er að verða vatnslaus og eru þurrkarnir samkvæmt AFP þeir verstu í manna minnum. Íbúar geta notað um helming þess vatns sem venjulega er þörf. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjamenn bjartsýnir á lausn deilunnar við Kína

Fjármálaráðherra Bandaríkjanna segir viðræðurnar við Kínverja vera komnar níutíu prósent áleiðis. Forsetar ríkjanna tveggja munu hittast í Japan um helgina. Viðræðum var slitið í maí og bentu ríkin tvö hvort á annað. Kínverskir neytendur forðast bandarískar vörur í auknum mæli vegna deilunnar.

BANDARÍKIN Útlit er fyrir að tollastríði Bandaríkjanna og Kína ljúki brátt. Donald Trump Bandaríkjaforseti og Xi Jinping, forseti Kína, munu funda saman á G20-fundinum sem fer fram í Japan um helgina og gæti sá fundur skipt sköpum.

Steven Mnuchin, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, sagðist bjartsýnn í viðtali við CNBC í gær. „Við erum komin svona níutíu prósent áleiðis og ég held það sé vel hægt að klára þetta."

Ráðherrann er vongóður um að fundurinn lukkist vel. „Við vonumst eftir þeim skilaboðum að Kína vilji koma aftur að borðinu af því að ég held það væri til bóta fyrir bæði kínverskt og bandarískt hagkerfi að koma á jafnvægi í verslun og þannig halda áfram að byggja upp gott samband," sagði Mnuchin enn fremur.

Ekki liggur fyrir hvað stendur eftir í viðræðum. Það er að segja hver þessi tíu prósent eru. Viðræðum var slitið í maí. Að því er kom fram í South China Morning Post sakaði Trump-stjórnin Kínverja um að hætta við að samþykkja lykilatriði á borð við aðgang bandarískra fyrirtækja að kínverskum markaði og verndun bandarískra hugverka. Kínverjar saka Bandaríkin aftur á móti um að breyta kröfum sínum í sífellu.

Wilbur Ross viðskiptamálaráðherra hefur áður sagt að í mesta lagi leiði fundur Xi og Trumps um helgina til þess að viðræður hefjist á ný. Tekur sum sé ekki jafndjúpt í árinni og Mnuchin.

Liu He, varaforsætisráðherra Kína og samningamaður Kínverja, ræddi við Mnuchin í síma á mánudag. Þar sammæltust þeir um að hefja viðræður á ný. Trump og Xi áttu sams konar símtal í síðustu viku þar sem þeir sögðu báðir mikilvægt að halda áfram að ræða saman.

Gao Feng, upplýsingafulltrúi viðskiptaráðuneytis Kína, varaði við áframhaldandi tollastríði fyrir helgi. „Það vinnur enginn tollastríð. Ef Bandaríkjamenn eru staðráðnir í að ráðast í einhliða aðgerðir gegn Kína mun það hafa alvarleg áhrif á þeirra eigin hagkerfi og hagsæld þjóðarinnar," hafði CCTV eftir Gao.

thorgnyr@frettabladid.is

Þeir Mnuchin, Trump og Pence hafa staðið saman gegn Kínverjum í tollastríðinu. NORDICPHOTOS/AFP

Kínverskir neytendur sniðganga Bandaríkin

Ríflega helmingur kínverskra neytenda forðast nú að kaupa bandarískar vörur vegna viðskiptadeilunnar.

Þetta eru niðurstöður könnunar breska ráðgjafarfyrirtækisins Brunswick sem Reuters greindi frá í gær. Alls sögðust 56 prósent þeirra þúsund Kínverja sem tóku þátt forðast að kaupa bandarískar vörur.

68 prósent sögðu skoðun sína á Bandaríkjunum orðna neikvæðari nú en áður en til tollastríðsins kom.

„Þetta er mikil ógn við bandarísk fyrirtæki þar sem þrír af hverjum fjórum kínverskum neytendum sögðust oft kaupa vörur bandarískra fyrirtækja," sagði í tilkynningu frá ráðgjafarfyrirtækinu.

JAGUAR

HAT-TRICK

HEIMSBÍLL ÁRSINS
HÖNNUN ÁRSINS
RAFBÍLL ÁRSINS

*Uppgefnin tala um drægi samkvæmt samræmdum mælingum WTPL staðalsins

ENNEMM / SÍA / NM93902

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR
EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Rafbíllinn Jaguar I-Pace vann nýverið til þrennra gullverðlauna á hinni virtu uppskeruhátíð bílaframleiðenda World Car Of The Year. I-Pace varð þar með fyrsti bíllinn í heiminum til að vinna þrjá flokka á sama árinu.

Vertu með þeim fyrstu sem upplifa nýjan fjórhjóladrifinn Jaguar I-PACE, 470 km drægi*, 400 hestöfl, 4,8 sek. í 100 km.

Verð frá 9.790.000 kr.

jaguarisland.is

JAGUAR
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

WINNER
WORLD CAR AWARDS
2019 WORLD CAR OF THE YEAR
2019 WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR
2019 WORLD GREEN CAR

+PLÚS

FRETTABLAÐIÐ/VALLI

Duran Duran í Laugardalshöll

Hin heimsþekkta hljómsveit Duran Duran tróð á sunnudaginn upp í Laugardalshöll en af myndunum sem ljósmyndari Fréttablaðsins tók að dæma var stemningin í algjöru hámarki. Þetta er í annað sinn sem Duran Duran spilar hér á landi, en fyrst spilaði sveitin hér 2005. Áhorfendur voru í miklu stuði en þetta gæti verið í síðasta sinn sem sveitin spilar hér á landi.

1912 kaupir meirihluta í Emmessís

Pálmi Jónsson keypti 89 prósent í Emmessís í lok apríl og selur nú meirihluta í fyrirtækinu. Kaupandinn á og rekur heildsöluna Nathan & Olsen og Ekruna. Stjórnendur 1912 sjá samlegðartækifæri í kaupunum. Tollalækkanir hafa aukið samkeppni í ís.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

1912, móðurfélag heildsölunnar Nathan & Olsen og Ekrunnar, hefur keypt 56 prósent hlut í Emmessís. Ísgarðar, félag í eigu Pálma Jónssonar, framkvæmdastjóra ísgerðarinnar, seldi hlutinn en hann heldur eftir 35 prósenta hlut. Samkeppniseftirlitið á eftir að blessa kaupin. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

1912 er í eigu Kristínar Fenger Vermundsdóttur og barna hennar, Ara Fenger forstjóra og Bjargar Fenger. Árið 2017 velti samstæðan sjö milljörðum króna og hagnaðist um 217 milljónir króna.

Stjórnendur 1912 horfa til þess að Emmessís sé öflugt vörumerki með góðar vörur. Þeir sjá einnig mikil tækifæri í samlegð innan samstæðunnar. Tækifærin í samlegð felast bæði í stoðþjónustu og dreifingu, að því er heimildir herma.

Emmessís dreifir til að mynda frystivörum í verslanir en það gerir Nathan & Olsen einnig. Það bjóði upp á ýmsa möguleika í samstarfi.

Nathan & Olsen flytur einungis inn ís frá Häagen-Dazs. Heildsalan er því ekki umsvifamikil í sölu á ís og því er talið ólíklegt að Samkeppniseftirlitið muni skerast í leikinn.

Þeir sem þekkja vel til á heildsölumarkaði vekja athygli á að Nathan & Olsen hafi umboð fyrir Unilever en keppinauturinn Kjöris flytji inn ís fá fyrirtækinu, þar á meðal ísinn Magnum. Leiða megi líkur að því að stjórnendur 1912 muni reyna að fá umboð til að selja ísinn hér á landi. Unilever framleiðir til að mynda Dove, Knorr og Cif.

Rekstur Emmessíss hefur verið þungur. Forsvarsmenn segja að rekstrarbati hafi verið á síðasta ári og árið í ár fari vel af stað.

Athygli vekur að Pálmi keypti 89 prósenta hlut í Emmessís í lok apríl af hópi fjárfesta sem leiddur var af Einari Erni Jónssyni. Um tveimur mánuðum síðar selur hann 56 prósenta hlut til 1912. Faðir Einars Arnar stofnaði Nóatún en afi Pálma stofnaði Hagkaup. Félag á vegum Gyðu Dan Johansen, sem fjárfesti í ísgerðinni á sama tíma og Einar Örn, mun áfram eiga níu prósenta hlut í Emmessís.

Rekstur Emmessíss gekk illa árið 2017 en ársreikningur síðasta árs liggur ekki fyrir. Fyrirtækið tapaði 51 milljón króna árið 2017 og eigið fé var neikvætt um 82 milljónir króna. Árið 2016 gekk mun betur en þá hagnaðist fyrirtækið um 48 milljónir króna. Veltan árið 2017 var 923 milljónir króna.

Í fréttatilkynningu vegna kaupa Pálma á meirihluta í Emmessís kemur fram að náðst hafi umtalsverður rekstrarbati á síðastliðnu ári og 2019 hafi farið vel af stað. Áætluð EBITDA, það er hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir, fyrir 2018 sé 64 milljónir króna. Til samanburðar var EBITDA ársins 2016 46 milljónir króna. Í tilkynningunni sagði að Ísgarðar muni leggja Emmessís til aukið hlutafé.

Höfuðkeppinauturinn Kjöris glímdi einnig við áskoranir árið 2017 en þá tapaði félagið 13 milljónum króna. Árið áður hafði það hagnast um 56 milljónir króna. Veltan nam 1,3 milljörðum króna árið 2017. Kjöris stendur fjárhagslega vel. Eigið fé var 405 milljónir króna við árslok 2017 og eiginfjárhlutfallið var 58 prósent.

Vert er að nefna í ljósi rekstrarbata Emmessíss á síðastliðnu ári og í ár að samkeppnin í sölu á ís jókst síðastliðið vor þegar tollar á innfluttan ís og frostpinna lækkuðu úr 30 prósentum í 18 prósent. Samhliða lækkaði magntollur á ís úr 110 krónum á kíló í 66 krónur á kíló.

Ari Fenger, forstjóri 1912.

64

milljónir er áætlað að EBITDA Emmessíss hafi verið á síðasta ári.

Íslenski markaðurinn kominn á lista MSCI

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn er kominn á athugunarlista MSCI, sem er eitt stærsta vísitölufyrirtæki heims, en það markar upphafið að samráðsferli sem lýkur í október. Ef niðurstaðan verður jákvæð verða skráð íslensk félög gjaldgeng í vísitölur MSCI í maí 2020.

Ísland verður fyrst um sinn í flokki vaxtarmarkaða (e. frontier markets) en þar á meðal eru Kasakstan, Litháen og Rúmenía. Flokkunin er endurskoðuð á hálfs árs fresti. „Það eru líkur á því að við förum upp um nokkra flokka á komandi árum og það getur haft úrslitaáhrif fyrir markaðinn," segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, í samtali við Fréttablaðið. „Þó nokkuð mikið af fjármagni í heiminum fylgir þessum vísitölum og að því leyti eru þetta gleðifréttir fyrir markaðinn."

Eins og Markaðurinn greindi frá komu fulltrúar MSCI til landsins í vor til að funda með forsvarsmönnum Fossa markaða. Þá hefur vísitölufyrirtækið rætt við þá erlendu hluthafa sem hafa gert sig gildandi á innlendum hlutabréfamarkaði á undanförnum misserum.

Íslenski markaðurinn er nú þegar á leið inn í mengi vísitölufyrirtækisins FTSE Russel í september en niðurstaðan úr samráðsferli MSCI verður tilkynnt í nóvember.

Í umfjöllun Financial Post er rætt við erlenda sjóðstjóra um málið. Andrew Brudenell hjá Ashmore Group segist ekki vera að flýta sér að fjárfesta í íslenskum hlutabréfum. Ávöxtunin hafi verið lág og fyrirtækin séu offjármögnuð.

Þetta er flott og allt það en við viljum sjá kerfisbreytingar. Við hefðum átt að vera þarna fyrir þremur árum en komumst ekki inn út af fjármagnshöftunum.

Andrew Brudenell sjóðstjóri

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.

„Þetta er flott og allt það en við viljum sjá kerfisbreytingar. Við hefðum átt að vera þarna fyrir þremur árum en komumst ekki inn út af fjármagnshöftunum."

„Ef við skoðum vaxtarmarkaðslönd þá er oft búist við tækifærum sem felast í umbótaferli," segir Julian Mayo hjá Fiera Capital. „Sjáum við fyrir okkur mikinn vöxt í hagkerfinu? Svarið er að það sé ólíklegt."

Sjóðstjórarnir segja seljanleika á íslenska markaðinum vera áskorun. Að Marel og Arion banka undanskildum sé seljanleiki fæstra félaga nægur. – tfh

Seðlabankinn tók smærra skref en markaðurinn bjóst við

Væntingar um að peningastefnunefnd Seðlabankans lækkaði vexti um 50 punkta í stað 25 varð til þess að úrvalsvísitala Kauphallarinnar lækkaði í kjölfar vaxtaákvörðunarinnar. Tónninn í stjórnendum Seðlabankans kom markaðsaðilum á óvart að sögn aðalhagfræðings Íslandsbanka.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynnti í gær ákvörðun peningastefnunefndar bankans um að lækka stýrivexti um 0,25 prósentustig niður í 3,7 prósent. Þetta var í síðasta sinn sem Már kynnir vaxtaákvarðanir nefndarinnar en hann mun láta af störfum sem seðlabankastjóri í sumar eftir 10 ár sem seðlabankastjóri.

Úrvalsvísitalan hafði hins vegar lækkað um 0,85 prósent þegar markaðurinn lokaði í gær og ávöxtunarkröfur á óverðtryggð ríkisskuldabréf höfðu hækkað um allt að 9 punkta.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, segir í samtali við Fréttablaðið að tvær meginástæður séu á bak við þessar hreyfingar á verðbréfamarkaðinum.

„Það hafði breiðst út á meðal markaðsaðila sú skoðun að það yrði stigið stærra skref en 25 punkta lækkun. Þrátt fyrir að allar opinberar spár bentu í átt að 25 punkta lækkun heyrði maður út undan sér að væntingar um 50 punkta lækkun væru að aukast og það hafði til dæmis endurspeglast í hreyfingum á skuldabréfamarkaði," segir Jón Bjarki.

Vaxtaákvörðunin var kynnt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Auk þess var tónninn í seðlabankamönnum á þá leið að hagkerfið stæði ekki endilega verr en þeir álitu það gera í maí.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka

„Auk þess var tónninn í seðlabankamönnum á þá leið að hagkerfið stæði ekki endilega verr en þeir álitu það gera í maí. Annars vegar var stigið smærra skref en margir bjuggust við og hins vegar var ekki eins eindreginn tónn um frekari lækkanir."

Í fréttabréfi greiningardeildar Arion banka er bent á það að á kynningarfundinum í gær hafi komið fram í máli aðstoðarseðlabankastjóra að kortaveltutölur og væntingar heimila og fyrirtækja bendi til meiri seiglu innlendrar eftirspurnar en áður var talið.

Samtök atvinnulífsins gáfu út að æskilegt hefði verið að stýrivextir lækkuðu meira en sem nam lækkun Seðlabankans í gær. Að mati samtakanna er mikilvægt að Seðlabankinn og stjórnvöld leggi sitt af mörkum til að milda niðursveifluna. – tfh



Skólavörðustígur 7 & 16 og Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti 98, Akureyri. Geysir.com

Gott ráð við hokinni stöðu er að færa símann nær andlitinu í stað þess að grúfa sig yfir hann

Lykillinn er hreyfing líkamans

Mikil notkun á snjalltækjum felur oft í sér kyrrsetu í langan tíma. Líkamsstaðan við notkun er oft þannig að líkaminn er boginn og höfuðið hallast fram á við. Þetta getur haft margvísleg áhrif á þessi svæði og mögulega aukinn vöxt á beinum.

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is

Það álag af símanotkun sem stoðkerfi líkamans verður fyrir fer eftir líkamsstöðunni sem viðkomandi er í við notkunina. Því miður er algengt að fólk sé hokið yfir símanum í lengri tíma og það setur vissulega aukið álag á meðal annars liði, diska og vöðva. Með tímanum getur það síðan valdið vandræðum hjá sumum, en það er einstaklingsbundið hvort það þróast yfir í að vera vandamál.

Beinagrind manna er mjög sveigjanleg. Þó að bein sem við sjáum á ýmsum söfnum og víðar séu hvít og virðist þétt þá eru bein í raun og veru bleik á litinn með æðum. Bein eru lifandi vefur og eru stöðugt að endurnýja sig. Það eru beinfrumur sem brjóta niður bein og aðrar sem byggja upp bein. Það er meðal annars þess vegna sem bein grær eftir að hafa brotnað.

BBC birti nýlega grein um aukinn vöxt á þekktu beini í hnakkanum sem hefur verið að greinast í sumu fólki. Þar til nýlega var þessi vöxtur talinn mjög sjaldgæfur. Beinið sem nabbinn vex út frá getum við fundið með því að þreifa með fingrunum á neðri bakka höfuðkúpunnar, rétt fyrir ofan hálsinn.

David Shahar, heilbrigðisvísindamaður við háskólann í Sunshine Coast í Ástralíu, sagði í samtali við BBC að á sínum 20 ára læknaferli hefði hann fyrst nú á síðasta áratug uppgötvað að sjúklingar hans bæru þennan vöxt á höfuðkúpunni. Shahar ásamt hópi vísindamanna greindi yfir þúsund röntgenmyndir af höfuðkúpum fólks á aldrinum 18-86 ára. Niðurstöður þeirra sýndu fram á að nabbarnir væru algengari en búist var við og þá sérstaklega hjá yngri aldurshópnum. Einn af hverjum fjórum á aldrinum 18-30 ára hafði þennan aukna vöxt.

Spurningin er hins vegar þessi: Má rekja vöxtinn til breyttrar líkamsbeitingar vegna notkunar á snjalltækjum?

„Bein laga sig að ýmsu álagi. Það er til dæmis mjög þekkt að bein kraftlyftingamanna hafa aukna beinþéttni og gildleika af hinu síendurtekna álagi sem er sett á þau," segir Haraldur Magnússon, osteópati og formaður Osteópatafélags Íslands. „Í þessari grein sem þú minntist á í upphafi segir að beinnabbi, sem myndist fyrir miðju hnakkabeini og finnist í auknum mæli hjá fólki, myndist fyrir tilstuðlan símanotkunar. Samkvæmt kenningunni, þá er þetta ekki ótrúlegt."

Haraldur segir að þetta geti gerst á öðrum stöðum í líkamanum þar sem óeðlilegt álag vegna togs á beini til lengri tíma getur valdið beinnabbamyndun. Eitt algengasta þekkta vandamálið er hælspori sem margir ættu að þekkja eða hafa heyrt af. „Þannig að ég yrði ekki hissa á að þessi beinnabbi á hnakkanum sé að þróast hjá fólki í auknum mæli."

Það hafa mörg vandamál verið sögð stafa af lélegri líkamsstöðu eða verða verri, en að sögn Haraldar virðast rannsóknir ekki hafa náð að tengja lélega líkamsstöðu við stoðkerfaverki.

„Það segir okkur að við getum ekki alhæft að óákjósanleg líkamsstaða valdi beint verkjum eða einhverjum öðrum vandamálum. En það breytir því ekki að margir finna fyrir óþægindum og verkjum við að sitja langtímum saman hoknir við skjáinn sem þarf að gera eitthvað í til að líða betur," segir Haraldur.

„Helstu vandamálin sem ég fæ til mín, sem fólk segir versna við að sitja eins og rækja, eru auðvitað herðavöðvabólgan, stífleiki í hálsi, milli herðablaða og í mjóbaki, höfuðverkur í hnakkasvæði og doði út í fingur. Einnig er áhugavert að mjög hokin setstaða takmarkar hreyfisvið þindarinnar þannig að öndun verður grynnri og óskilvirkari með þeim vandamálum sem því geta fylgt."

Ekki megi gleyma því að vandamálið sé ekki einungis óæskileg líkamsstaða ein og sér heldur er það einnig það hreyfingarleysi sem fylgir samhliða.

„Við erum háð reglubundinni hreyfingu til að fríska upp á stoðkerfi okkar á marga vegu þannig að það er best að taka sér reglulega hvíld frá skjánum til þess að hreyfa sig."

Koma börn í auknum mæli sérstaklega í sjúkraþjálfun vegna álags á ákveðin svæði vegna mikillar notkunar á snjalltækjum?

„Undanfarin ár höfum við verið að fá fleiri börn sem finna fyrir einkennum í höfði, hálsi og herðum. Það má oft rekja til mikillar notkunar á snjalltækjum og slæmrar líkamsstöðu við notkun. Eðlilega verður foreldrum brugðið þegar barnið þeirra kvartar undan verkjum á þessu svæði og þá sérstaklega í höfðinu. Verkirnir geta komið vegna aukinnar vöðvaspennu á þessu svæði og álags á hálsliði. En þá er mikilvægt að líta til tímans sem barnið eyðir í snjalltæki og líkamsstöðu barnsins við notkun, bæta aðstæður og leiðbeina því við notkun."

Alexandra Guttormsdóttir
sjúkraþjálfari hjá Aflinu

Þannig að ég yrði ekki hissa á að þessi beinnabbi á hnakkanum sé að þróast hjá fólki í auknum mæli.

Haraldur Magnússon osteópati

Hreyfingarleysi er eitur fyrir beinin

Halldóra Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Beinverndar, segir að hreyfingarleysi og kyrrseta sé „eitur í beinum" fyrir alla og sérstaklega þá sem eru með litla beinþéttni eða beinþynningu. Beinþynning er efnaskiptasjúkdómur í beinum og er algengust hjá konum í kjölfar tíðahvarfa og eru helstu áhrifaþættir aldur, kyn og ættarsaga. Hætta á beinþynningu eykst með hækkandi aldri og eru konur líklegri til að fá beinþynningu en karlar. Beinþynning getur einnig verið afleiðing annarra sjúkdóma eða lyfja. Þeir sem eru of grannir eða léttir eru einnig í aukinni hættu.

Halldóra Björnsdóttir.

„Mikil notkun á snjalltækjum felur í sér kyrrsetu og þá oft í langan tíma sem er mjög slæmt. Líkamsstaða okkar við notkun snjalltækja er einnig oft slæm þar sem við sitjum hokin og höfuðið lýtur fram. Það teygist á vöðvum í efri hluta baks og aftan í hálsi og brjóstvöðvar og axlavöðvar styttast. Þetta getur leitt af sér álag á hryggjarsúluna og stoðkerfið verður stirt af hreyfingarleysinu," segir Halldóra.

„Í æsku eru frumurnar sem byggja upp bein öflugri en frumurnar sem brjóta niður bein. Þess vegna stækkar beinagrindin og styrkist. Rétt fyrir kynþroska taka beinin út mikinn vaxtarkipp, þau stækka og þéttast. Hámarks beinþéttni næst upp úr tvítugu. Þess vegna er mikilvægt að huga vel að hreyfingu og næringu á þeim árum til þess að hámarksbeinþéttni verði náð."

Beinin þurfa örvun eða áreiti sem felst í líkamsþjálfuninni og þau svara þeirri örvun með aukinni beinmyndun.

Halldóra Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Beinverndar

Halldóra segir að það sé mikilvægt að hlúa að beinunum okkar með hæfilegri hreyfingu og hollum mat, forðast reykingar og áfengi.

„Fjölbreytt og næringarrík fæða sem inniheldur nóg af D-vítamíni, kalki og próteinum auk K-vítamíns og magnesíums er góð fyrir beinin. Líkamleg hreyfing skiptir öllu máli. Hreyfing sem felur í sér að við höldum uppi okkar eigin líkamsþyngd eins og göngur, skokk, hlaup, dans og boltaíþróttir," segir Halldóra. „Beinin þurfa örvun eða áreiti sem felst í líkamsþjálfuninni og þau svara þeirri örvun með aukinni beinmyndun. Það er fylgni á milli stæltra vöðva og sterkra beina. Það er aldrei of seint að huga að heilbrigði beina sinna en forvörn í æsku á meðan líkaminn er að taka út vöxt og þroska er mikilvæg. Einnig er mikilvægt að huga að beinunum á efri árum."

WWW.BILALAND.IS

Tilboðsbílar á góðu verði

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

SUBARU Outback Premium Eyesight
Nýskr. 07/15, ekinn 78 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.590.000 kr.

TILBOÐ!
3.190.000 kr.
***41.039 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

NISSAN Qashqai N-Connecta 4wd
Nýskr. 07/17, ekinn 19 þ.km, dísil, 6 gírar.
Verð 3.990.000 kr.

TILBOÐ!
3.390.000 kr.
***43.588 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

HYUNDAI I10 Classic
Nýskr. 03/16, ekinn 20 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð 1.350.000 kr.

TILBOÐ!
990.000 kr.
***13.000 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

VW Golf Variant Comfortline
Nýskr. 05/17, ekinn 99 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.390.000 kr.

TILBOÐ!
1.690.000 kr.
***21.921 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

NISSAN Juke Acenta Plus 4wd
Nýskr. 04/17, ekinn 56 þ.km, bensín, 190 hö, sjálfskiptur.
Verð 3.290.000 kr.

TILBOÐ!
2.690.000 kr.
***34.666 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

DACIA Duster Plus 4wd
Nýskr. 05/17, ekinn 19 þ.km, dísil, 6 gírar.
Verð 2.790.000 kr.

TILBOÐ!
2.490.000 kr.
***32.117 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

NISSAN Qashqai Acenta 4wd
Nýskr. 07/16, ekinn 57 þ.km, dísil, 6 gírar
Verð 3.190.000 kr.

TILBOÐ!
2.490.000 kr.
***32.117 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

BMW X1 Xdrive18d
Nýskr. 05/17, ekinn 41 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.590.000 kr.

TILBOÐ!
3.890.000 kr.
***49.960 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

HYUNDAI I20 Premium
Nýskr. 09/17, ekinn 21 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð 2.490.000 kr.

TILBOÐ!
2.090.000 kr.
***27.019 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

LAND ROVER Discovery Sport HSE
Nýskr. 04/16, ekinn 30 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.490.000 kr.

TILBOÐ!
5.990.000 kr.
***76.725 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

ENNEMM / SÍA / NM94684

Ástandsskoðun **Fjármögnun á staðnum** **Allt að 80% lán** **Lykill**

RENAULT Kadjar Bose 2wd
Nýskr. 04/17, ekinn 14 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.890.000 kr.

HYUNDAI Ioniq Premium 28kw
Nýskr. 04/18, ekinn 18 þ.km, rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 3.890.000 kr.

SUBARU Forester Lux
Nýskr. 03/18, ekinn 10 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 5.490.000 kr.

NISSAN Navara Tekna
Nýskr. 06/18, ekinn 15 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.990.000 kr.

HYUNDAI Tucson Classic 4wd
Nýskr. 07/18, ekinn 55 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr.

Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Bílaland – Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland

Hættur fyrir heilsuna

Þegar maður horfir um öxl á tækninýjungar sem hafa orðið á undanförnum árum er ekki hægt annað en að dást að elju og uppfinningasemi okkar mannanna. Margar af þessum nýjungum hafa valdið algerum straumhvörfum í lífi okkar, ekki síst á Vesturlöndum þar sem lífslíkur hafa aldrei verið meiri. Möguleikar læknisfræðinnar aukast ár frá ári í að takast á við sjúkdóma og heilsufarsleg vandamál en þar leikur þróun meðferða, lyfja og tækjabúnaðar aðalhlutverkin auk fjölda umhverfisþátta.

En það er hægt að velta þessu á annan hátt fyrir sér og segja að þrátt fyrir ótrúleg tækifæri til að sigrast á sjúkdómum með tækninýjungum, þá geta þær haft hættuleg lýðheilsufarsleg vandamál í för með sér. Ef við skoðum þá hluti sem okkur þykja sjálfsagðir í dag og teljast til þæginda nútímans þá má segja að þar fari líklega einar hættulegustu uppfinningar fyrir heilsuna sem við þekkjum.

Tökum sjónvarpið sem dæmi, uppfinningin er orðin rúmlega hundrað ára, en segja má að almenn notkun hafi byrjað fyrir nokkrum áratugum og í dag getum við varla hugsað okkur að vera án þess. Við eyðum vitaskuld mismiklum tíma á rassinum fyrir framan imbakassann en rannsóknir í Bandaríkjunum sýna að meðaláhorf einstaklings er 34 klukkustundir á viku, en fer í allt að 48 klukkustundir hjá 65 ára og eldri. Notkun tölvuleikja, spjaldtölva og snjallsíma hefur svo bæst við hjá yngri kynslóðinni og aukist verulega undanfarin ár.

Það þarf engan lækni til að sjá samhengið á milli hreyfingarleysis, offitu, lífsstílssjúkdóma og sjónvarpsgláps. Öllum er ljóst að við erum að fást við faraldur lífsstílssjúkdóma sem er tilkominn að hluta vegna þeirra nútímalegu þæginda sem við búum við.

Síminn er eldri uppfinning sem gjörbylti samskiptum milli fólks forðum og enn frekar þegar farsíminn kom og síðar veraldarvefurinn. Nú þykir ekkert tiltökumál að hverfa aftur til morslíkra samskipta með nýyrðum í sms-sendingum unglinga sem kalla mætti afturhvarf þróunarinnar. Streita og álag sem fylgir því að vera stöðugt í netsambandi, svara textaskilaboðum og tölvupósti ýta líklega undir félagslega einangrun, vanlíðan og gervinánd frekar en hitt og eykur örugglega ekki samskiptahæfni einstaklinga. Fjarlægðin sem internetið veitir getur ýtt undir lægri hvatir, einelti og dómgreindarleysi í nafnlausri umræðu hinna huglausu. Þá má ekki gleyma þörf okkar nútímafólks fyrir að sýnast á Facebook og eyða tíma í að „hnýsast“ í málefni náungans á áður óþekktan máta.

Misvísandi upplýsingar um skaðsemi notkunar gera okkur enn erfitt fyrir en ljóst er að allar þær rafsegulbylgjur sem umlykja okkur allan liðlangan daginn ýta ekki undir heilbrigði okkar nema síður sé. Þá hafa umhverfisáhrif, reykingar, áfengi, mataræði, hreyfing, almennur aðbúnaður og aðgengi að heilbrigðisþjónustu sitt að segja. Tíðni krabbameina á heimsvísu samkvæmt World Cancer Research Fund er algengara í þróuðum löndum, en meðaltal allra meina er 1,7 sinnum hærra þar en í vanþróuðum ríkjum án þess að vitað sé um fullnægjandi skýringar. Sé horft til dauðsfalla á heimsvísu telur alþjóðaheilbrigðismálastofnunin að rúmlega 60% þeirra megi rekja til svokallaðra lífsstílssjúkdóma og fara þær tölur hækkandi. Svo eru nýjar tölur sem segja okkur að við fáum einnig verulegan stoðkerfisvanda vegna notkunar slíkra tækja og jafnvel beinvöxt. Það má því með nokkurri kaldhæðni segja að uppfinningarnar létti daglegt líf og geri það þægilegra, en á sama tíma ýta þær undir leti, ofát og hreyfingarleysi sem drepur okkur í meiri mæli en við höfum áður þekkt. Þess vegna eru þessar uppfinningar hættulegar heilsunni. Verum meðvituð um jafnvægi og það að nýta þær okkur til góðs. Hugsum um heilsuna og eigið líf, berðu virðingu fyrir líkama þínum svo hann endist þér vel og lengi.

Öllum er ljóst að við erum að fást við faraldur lífsstílssjúkdóma sem er tilkominn að hluta vegna þeirra nútímalegu þæginda sem við búum við.

Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is



Kyrrseta er vandinn

Snjalltæki eru til mikilla þæginda í nútímalífi. Slæm líkamsbeiting er þó kannski ekki tækjunum sjálfum að kenna heldur þarf að minna á hreyfingu.

Þau einkenni sem oftast eru rakin til snjalltækjanotkunar eru verkir í hálsi, herðum og brjóstbaki. Það er þó erfitt að alhæfa um þátt snjalltækja í öllum tilfellum. Að sitja í símanum er ekkert frábrugðið því að sitja og lesa eða sitja og sauma út. Þetta segir Gunnlaugur Jónasson, sjúkraþjálfari í Gáska.

Höfuðið er þungt og hálsinn er mjór og fyrir hvern sentímetra sem við færum höfuðið fram eykst álagið á vöðva aftanvert í hálsinum við að halda því uppi um tvö kíló. Það er því talsvert auðveldara að halda 100 gramma síma uppi í augnhæð. Veigamesti þátturinn er þó tíminn sem við eyðum í tækjunum.

„Við sjáum þessi tilfelli reglulega hjá okkur. En þegar við handfjötlum eitthvað eða vinnum með höndunum viljum við horfa á það sem við erum að gera og skiptir þá engu hvort við erum með síma, bók eða saumnál í kjöltunni. Sú vinnustelling hefur fylgt mannskepnunni í árþúsundir. Það er ekki skaðlegt að sitja stundum hokin með hangandi höfuð í stutta stund. Þannig sátum við fyrir 30 árum þegar við lásum bækur og þannig sátum við líka fyrir 100.000 árum þegar við kveiktum eld. Það er ekki fyrr en við förum að gera það klukkutímunum saman sem það getur farið að hafa skaðleg áhrif,“ segir Gunnlaugur.

„Það sem skiptir ekki minna máli er hvað við gerum þegar við erum ekki í símanum. Sitjum við þá við skrifborðið fyrir framan tölvuna? Uppi sófa að horfa á sjónvarpið? Í bílnum? Það er kannski þetta sem gerir okkur einna helst frábrugðin fyrri kynslóðum og gerir þetta að vandamáli nú til dags. Kyrrsetan er vandamálið en ekki tækin sem við notum á meðan við sitjum kyrr. Líkaminn er hannaður til að vera á hreyfingu, ef við værum hönnuð fyrir kyrrstöðu þá hefðum við ekki fengið liðamót.“

Bein eru lifandi vefur. Við langvarandi álag eða tog frá vöðvum getur beinmyndun vissulega aukist á tilteknu svæði og þekkist víðsvegar í líkamanum.

„Því má t.d. líkja við þegar húð er undir endurteknu álagi, þá myndast sigg, rétt eins og í lófum þeirra sem vinna mikið í höndunum eða á fingurgómum gítarleikara. Það hvort slíkar beinmyndanir valdi verkjum er hins vegar allt annað mál og alls ekki sjálfgefið að svo sé. Í það minnsta liggja engar rannsóknir fyrir sem sýna fram á skýrt orsakasamhengi þar á milli,“ segir Gunnlaugur. Hann segir að það heyrist iðulega að sjúkraþjálfarar sem fáist við stoðkerfisvanda brýni rétta líkamsstöðu fyrir fólki en hins vegar sé þó engin staða það góð að það sé hollt fyrir líkamann að vera í henni endalaust.

„Það sem er mikilvægast í álagsstjórnun er að viðhalda þeirri hreyfigetu sem við búum yfir eins lengi og kostur er til að draga úr líkum á óæskilegu álagi á líkamann seinna meir.“

Mikilvægt að virkja börn í hreyfingu og útiveru

Guðrún Katrín Jóhannesdóttir ráðgjafi.

Spjaldtölvur og snjalltæki fanga athygli margra barna og sumum getur reynst erfitt að fá börnin sín úr þessum tækjum. Sumarið er kjörinn tími til að virkja börn í útiveru.

„Foreldrar ættu að hvetja börnin sín til að fara út að leika og eiga bein samskipti við aðra krakka sem skiptir verulegu máli varðandi félagslega færni. Þau hafa gott af því að nota hugmyndaflugið til að finna sér eitthvað að gera úti við og svo er auðvitað ekki úr vegi fyrir foreldra að skreppa út með börnunum og rifja upp gamla leiki. Það getur verið svolítið skemmtilegt og styrkt tengslin við krakkana um leið,“ segir Guðrún Katrín Jóhannesdóttir, ráðgjafi hjá Forvörnum og Streituskólanum.

Hún segir það mikilvægt að takmarka skjátíma barna og unglinga og gott að gera það með því að miða við vissan tíma á dag. Eins sé sniðugt að draga úr notkuninni með því að setja reglur eins og að sleppa skjátækjum við matarborð, inni á baðherbergi, í bílferðum og klukkustund fyrir svefn.

„Þegar litið er til æskilegs skjátíma fyrir börn er gott að skoða viðmið sem amerísku barnalæknasamtökin hafa gefið út. Þar er talað um að börn sem eru yngri en 18 mánaða ættu ekki að vera fyrir framan skjá nema þá í þeim tilgangi að eiga samskipti í gegnum myndspjall. Þá er mælt með að eldri börn horfi einungis á hágæða efni og þá með foreldrum sínum sem útskýra fyrir þeim hvað þau séu að horfa á og hjálpi barninu að setja það í samhengi við umhverfi sitt allt eftir þroska þess.“

Hvað daglegan áhorfstíma varðar er hann ekki tilgreindur fyrir börn 18 mánaða til 2 ára. Hins vegar er miðað við klukkustund á dag fyrir börn 2 til 5 ára. Börn sem eru 6 ára og eldri ættu að fá takmarkaðan tíma til að vera fyrir framan skjá. Foreldrum er ráðlagt að fylgjast með því sem börnin eru að gera við skjáinn og sjá til þess að skjátími komi ekki í veg fyrir nægan svefn og líkamlega virkni.

„En það er einmitt viss kúnst að ná jafnvægi milli þessara þátta og þar gegna foreldrar mikilvægu hlutverki. Með því að kenna börnum heilbrigða og hófsama skjánotkun leggja foreldrar grunn að góðum venjum þegar kemur að heilsu barna sinna sem getur skipt miklu máli varðandi lífsgæði þeirra seinna á ævinni,“ segir Guðrún Katrín.

Að sitja í símanum er ekkert frábrugðið því að sitja og lesa eða sitja og sauma út.

Gunnlaugur Jónasson sjúkraþjálfari

PIER

RÝMINGARSALA

PIER

SMÁRATORGI

50-70%

AFSLÁTTUR*

NÝJAR VÖRUR DAGLEGA

70% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM PÚÐUM

MATAR- OG KAFFISTELL
60% AFSLÁTTUR

VERSLUNIN FLYTUR Á KORPUTORG

AFSLÁTTUR GILDIR AÐEINS Á SMÁRATORGI

A WORLD OF INSPIRATION
PIER
BRINGING IT HOME

www.pier.is

Gildir 27. júní - 3. júlí. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

SMÁRATORG	KORPUTORG	SELFOSS
LAU 10-18	LAU 12-18	LAU 10-18
SUN 12-18	SUN 12-18	SUN 12-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30	VIRKIR DAGAR 11- 18:30	VIRKIR DAGAR 11- 18:30

TILVERAN

68% hafa áhyggjur af hlýnun jarðar

Alls segjast tæplega 70 prósent Íslendinga hafa frekar eða mjög miklar áhyggjur af hlýnun jarðar. Aðeins 11 prósent segjast hafa frekar eða mjög litlar áhyggjur.

Í nýjustu könnun MMR var spurt um viðhorf almennings til hlýnunar jarðar og hvort þau hefðu áhyggjur af henni. Á niðurstöðum má sjá að konur hafa meiri áhyggjur en karlar, en alls sögðu 76 prósent kvenna hafa frekar eða mjög miklar áhyggjur, samanborið við 60 prósent karlmanna.

Ef litið var til aldurs höfðu mestar áhyggjur þau í elsta og yngsta aldurshópnum. Í hópi þeirra sem eru á aldrinum 18 til 29 ára sögðust 77 prósent hafa frekar eða mjög miklar áhyggjur. Af þeim sem eru 68 ára og eldri sögðust 70 prósent hafa frekar miklar eða miklar áhyggjur. Þar á milli voru um 64 til 65 prósent sem sögðust hafa áhyggjur.

» Ef litið var til aldurs höfðu mestar áhyggjur þau í elsta og yngsta aldurshópnum.

Aðeins þriðjungur hefur jafnlaunavottun

Minna en fjórðungur þeirra fyrirtækja og stofnana sem samkvæmt lögum ber að verða sér úti um jafnlaunavottun fyrir lok þessa árs hefur hlotið vottun. Jafnlaunavottun var lögfest í júní árið 2017 og felur hún í sér að öllum fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 manns á ársgrundvelli beri að gæta þess að ekki sé mismunun í launum eftir kyni.

Fyrsti áfangi laganna nær til fyrirtækja og stofnana þar sem starfa 250 manns eða fleiri og ber þeim fyrirtækjum að öðlast jafnlaunavottun fyrir 31. desember 2019. Fyrirtæki af þeirri stærðargráðu eru 289 talsins hér á landi og einungis 66 þeirra hafa öðlast vottunina.

Heimild er til að beita dagsektum, allt að fimmtíu þúsund krónum á dag, hafi þessi fyrirtæki ekki hlotið jafnlaunavottun fyrir lok þessa árs. En samkvæmt svari frá Jafnréttisstofu við fyrirspurn Fréttablaðsins, verður dagsektum ekki beitt nema að vel ígrunduðu máli.

Vikan

Það sem bar hæst í fréttum í vikunni var líklega sykurskatturinn sem heilbrigðisráðherra boðaði. Minna en fjórðungur fyrirtækja hefur hlotið jafnlaunavottun og fjölmargir Íslendingar hafa áhyggjur af hlýnun jarðar.

Frekari lækkun stýrivaxta sé æskileg

Samtök atvinnulífsins segja að æskilegt hefði verið að stýrivextir hefðu lækkað meira en sem nam lækkun Seðlabankans í gær. Það hefði verið æskilegra að tryggja slaka í aðhaldi peningastefnunnar í ljósi þess efnahagsslaka sem sé fram undan.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands lækkaði stýrivexti úr 4 prósentum í 3,75 prósent. Er þetta önnur vaxtalækkun bankans á skömmum tíma en vextir lækkuðu um 0,5 prósent í lok maí sl.

„Það er bæði nauðsynlegt og æskilegt að vextir lækki áfram á næsta vaxtaákvörðunarfundi sem verður haldinn 28. ágúst nk. Gefið er að verðbólguvæntingar haldist áfram nálægt verðbólgumarkmiði Seðlabankans," sögðu samtökin í tilkynningu.

Már Guðmundsson kynnti vaxtaákvörðun Seðlabankans í síðasta sinn í gærmorgun en hann mun láta af störfum í sumar eftir 10 ára starf.

Sykurskatturinn leggst misvel í landann

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra kynnti fyrir ríkisstjórninni áætlun um aðgerðir til að draga úr sykurneyslu landsmanna, á fundi ríkisstjórnarinnar síðasta föstudag. Ákveðið var að skipa starfshóp sem falið verður að innleiða áætlunina en Embætti landlæknis setti áætlunina upp. Þetta kemur fram í tilkynningu á vef Stjórnarráðsins.

Ráðherrann birti grein í Morgunblaðinu í dag þar sem fjallað er nánar um málið. „Það er mín skoðun að skattlagning ætti að vera ein af forgangsaðgerðum stjórnvalda til að fyrirbyggja langvinna sjúkdóma," segir Svandís og búast má þannig við að einhvers konar sykurskatti verði aftur komið á en slíkur skattur var í gildi árin 2013-2015.

Samtök um líkamsvirðingu hafa gagnrýnt ummæli Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra sem hún lét falla í grein sinn í Morgunblaðinu á mánudaginn. Samtökin segja ráðherrann kynda undir fitufordómum með því að taka feitt fólk út fyrir sviga.

Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins

Nýjar, vandaðar 2ja til 5 herbergja lúxusíbúðir á einstökum útsýnisstað í nýju húsi við Kirkjusand, nálægt miðborg Reykjavíkur, eru komnar í sölu. Kirkjusandur, Stuðlaborg, er 77 íbúða bygging með fimm stigagöngum og verður eitt vandaðasta íbúðarhúsið í hverfinu. Innréttingar og tæki eru af viðurkenndum og vönduðum gerðum. Borðplötur innréttinga verða úr kvartssteini. Gólfhitakerfi verður í öllum íbúðum og njóta gólfsíðir gluggar byggingarinnar sín þannig eins og best verður á kosið. Öll rými verða að fullu loftræst inn og út og þarf því ekki að opna glugga til að fá ferskt loft inn í íbúðarrými. Loftræstingin tryggir betri loftgæði og er góð vörn gegn raka og ryki. Hljóðvist í húsinu er í hávegum höfð hvort sem um er að ræða hljóð að utan eða á milli íbúða hússins. Uppbygging útveggja og þaks sem og hljóðeinangrun glugga er eins og best verður á kosið að teknu tilliti til hljóðvistar. Alls verða bílastæði fyrir rúmlega 1.200 bifreiðar í sameiginlegri bílageymslu undir svæðinu, þar sem auðvelt aðgengi verður að rafhleðslustöðvum.

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

Naturli' lífræn plöntumjólk 1l

317 kr

Capri Sun
5x200 ml

227 kr
(45 kr stk)

Fazer Sælgæti

127 kr
Pokinn

Vínber græn
500 gr

499 kr

SUPER 1
HALLVEIGARSTÍG 1

SUPER 1
FAXAFENI 14

SUPER 1
SMIÐJUVEGI 2

OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA

Hornatær séðar frá Bíldudal. MYND/TG

Tærnar sem hann Hrafna-Flóki kvaddi

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Eitt af skemmtilegri örnefnum á Íslandi er Hornatær á sunnanverðum Vestfjörðum. Þetta eru fjórir fjallstindar sem raða sér upp á hálendinu milli Vatnsfjarðar og Trostansfjarðar inn af Arnarfirði. Skörð í fjallgarðinum gera að verkum að hann líkist tám sem sjást víða að, m.a. frá Snæfellsnesi. Nyrst er Ýsufell (703 m), síðan kemur Breiðafell sem er hæst (747 m), því næst Klakkur (699 m) sem er tilkomumestur og brattastur og loks Ármannsfell (706 m).

Talið er að Hornatær og nágranni þeirra aðeins norðar, Lómafell, hafi verið sker sem stungust upp úr ísaldarjöklinum sem hvarf fyrir 10.000 árum síðan. Best sjást Hornatær úr Arnarfirði, sérstaklega frá Bíldudal. Þaðan minna þær óneitanlega á kórónu, enda oft nefndar Kóróna Vestfjarða. Tærnar og Lómatindur tengjast norska víkingnum Flóka Vilgerðarsyni sem er betur þekktur sem Hrafna-Flóki. Hann sigldi til Íslands frá Noregi, sennilega í kringum 870, með hrafna sína þrjá. Þá notaði hann til að finna eyjuna í norðri sem sænskur kollega hans, Garðar Svavarsson, hafði heimsótt nokkrum árum áður og kallaði Garðarshólma. Hrafna-Flóki nam land í Vatnsfirði sem reyndist fullur af fiski. Stundaði hann því veiðar af kappi með föruneyti sínu og skeytti lítt um heyskap fyrir veturinn. Drapst því kvikfé hans yfir háveturinn en þegar voraði gekk Flóki á fjall eitt mikið sem sennilega var ein Hornatánna eða Lómatindur. Segir í Landnámu: „Vár var heldr kalt. Þá gekk Flóki upp á fjall eitt hátt ok sá norðr yfir fjöllin fjörð fullan af hafísum, því kölluðu þeir landit Ísland, sem það hefur síðan heitir.“ Hann hélt síðan með föruneyti sínu aftur til Noregs og bar sig illa en nafnið Ísland festist við landið sem hafði reynst honum svo illa.

Það er gaman að ganga á Hornatær þótt stundum sé gönguleiðin ójöfn og grýtt. Auðvelt er að ná einni tá á hálfum degi en ef gengið er á allar fjórar veitir ekki af heilum degi. Auðveldast er að hefja gönguna frá akveginum í Helluskarði milli Vatnsfjarðar og Trostansfjarðar en fleiri leiðir eru í boði, t.d. af vegi norðvestur af Breiðafelli. Klakkur er tilkomumestur með ókleifum kletti efst en hinar tærnar þrjár eru auðveldari uppgöngu. Einnig er hægt að ganga niður í skörðin og gægjast út eftir Arnarfirði eða suður í Breiðafjörð. Í góðu veðri sést af Tánum suður á Snæfellsnes þar sem Ljósufjöll, Helgrindur og Snæfellsjökull eru í aðalhlutverkum. Hafís er hins vegar sjaldséður og spurning hvort Hrafna-Flóki hafi ekki verið að ýkja til að finna sér ástæðu til að kveðja Klakann.

Fókus á hjarta landsins

Útsýni ofan skýja af Ýsufelli yfir á Breiðafell. MYND/TG

Hornatær í fjarska með hluta Ketildala og Arnarfjörð í forgrunni. MYND/TG

bauhaus.is

BAUHAUS®

BORGARPLAST
www.borgarplast.is

Heitur pottur

Potturinn er fyrir 4-5 fullorðna og tekur 1250 l af vatni. Framleiddur úr Polythylene sem er endurvinnanlegt efni. Íslensk hágæða framleiðsla. Sandsteinsgrár. Lok fylgir ekki en hægt að kaupa aukalega. Lokið má líka nota sem vaðlaug. Vara til á lager.

197.995.-

Heitir pottar í miklu úrvali

Tilboðsverðin gilda til og með mánudeginum 1. júlí 2019.

DenForm®

Montana heitur pottur

Stærð 212 x 212 x 84 cm. Sæti fyrir 6 persónur. 45 nuddstútar. Sérlega stór, rúmgóður og slitsterkur rafmagnspottur. Góður hnakkastuðningur er í pottinum, honum fylgir góð lýsing, sía og lok. Ozon hreinsikerfi. Dönsk hönnun og framleiðsla. Sérpantanir.

829.995.-

DenForm®

Hawai heitur pottur

Stærð 203 x 89 cm (þv. x hæð). Sæti fyrir 6 persónur. 23 nuddstútar. Mjög rúmgóður og slitsterkur rafmagnspottur. Með lýsingu, síu, loki og tröppu. Ozon hreinsikerfi. Ipod/Mp3 tengi. Dönsk hönnun og framleiðsla. Sérpantanir.

849.995.-

DenForm®

California heitur pottur

Okkar vinsælasti pottur. Stærð 200 x 200 x 82 cm. Sæti fyrir 6 persónur. 21 nuddstútur. Mjög slitsterkur rafmagnspottur. Með lýsingu, síu og loki. Ozon hreinsikerfi. Dönsk hönnun og framleiðsla. Sérpantanir.

469.995.-

~~499.995.-~~

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Uppeldið

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Stjórnmálamenn lifa margir hverjir í þeim misskilningi að það sé hlutverk þeirra að ala þjóð sína upp og venja hana á góða siði. Þannig er einstaklingum ekki treyst til að velja hvernig þeir haga lífi sínu, það þarf að velja fyrir þá.

Hugmynd um sykurskatt, sem heilbrigðisráðherra hefur kynnt í ríkisstjórn, samkvæmt tillögum Landlæknisembættisins, er einmitt af þessum toga. Landlæknir vill vitaskuld hafa landsmenn á heilsufæði allan ársins hring en stjórnmálamenn eiga ekki að kasta sér á svo óraunhæfar hugmyndir. Nú þykir brýnt að koma í veg fyrir að almenningur, sem er talinn vera á stöðugum villigötum, láti slatta af sykri inn fyrir sínar varir. Til að gera fólki erfiðara fyrir þykir þjóðráð að leggja skatt á vöruna. Um leið er þeim skilaboðum komið áleiðis til verslunareigenda að best sé að varningurinn sé ekki áberandi í versluninni því það geti leitt almenning í freistni. Ekki þykir við hæfi að spyrja hvort einhverjir vilji láta freistast. Heilagleikinn í málflutningnum leyfir ekki þá hugsun að einstaklingur hafi til dæmis einbeittan vilja til að kaupa sér þann undursamlega drykk sem sykrað kók sannarlega er og þamba það af mikilli ánægju heima hjá sér. Nauðsynlegt þykir að koma vitinu fyrir slíkan einstakling. Ef fortölur duga ekki þá er ein leið að hækka vöruna þannig að hann neyðist til að víkja frá þeim sykraða lífsstíl sem hann hefur tamið sér – og reyndar haft gríðarlega ánægju af. Sú lausn er valin að hækka verð á kókdós í þeirri von að almenningur kaupi sér gulrætur í staðinn og japli á þeim. Sjálfsagt þykir einhverjum þetta fýsileg mynd en það er ekki sjálfgefið að hún verði að raunveruleika.

Staðreyndin er auðvitað sú að þeir sem hafa mikið milli handanna láta sig engu skipta hvort varan sem þeir vilja hafi hækkað eitthvað, það eru hinir sem lítið eiga sem verða að hugsa sig um tvisvar. Sykurskattinn mætti því vel kalla fátækraskatt.

Íslenskir stjórnmálamenn myndu gera þjóðinni mikið gagn ef þeir létu af því að reyna að ala hana upp og leyfa henni að bera ábyrgð á sjálfri sér. Uppeldisstarf fer þeim ekki vel enda byggist það að megninu til á alls kyns þvingunum og höftum sem eru til stöðugra leiðinda.

Nú verður afar fróðlegt að fylgjast með því hvort þeir þingmenn sem vilja að þjóðin hafi það sjálfsagða val að geta keypt sér bjór og léttvín í matvöruverslunum muni styðja hugmyndina um sérstakan sykurskatt og lenda um leið í hróplegri mótsögn við sjálfa sig. Slíkt hefur reyndar ekki vafist sérlega mikið fyrir þingmönnum þjóðarinnar því þeir eru þaulvanir að haga seglum eftir vindi. Langlíklegast er að einhverjir þeirra eigi trúnaðarsamtal við sannfæringu sína og fái hana til að beygja sig undir hina þvingandi forsjárhyggju. Heldur aumlegt hlutskipti þeirra þingmanna sem stöðugt eru með orð á vörum um frelsi einstaklingsins til orða og athafna.

Stjórnmálamenn mættu muna að stundum gera þeir mest gagn með því að láta þjóð sína í friði.

Staðreyndin er auðvitað sú að þeir sem hafa mikið milli handanna láta sig engu skipta hvort varan sem þeir vilja hafi hækkað eitthvað.

Halldór

Frá degi til dags

Er í vinnslu ...
Aukinn kraftur er kominn í kynningarmál í fjármálaráðuneytinu. Efni til að setja inn á vefinn hefur hreinlega hlaðist upp. Undir flokknum „ræður og greinar Bjarna Benediktssonar“ er loks búið að setja inn ræðu ráðherrans frá 1. ágúst 2018. Þetta er allt að koma.
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir dómsmálaráðherra hefur flutt tvær ræður í tíð sinni, báðar í maí. Hún hefur þó flutt öllu fleiri sem ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar.

Hamingjuball fyrir Pírata
Þetta hafa verið þungir dagar hjá Pírötum að undanförnu. Þeir hafa talað mikið um skort á siðferði á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Því er óheppilegt að forsætisnefnd Alþingis hafi nú tekið undir niðurstöður siðanefndar Alþingis þess efnis að Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, hafi brotið siðareglur Alþingis. Til þess að bæta móralinn mætti benda Pírötum á bæjarhátíðina Hamingjudaga á Hólmavík sem stendur yfir þessa dagana. Þar er bæjarforingi Þorgeir Pírataframbjóðandi Pálsson. Á laugardag mun Hljómsveitin Strandabandið taka nokkur lög og verðlaun verða veitt fyrir Hamingjuköku ársins. Um kvöldið verður svo Hamingjuball. Þar ættu Píratar að fjölmenna. arib@frettabladid.is

Grænir skattar eru loftslagsmál

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Urðunarskattur og skattur á flúorgös eru mikilvægar loftslagsaðgerðir og marka vatnaskil.

Til að takast á við hamfarahlýnun þurfum við margs konar lausnir. Ein þeirra er ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að koma á fót grænum sköttum sem hvetja til umhverfisvænni ákvarðana. Þetta er mikilvæg loftslagsaðgerð sem markar vatnaskil.

Urðunarskattur dregur úr losun

Það að urða úrgang er versti kosturinn í úrgangsmálum fyrir loftslagið. Best er að draga úr neyslu, þá að nota hlutina aftur (t.d. gera við þá eða kaupa notaða hluti) og því næst að endurvinna úrganginn (breyta t.d. plasti aftur í plast). Þar á eftir kemur endurnýting (m.a. að breyta úrganginum í orku) og allra sísti kosturinn er síðan urðun. Þegar úrgangur er urðaður myndast gróðurhúsalofttegundir og raunar er slík losun alls um 7% af þeirri losun sem er á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Með því að skattleggja urðun, líkt og nú verður gert, myndast hvati til að nota hluti aftur og endurvinna. Það skiptir miklu. Minna er urðað og þá dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Hingað til hefur verið alltof ódýrt að losa sig við óflokkaðan úrgang og hvatinn til að koma í veg fyrir urðun ekki verið til staðar en þetta mun nú breytast.

Önnur mikilvæg loftslagsaðgerð felst í að skattleggja sérstaklega svokölluð F-gös: Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem m.a. eru notaðar sem kælimiðlar í kælikerfi í iðnaði. Flúorgösin eru manngerð og valda gróðurhúsaáhrifum. Losunin vegna þeirra er einnig um 7% af þeirri losun sem við þurfum að standa skil á gagnvart Parísarsamningnum. Til eru aðrar lausnir en umræddir kælimiðlar. Með grænum skatti á flúorgös drögum við úr notkun efna sem eru slæm fyrir loftslagið og hröðum nauðsynlegri útfösun þeirra hér á landi. Nákvæm útfærsla beggja skattanna er nú fram undan en báðir eru þeir þýðingarmiklir fyrir loftslagið og hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Linkind gagnvart fjárböðun

Í DAG

Þorvaldur Gylfason

Róm – Ítalar hafa marga fjöruna sopið á langri leið. Landið varð fasismanum að bráð 1922 og beið ósigur ásamt Þjóðverjum og Japönum í síðari heimsstyrjöldinni. Þá tók við langt vaxtarskeið sem lyfti lífskjörum Ítala þar til flokkakerfið sprakk af spillingu 1992-1994. Meira en helmingur þingmanna sætti ákæru fyrir lögbrot. Aðeins einn gamall þingflokkur starfar enn undir óbreyttu nafni. Sumir hugguðu sig við að Seðlabanki Ítalíu hefði þó allavega hreinan skjöld. Svo fór þó að Antonio Fazio seðlabankastjóri 1993-2005 fékk 4ra ára fangelsisdóm 2011 fyrir spillingu auk hárrar fjársektar (1,5 milljónir evra).

Silvio Berlusconi, þekktur gangster og súlustaðasöngvari, gekk á lagið. Hann var forsætisráðherra Ítalíu í níu ár af 18 frá 1994 til 2011. Lífskjör Ítala hafa frá aldamótum dregizt langt aftur úr kjörum Frakka og einkum Þjóðverja. Spilling hamlar lífskjörum og stöðugleika en hún hefur dvínað síðan Berlusconi fór frá völdum. Nú situr 66. ríkisstjórn Ítalíu frá 1946.

Helmingi fleiri Ítalar treysta þinginu í Róm (27% skv. Eurobarometer) en Íslendingar treysta Alþingi (18% skv. Gallup). Lýðræði hrakaði á Ítalíu í stjórnartíð Berlusconis en lýðræðiseinkunnin sem Freedom House gefur ítölsku lýðræði hefur haldizt á bilinu 88 til 90 frá 2010 á móti lækkun í 86 í Bandaríkjunum nú og 94 á Íslandi. Ítalar lifa ári lengur að jafnaði en Íslendingar, eða 83 ár á móti 82 árum, og lengur en Kaninn (78 ár), en það er önnur saga.

Stórþvottar

Hefjum þessa sögu í Svíþjóð. Bill Browder heitir maður, höfundur bókarinnar Eftirlýstur sem hefur komið út á 25 tungumálum. Hann segir farir sínar ekki sléttar. Hann á von á að vera myrtur hvenær sem er því hann stendur á bak við efnahagsþvinganir Bandaríkjamanna og annarra gegn rússnesku mafíunni. Krafan um þvinganir var svar hans við því að lögfræðingur hans og vinur, Magnisky að nafni, lét lífið saklaus í rússnesku fangelsi fyrir nokkrum árum. Nú segir Browder að Svíar áræði ekki að rannsaka á eigin spýtur fjárböðunina í Swedbank sem sænska ríkissjónvarpið afhjúpaði í vetur leið heldur vilji þeir láta rannsóknina fara fram á vegum ESB eins og þeir séu bangnir við Rússa. E.t.v. skiptir það máli að Swedbank varð á sínum tíma til við samruna nokkurra sparisjóða sem voru tengdir Jafnaðarflokknum sem stjórnar nú landinu. Göran Persson fv. forsætisráðherra er nýkjörinn formaður í bankaráði Swedbank. Vonandi er hann ekki á sömu leið og Gerhard Schröder fv. kanslari Þýzkalands sem hefur auðgazt á þjónustu við rússnesk orkufyrirtæki og Tony Blair fv. forsætisráðherra Bretlands sem hefur selt stjórnarherrum í Kasakstan ráðgjöf fyrir milljónir punda. Einn jafnaðarmaðurinn enn, Dominique Strauss-Kahn, fv. framkvæmdastjóri AGS, hefur selt hliðstæða ráðgjöf í Kongó.

Þeir sem sölsa undir sig auðlindir almennings í Rússlandi, Kasakstan, Kongó og víðar þurfa á hjálp merkismanna að halda til að baða tvennt í senn: illa fengið fé og eigið orðspor. Fv. stjórnmálamenn eru sumir eftirsóttir til slíkra stórþvotta.

Ný fjárböðunarvísitala

Þrátt fyrir nýleg fjárböðunarhneyksli í Svíþjóð (Swedbank) og Danmörku (Danske Bank) eru bæði löndin líkt og Finnland og Noregur í hópi þeirra landa sem teljast ólíklegust til að baða illa fengið fé. Þetta er niðurstaða stofnunar í Basel í Sviss sem birtir slíkar vísitölur (e. Basel Anti-Money Laundering Index) reistar á upplýsingum um fjárböðun og viðnám stjórnvalda gegn henni. Ísland hefur færzt niður listann og fær nú lakari einkunn en Bretland, þekkt fjárböðunarbæli, en þó skárri en Ítalía. Einkunn Íslands (4,6) er einnig mun lakari en einkunnir annarra Norðurlanda (2,6 til 4,1). Skalinn teygir sig frá 2,6 (Finnland, gott) til 8,3 (Afganistan, ekki gott). Íslenzk stjórnvöld virðast ekki hafa tekið alvarlega áskoranir innan þings og utan um að láta rannsaka ábendingar um fjárböðun föllnu bankanna fyrir Rússa, m.a. í ljósi fullyrðinga rússneska auðjöfursins Borisar Berezovsky í viðtali við Sky-sjónvarpsstöðina áður en hann lézt við dularfullar kringumstæður í London. Seðlabanki Íslands vanrækti skyldu sína til að krefja menn um upprunavottorð fyrir gjaldeyrinn sem bankinn bauð til landsins á kostakjörum eftir hrun. Bankinn hefur nú sölsað undir sig Fjármálaeftirlitið með fulltingi Alþingis eins og til að bíta höfuðið af skömminni.

Svik samábyrgðarinnar

Þeir sem láta greipar sópa um sameignarauðlindir og geyma afraksturinn í skattaskjólum þurfa að gæta að því að þolinmæðin gagnvart þeim er víða á þrotum. Í hittiðfyrra fékk sonur Obiangs forseta Miðbaugs-Gíneu, sem er jafnframt varaforseti landsins, dóm í París fyrir fjársvik. Franskir dómstólar virðast nú líta efnahagsbrot hátt settra manna og vel tengdra alvarlegri augum en áður, eða eins og Bjarni Benediktsson skrifaði Pétri bróður sínum 1934: „Dagar linkindarinnar og svika samábyrgðarinnar hljóta að fara að styttast.“

Leitin að kjarna málsins

Sverrir Björnsson
hönnuður

Þjóðskáldin hafa lýst því hvernig okkur Íslendingum er illmögulegt að ræða kjarna mála. Nú síðast Hallgrímur Helgason í 60 kílóum af sólskini: „Og þannig var þjóðlífið allt. Engin plön náðu lengra en fram á kvöld og engin ákvörðun var endanleg, öll samtöl án niðurstöðu.“

Sjaldan hefur þessi sannleikur birst með augljósari hætti en undanfarnar vikur á Alþingi. Annars vegar í lopaspuna Miðflokksmanna daga og nætur sem var samt ómögulegt að skýra mál sitt. Hins vegar skiluðu allir aðrir á þinginu auðu í leitinni að kjarna málsins með því að staglast á: „Enginn sæstrengur án samþykkis Alþingis.“

Eigum við að bjarga heiminum?

Pólitíkusarnir virðast ætla að verða síðastir til að skilja að við Íslendingar höfum gullið tækifæri til að taka mikilvæg skref til að bjarga vistkerfi heimsins og auka um leið hagsæld í landinu.

Jöklarnir bráðna svo hratt að vatnsrennsli á virkjanasvæði Landsvirkjunar hefur aukist um 8% og mun aukast mikið á næstu áratugum. Ergo, stóraukin raforkuframleiðsla núverandi jökulvatnavirkjana. Aukið vatnsafl frá jökulám skapar tækifæri til að friða allar bergvatnsár á Íslandi, fyrir framtíðarkynslóðir og mikilvægasta atvinnuveg þjóðarinnar, ferðamannaiðnaðinn.

Það eru vindmyllugarðar á teikniborðinu sem munu framleiða 400-500 MW. Hið besta mál að nýta umhverfisvænustu og sennilega hagkvæmustu leiðina til raforkuframleiðslu. Við gætum framleitt þúsundir megavatta með vindorku hér á fallegasta rokrassi heimsins.

Stærsta skref okkar til að bjarga vistkerfi jarðarinnar er að loka víðasta kolefnispúströri landsins; stóriðjunni. Þá losnar mikil orka úr læðingi.

Í framtíð margfalt meiri orkuframleiðslu rafvæðum við Ísland, samgöngur, iðnað, sjávarútveg og ræktum hér heima það sem við þurfum, en jafnvel þá verður mikið eftir.

Hvað á að gera við orkuna?

Mengandi ál-, járn- og kísiliðnaður tilheyrir fortíðinni. Bitcoinnámurnar eru að tæmast og gagnarisarnir Google og co. hafa sett sig niður í löndum með öruggara gagnasamband. Það er ekki góð viðskiptahugmynd og óumhverfisvænt að rækta hér ávexti og grænmeti og flytja um langan veg þar sem kjöraðstæður eru til ræktunar. Kaffi til Brasilíu?

Sæstrengur er í dag eina leiðin í

Mengandi ál-, járn- og kísiliðnaður tilheyrir fortíðinni

sjónmáli. Fjárfestar eru þegar byrjaðir að tryggja sér orkunýtingarréttindi, margfalt hærra orkuverð handan hafsins freistar.

Það er góður kostur fyrir þjóðina að hámarka afrakstur orkunnar og vernda umhverfið með sæstreng. Hærra orkuverð á Íslandi verður auðvelt að jafna t.d. með lægri sköttum eða borgaralaunum, ef ríkið á og rekur orkufyrirtækin. Ef einkafyrirtæki taka til sín megnið af arðinum líkt og nú er raunin í sjávarútvegi og orkunýtingu mun almenningur ekki njóta ávaxtanna líkt og Norðmenn gera.

Hér heima og í Evrópusambandinu eru einkvæðingarsinnar áfjáðir í að komast í orkuauðinn. ESB er líkt og hægri flokkarnir hér heima gegnsýrt af frjálshyggjuhugmyndum um einkavæðingu á grunnstoðum samfélagsins.

Það sem Alþingi ætti að ræða daga og nætur í allt sumar, og alla vetur er:

Hvernig björgum við vistkerfi jarðarinnar með umhverfisvænni orku og tryggjum almenningi arðinn af auðlindum sínum? Það er kjarni málsins.

Kórverk

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Vorið og fyrri partur sumars hafa verið erfiður tími hjá mér með tíðum ferðalögum og fyrirlestrum út um allan heim. Stundum hef ég ekki einu sinni vitað í hvaða landi ég var þegar ég vaknaði á morgnana og oftast fundist eins og eitthvað vantaði í mig umfram skrúfuna sem mér skilst að hafi losnað í æsku minni og týnst á unglingsárunum. Þetta gekk meira að segja svo langt að einn daginn þegar ég var nýkominn heim frá Bandaríkjunum hringdi ég í Týnt og Fundið á flugvelli í Los Angeles og spurði hvort þeir hefðu rekist á sálina mína sem ég væri hræddur um að hefði orðið eftir hjá þeim. Ég viðurkenni að þarna var ég að leggja aðeins of mikið á opinbera starfsmenn í erlendu ríki og auðvitað skelltu þeir á mig. Ein afleiðing af þessum þvælingi var sú að ég varð illa haldinn af kvíða sem hélt mér vakandi á næturnar og gerði mig enn verri í umgengni en ella. En svo var ég allt í einu kominn á opnunartónleika miðsumarstónlistarhátíðar Víkings Heiðars að hlusta á píanótríó númer 2 í e-moll eftir Dmitri Shostakovich og kvíðinn hvarf eins og dögg fyrir sólu. Ég var minntur á tvennt, annars vegar hvernig góð tónlist getur getur hysjað mann upp úr holum og hrakið burtu kvíða og þunglyndi og hins vegar hvers konar gersemi við Íslendingar eigum í Víkingi Heiðari. Hann býr að þrenns konar hæfileikum sem eru hver fyrir sig svo langt umfram það sem við höfum nokkurn tímann áður átt. Í fyrsta lagi er hann einn af heimsins bestu pínóleikurum og sem slíkur algjörlega einstakur fyrir frumleika sakir. Hann gerir allt sem hann flytur að sínu. Það er kannski full langt gengið að segja að nóturnar séu honum fyrst og fremst vísbending en stundum held ég að það sé satt. Hann er skapandi snillingur. Í annan stað er ég ekki viss um að það sé nokkur maður í þessum heimi sem er lagnara að tala um tónlist þannig að það sé bæði fræðandi og skemmtilegt. Í þriðja lagi býr hann að ótrúlegu tengslaneti í tónlistarheiminum og notar það til þess að flytja til Íslands tónlistarfólk af slíkum gæðum að það er með ólíkindum. Við verðum að hlúa að Víkingi Heiðari og sjá til þess að hann geti haldið áfram að gleðja okkur með miðsumarstónlistarhátíðum um eilífð alla. En akkúrat þarna á opnunartónleikunum hvarf kvíðinn minn og honum verður ekki boðið í heimsókn aftur.

Það er fátt sem veldur meiri kvíða en þegar manni finnst vegið að möguleika hans til þess að stunda atvinnu sína og það er fátt sem býr til flóknari og óskiljanlegri viðbrögð en mikill kvíði. Mér fannst þetta hvort tveggja sjást í viðtali við tvo bæklunarskurðlækna í Morgunblaðinu fyrir tveimur vikum. Báðir vinna þeir í Orkuhúsinu, þar sem teymi lækna hefur sinnt sínu samfélagi með afburðum á síðustu tveimur áratugum. Það hefur mætt þörf sem Landspítalinn hafði ekki sinnt meðal annars vegna þess að okkur Íslendingum hefur lengst af fundist það vilji guðanna að við höltrum svolítið ef liðþófi í öðru hnénu rifnar og að íþróttamenn setjist í helgan stein ef krossband í sama lið slitnar. Við höfum líka staðið í þeirri trú að við höfum verið sköpuð með tvær hendur til þess að við gætum greitt okkur með þeirri vinstri þegar slit í hægri öxl gera okkur ókleift að koma þeirri höndinni upp fyrir liðinn meidda.

> **Það hefur sárlega vantað heildarstefnu í heilbrigðismálum á Íslandi í marga áratugi.**

Snillingarnir í Orkuhúsinu hafa sýnt okkur fram á að við þurfum ekki að sætta okkur við þetta og hafa því ekki bara sinnt sjúklingum heldur líka breytt afstöðu okkar til okkar sjálfra. Þeir hafa gefið okkur ástæður til þess að gera kröfur um meiri gæði í því lífi sem við lifum. Það er afrek og fyrir það eigum við sem samfélag að vera þakklát. Ég er hins vegar ekki viss um að læknarnir í Orkuhúsinu geri sér grein fyrir því hvaða áhrif þeir hafa á íslenskt samfélag og séu þess vegna kvíðnari um framtíð sína en þeir hafa ástæðu til.

Það hefur sárlega vantað heildarstefnu í heilbrigðismálum á Íslandi í marga áratugi. Án slíkrar stefnu er erfitt að búa til aðferðir til þess að meta þörf á þjónustu vegna þess að enginn veit hvar hún yrði innt af hendi eða hversu mikla þjónustu á að veita. Svandís á mikið hrós skilið fyrir að setja saman þá tillögu að heildarstefnu sem hún lagði fyrir Alþingi. Þetta er hennar stefna og ber þess merki. Í henni leggur hún mikla áherslu á að markmiðið sé að hafa sem stærstan hluta heilbrigðisþjónustunnar rekinn af ríkinu og þar er ég henni sammála, vegna þess að þjónustan verður að vera samhæfð og markast af þörfum samfélagsins frekar en af markmiðum rekstraraðila. Það er hins vegar ljóst að innan þess ramma sem heildarstefnan veitir er pláss fyrir alls konar rekstrarform. Ég held að reyndin verði sú að ríkisrekstur þjónustunnar verði regla en einkaframtakið geti öðlast rétt til þess að reka hluta hennar og geti haldið honum með því að þjóna samfélaginu vel eins og Orkuhúsið hefur svo sannarlega gert. Ég held að ein af aðalástæðum þess að Orkuhúsið hefur virkað vel sé að þar vinnur nægilega stór hópur lækna til þess mynda samfélag sem getur veitt hverjum einstökum þeirra það aðhald og þann stuðning sem menn þurfa nauðsynlega á að halda við það erfiða starf sem læknisþjónusta er. Það er ekki hægt að segja hið sama um margar af stofum sérfræðinganna úti í bæ þar sem menn hringla einir og eftirlitslausir og án stuðnings. Það veit aldrei á gott

Þegar bæklunarskurðlæknarnir kvarta undan því að tillaga Svandísar að heildarstefnu í heilbrigðismálum hafi verið sett saman án þess að læknafélögin hafi verið með í ráðum ber að hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi hafa læknafélögin gjarnan hagað sér eins og klassísk stéttarfélög en ekki fagfélög, með snöggtum minni áherslu á samfélagslega ábyrgð en hagsmuni félagsmanna. Ég held að það hljóti að teljast slys, vegna þess að læknar á Íslandi hafa í gegnum tíðina verið öðrum stéttum tryggari sínu samfélagi og dyggari. Hitt er svo að heildarstefnan er mjög víður rammi sem er nær því að vera pólitísk viljayfirlýsing en fagleg tillaga. Það er hins vegar hafið yfir allan vafa að það myndi þjóna hagsmunum íslensks samfélags að samtök lækna tækju ríkan þátt í því að fylla upp í rammann.

Tillaga Svandísar að heildarskipulagi heilbrigðismála á Íslandi gerir ráð fyrir því að einkareknu stofurnar verði agaðar og þeim fundinn staður í heilbrigðiskerfinu og úthlutað verkefnum í samræmi við hann. Ég á bágt með að trúa því að læknarnir haldi að það sé betra fyrir þjóðina að hafa kerfið stjórnlaust. Stjórnleysið þjónar einungis þeim óprúttnu sem eru reiðubúnir til þess nýta sér möguleikann á að selja þjónustu sem engin þörf er fyrir en þeir eru fáir og kannski engir.

Heilbrigðiskerfið er samvinnuverkefni eins og hljómsveit eða kór. Svandís hefur lengi sungið í kór og er vön þeim málamiðlunum sem felast í því að ná fram góðri heild úr fjölda einstaklinga og þrátt fyrir allt er henni eiginlegt að sýna tillitssemi. Það tekur hana bara stundum svolítinn tíma að kæla skapið sem er henni eins og sumum okkar uppspretta orku. Mér finnst fallegt dæmi um það hvernig hún hugsar þegar hún hætti í kór þegar hún varð ráðherra af því að hún var hrædd um að nærvera yfirvaldsins myndi trufla jafnvægið í kórnum. Verkefnið er að smíða gott heilbrigðiskerfi og hver sem vill leggja af mörkum til þess á góðan félaga í Svandísi. Samtök lækna verða að byrja á því leiðrétta þann misskilning samfélagsins að þau hafi ekki áhuga á neinu öðru en launum félagsmanna. Ef það tekst má vel vera að þau verði fengin til þess að leiða verkefnið.

Af hverju erum við ekki í uppnámi út af PISA?



Stefán Jökulsson lektor við HÍ

Hvað er að í skólakerfi okkar?“ spyr Styrmir Gunnarsson í grein sem var birt í Morgunblaðinu 15. júní síðastliðinn. Þar ræðir hann um skólakerfið á Íslandi, einkum þá veikleika þess sem sagt er að PISA-kannanir hafi leitt í ljós. Segir Styrmir að Andreas Schleicher, yfirmaður menntamála hjá OECD, hafi nýlega talað svo skýrt um þessa bresti í frétt mbl.is að það kalli á frekari umræðu. Ég tel rétt að nýta PISA-niðurstöður eftir föngum en bendi á að Schlecher er ekki óskeikull og PISA-kannanir ekki hafnar yfir gagnrýni.

Haft er eftir Schleicher í fréttinni á mbl.is að Víetnamar standi sig mjög vel í PISA-könnunum því þeir viti að skólakerfi þeirra í dag verði efnahagskerfi þeirra á morgun. Með þessum orðum tengir hann menntun fyrst og fremst við peninga og þegar hann segir að menntamálin séu engin geimvísindi lætur hann að því liggja að þau séu ekki ýkja flókin. Málið verður hins vegar margfalt flóknara ef við lítum svo á að menntun varði allt undir sólinni, náttúru jafnt sem mannlíf, og snúist ekki aðeins um hagvöxt heldur einnig um heill og hamingju ólíkra einstaklinga og hópa í fjölbreytilegum samfélögum.

Styrmir Gunnarsson spyr í grein sinni hvers vegna íslenskt samfélag sé ekki í uppnámi vegna hins slæma mats frá alþjóðlegri stofnun. Ekki veit ég það með vissu en skýringin kann að einhverju leyti að vera sú að við Íslendingar teljum menntamál ekki „grjóthörð“ mál, sem við þurfum að fylgjast grannt með og taka afstöðu til, heldur mál í mýkri kantinum. Stundum æsum við okkur yfir einhverju í nokkra daga en þykjumst þó vita, þrátt fyrir niðurstöður PISA, að við séum „með'etta“ og björgum okkur yfirleitt.

Og ekki getum við smitast af áhuga fjölmiðla- og stjórnmálafólks á þessum málaflokki. Í fjölmiðlum er enginn hörgull á fréttum og öðru efni um verslun og viðskipti en því fer fjarri að miðlar geri menntamálum jafn hátt undir höfði. Í miðlum má nefnilega skekkja veruleikann, og gera mikilvæg mál léttvæg, með því að fjalla lítið um þau eða gera það á yfirborðslegan máta. Hvað stjórnmálin áhrærir verður það saga til næsta bæjar þegar ekki tekst að mynda ríkisstjórn vegna ágreinings flokka um einstaklingsmiðað nám eða málþóf á Alþingi snýst um leskilning íslenskra ungmenna.

> **Stundum æsum við okkur yfir einhverju í nokkra daga en þykjumst þó vita, þrátt fyrir niðurstöður PISA, að við séum „með'etta“ og björgum okkur yfirleitt.**

Skoðanaskipti um menntun á Íslandi lifna ekki við, og uppnámið verður ekkert, fyrr en hún verður viðvarandi umræðu- og viðfangsefni í skólum, fjölmiðlum og öðrum kimum almannarýmisins. Umræða um PISA-kannanir verður heldur ekki nógu gjöful fyrr en við, fræðafólk á vettvangi menntunar, höfum farið yfir niðurstöðurnar, samhengið og aðferðirnar með gagnrýnari hætti en við höfum gert, og miðlað niðurstöðum okkar til almennings.

FÓLK
Tíska
FIMMTUDAGUR 27. JÚNÍ 2019

Fegurðin er kvöl

Gréta Karen Jónsdóttir er 22 ára nemi í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri. Hún er forfallinn pelsasafnari og hefur orðið sek um æpandi tískuslys en segir stílinn endurspegla vellíðan og sjálfsöryggi. →2

Gréta Karen er gyðju líkust í sláandi flottri, sumarlegri og sólskinsgulri buxnadragt sem hún keypti í Asos en svarta bolinn fékk hún í Zöru. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hatturinn, sólgleraugun, hvítu sokkarnir og hanskinn. Allt eru þetta tískutákn sem poppkóngurinn sjálfur Michael Jackson gerði ódauðleg. Tíu ár voru í vikunni líðin síðan Jackson lést. →8

Markaðurinn er á frettabladid.is

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífið.

Kjóll úr 17, jakki úr Lindex og skór úr Air. Svartur blazerjakki úr Mango, Levi's-buxur og taska frá Michael Kors.

Pelsinn keypti Gréta skósíðan í Gyllta kettinum en lét stytta hann. Buxurnar eru frá 66°N, skórnir frá Dr. Martens og svarta hettupeysan úr H&M.

Framhald af forsíðu

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Ég hef verið upptekin af tísku og hverju ég klæðist frá því ég man eftir mér. Fyrsta minningin er ljóslifandi frá Birgittu Haukdal-tímabilinu árið 2003 þegar bolur með einni ermi og hliðartagl var málið ef maður vildi vera hvað flottastur," segir Gréta Karen Jónsdóttir sem fer nú í pels þegar hún vill bera af.

„Mamma segir stundum í gríni „Beauty is pain" eða „fegurðin er kvöl", hennar helsta tískuheilræði. Ég reyni alltaf að klæðast því sem mér líður vel í og reyni að pæla ekki í því hvað öðrum finnst," segir Gréta, sem klæðist oftast þægilegum íþróttafötum.

„Ég hef í raun ekki afgerandi stíl; ég reyni bara að klæðast því sem mér finnst flott, en ég vil að fatastíllinn endurspegli sjálfsöryggi og þá staðreynd að mér líður vel í eigin skinni."

Í búðir með Monicu Rose

Þegar kemur að fatakaupum fellur Gréta Karen oftast fyrir pelsum, drögtum og skóm.

„Ég er veik fyrir pelsum og elska að kaupa mér nýjan pels eða loðjakka," segir Gréta sem á sjö pelsa í fataskápnum.

„Svo get ég síst verið án þess að eiga flotta skó þegar kemur að tísku og keypti mér síðast æðislega Nike Air Force-skó. Þá finnst mér svarti liturinn fara mér einna best en rauður kemur líka sterkur inn og rauður varalitur er það sem setur punktinn yfir i-ið þegar ég hef mig til," segir Gréta.

Upp á síðkastið hefur hlébarðamunstur verið í uppáhaldi hjá Grétu Karen og á hún bæði kjól, buxur og peysu með því dýrslega munstri.

„En ef það ætti að banna eitthvað að eilífu innan tískubransans væru það Crocs-skór og húðlitaðar sokkabuxur. Sjálf hef ég gerst sek um voðalegt tískuslys en það var þegar ég gekk um í æpandi diskóbuxum. Þær urðu að einhverju æði þegar ég var unglingur og mér fannst algjörlega málið á þeim tíma að eignast slíkar buxur en þegar ég hugsa til baka skil ég ekki af hverju ég var að missa mig yfir þeim," segir hún hlæjandi.

Tískufyrirmyndir Grétu eru margar og úr ólíkum áttum.

„Ég fylgist mikið með Fanneyju Ingvars, Svölu Björgvins, Elísabetu Gunnars, Monicu Rose, Valentinu Steinhart og fleiri góðum, og ef ég gæti valið mér fræga tískudrós til að fara með í tuskubúðir væri ég til í að fara með Monicu Rose. Mér finnst hún afar flottur stílisti."

Mamma segir alltaf satt

Gréta Karen notar ilminn Bright Crystal frá Versace og segir að sér líði best þegar hún er ánægð með það sem hún klæðir sig í.

„Í gegnum tíðina hef ég lítið gengið með skartgripi en ég fékk nýlega tvö hálsmen í afmælisgjöf frá vinkonum mínum og held mikið upp á þau. Annað þeirra er með stjörnumerkinu mínu og hitt með stafnum mínum," segir Gréta sem á líka í fórum sínum hjartfólgið skart frá ömmu sinni.

„Ég held mikið upp á hring og hálsmen úr silfri sem amma gaf mér. Hringurinn er afar fágaður með litlum demanti í miðjunni og hálsmenið er silfurhjarta. Mér þykir undurvænt um þetta sett og finnst gott að bera og klæðast hlutum sem ég tengi við ástvini mína. Þannig fer ég stundum í gamalt, svart leðurpils af mömmu sem hún átti og skartaði þegar hún var um tvítugt," segir Gréta.

Hún veit upp á á hár til hvers hún leitar þegar hún þarf að leita álits eða spyrja hvort hún sé fín.

„Þá leita ég oftast til hennar mömmu. Hún veit hvað hún syngur og segir mér alltaf satt."

Framtíðarmarkmiðin eru skýr hjá Grétu Karen.

„Ég ætla að vera dugleg að vinna, klára háskólanámið í lögreglufræðum og kaupa mér íbúð. Ég stefni á að vinna sem lögregla í framtíðinni en líka að mennta mig meira og er mikið að pæla í sálfræði."

ÚTSALAN ER HAFIN!

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Tímalaus hönnun hjá COS

Tískuverslunin COS var opnuð í miðbæ Reykjavíkur fyrr í mánuðinum. Áhersla er lögð á nútímalega hönnun þar sem horft er til listarinnar og náttúrunnar.

Ásta Eir Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is

Karina Gustafson hefur starfað hjá COS frá upphafi verslunarinnar. Hún útskrifaðist úr The Royal College of Art í London, þá 26 ára gömul, og hóf í kjölfarið störf hjá COS. Hún er hluti af hönnunarteyminu og starfar sem listrænn stjórnandi. Karina svarar hér spurningum blaðamanns.

Hver er hugmyndafræðin á bak við COS?

Alveg frá því að COS opnaði hefur karakter verslunarinnar verið stöðugur, þar sem boðið er upp á nútímalega, áþreifanlega, tímalausa og hagnýta hönnun. Við höldum fast í okkar hugmyndafræðilegu stoðir í stað þess að fylgja tískustraumum.

Hvaðan kemur innblásturinn í fatalínurnar?

Við fáum innblástur frá arkitektúr, hönnun, list og náttúrunni. Við erum stöðugt að leita að hugmyndum frá hröðum heiminum í kringum okkur þar sem við sækjum listasöfn, sýningar og skoðum fallegar byggingar. Þegar teymið hefur sankað að sér innblæstri og hugmyndum þá förum við yfir það í sameiningu og mynstur fara að myndast fyrir komandi línur. Í kjölfarið hefst svo hönnunarferlið.

Mildir tónar og einfaldar litapallettur einkenna flestar flíkur frá COS.

Karina Gustafson hefur tekið þátt í uppbyggingu COS alveg frá upphafi.

Hvert er mikilvægi hönnunar inni í verslunum COS?

Þegar við hönnum útlit verslana okkar finnst okkur mikilvægt að viðskiptavinum líði eins og þeir séu velkomnir. Við trúum því að hönnunin sé jafn mikilvæg og tískan. Þessir tveir þættir eru gríðarlega samtvinnaðir. Nýja rýmið í Reykjavík fylgir meginhugmyndafræði okkar til hins ýtrasta, til að mynda með gólfsíðu gluggunum.

Hver er meiningin á bak við mottóið „made to last beyond the season“?

Kúnnahópur okkar er frekar fólk sem leitar eftir tímalausum klæðnaði frekar en að fylgja einhverjum tískustraumum. Þetta þýðir að viðskiptavinirnir geta klæðst okkar flíkum ár eftir ár og þá kannski í mismunandi útfærslum. Við förum vandlega í hvert skref hönnunarferlisins, allt frá vali á efni til tæknilegrar þróunar í vöruhúsinu okkar í London.

Hver ykkar stærsti kúnnahópur?

Við skoðum ekki viðskiptavini eftir aldri eða hvar þeir búa heldur frekar hugarfari og menningarlegum viðhorfum. Fólk með svipuð áhugamál en samt sem áður persónulegan stíl og mismunandi viðhorf varðandi tísku.

> **Við erum stöðugt að leita að hugmyndum frá hröðum heiminum í kringum okkur þar sem við sækjum listasöfn og skoðum fallegar byggingar.**

Hvernig hefur gengið að fara í samstarf við listasöfn og aðra hönnuði?

Á síðastliðnum áratug höfum við fengið tækifæri til að vinna með skapandi fólki og stofnunum á spennandi stöðum eins og til dæmis í Mílanó og New York. Við lítum á þessi samstarfsverkefni sem tækifæri til að gefa þeim til baka sem veita okkur innblástur.

Eru einhverjir litir sem þið kjósið að nota fram yfir aðra?

Ég held að grunnur hvers fataskáps komi frá mildum tónum og einföldum litapallettum. Ef þú ert með þess háttar fataskáp, þá ættirðu að geta klæðst flíkunum þínum á mismunandi vegu við mismunandi tilefni. Svo er að sjálfsögðu alltaf hægt að bæta við fleiri litum, en það fer eftir því hvert tilefnið er.

Náðu mögnuðum árangri

Eftir örfá skipti í Weyergans-sogæðameðferð næst nánast yfirnáttúrulegur bati sem byggir á heilsuvegferð geimfara. Fólk hefur náð ótrúlegum árangri í bata eftir að hafa farið í meðferð.

Linda Gunnarsdóttir fór til Huldu á Heilsu- og fegrunarstofu Huldu út af miklum doða í fótunum. „Heilsan er oft þannig að þú tekur rosalega mikið eftir því ef þú missir hana en þú tekur ekkert mikið eftir því þegar þú færð hana til baka,“ segir Linda. En svo var ekki eftir þessa meðferð. „Ég var með mikla gigt og ég var orðin rosalega slæm í mjöðminni, en eftir þessa sjö tíma hjá Huldu þá áttaði ég mig á því að ég fann ekkert fyrir mjöðminni lengur og gat labbað upp stiga án þess að finna fyrir verkjum.“

Linda byrjaði að finna aðeins fyrir mjöðminni aftur fyrir nokkrum mánuðum. „Ég fór í einn tíma og varð strax skárri.“ Linda er gríðarlega ánægð með meðferðirnar og segir árangurinn vera ótrúlegan. „Þetta er algjört kraftaverkatæki.“

Hulda Ósk Eysteinsdóttir á Heilsu- & fegrunarstofu er sérmenntuð í meðferð Weyergans High Care-tækjanna frá Weyergans í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Þóra fór í Vacumed-meðferðina vegna stífleika í fingrum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ótrúlegur munur

Steinunn Hallgrímsdóttir fer fögrum orðum um meðferðina hjá Huldu. „Ég er mjög slitin og slæm í skrokknum og ég fann mikinn mun á mér. Ég fór í 10 skipti og ég varð öll liprari og leið bara almennt betur í líkamanum.“ Steinunn hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð eftir meðferðina. „Ég varð betri í bakinu og mjöðmunum og mér leið bara mun betur eftir þetta.“

Laus við allan stífleika

Þóra Guðnadóttir hefur lengi verið að glíma við stífleika í fingrum. „Ég fór í „vacum“ fyrir hendur og ég fann að stífleikinn í fingrunum snarlagaðist.“ Hún hefur einnig verið að eiga við bjúg í fótunum. „Ég fór í stígvélin hjá henni og bjúgurinn fór strax. Ég fann mikinn mun með hverjum tíma,“ segir Þóra. Hún fór 10 sinnum til hennar og var árangurinn mjög góður. „Ég lagaðist alveg í höndunum við þetta, svo er bara svo þægilegt að fara til Huldu,“ segir Þóra.

Heilsu- og fegrunarstofa Huldu er í Borgartúni 3. Sími 557 4575 og 772 4575. hfhulda@gmail.com.

SHIMANO®

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi

RolfPRIMA

TRI

TRI VERSLUN
TRI VERKSTÆÐI
TRI VEFVERSLUN

FULCRUM

STAGES CYCLING

CUBE FERÐAHJÓL

WWW.TRI.IS

CUBE STEREO

CUBE ATTAIN

CUBE AIM “27.5

CUBE RAFMAGNSHJÓL

Park Tool

Park Tool

CUBE FJALLAHJÓL

TRI VERSLUN
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími:571 8111 Netfang: info@tri.is

DT SWISS

DT SWISS

SPORTVER Akureyri

Vaskur Egilsstaðir

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

Kóngur poppsins og tískunnar

Hatturinn, sólgleraugun, hvítu sokkarnir og hanskinn. Allt eru þetta tískutákn sem poppkóngurinn sjálfur Michael Jackson gerði ódauðleg. Tíu ár voru í vikunni liðin síðan Jackson lést en hann var ekki aðeins stórkostlegur tónlistarmaður heldur hugsaði hann mikið um tískuna.

Tískuvitund Michaels Jackson er vel þekkt en poppkóngurinn féll frá fyrir tíu árum. Trúlega þekkja allir rauða leðurjakkann sem Jackson birtist í í Thriller. Demantsskreytti hanskinn fylgdi í kjölfarið og svo birtist hann sem eðaltöffari, skreyttur leðri og smellum þegar Bad kom út 1987. Þvílíkt lúkk.

Jackson birtist oft í kvenmannsjökkum sem Givenchy og Balmain hönnuðu. „Ef tískuheimurinn segir að eitthvað sé bannað þá geri ég það," skrifaði Jackson forðum daga í Moonwalk árið 1988.

Rushka Bergman starfaði sem persónulegur stílisti hans um tíma og kom honum í Tom Ford, Dior og gyllta og svarta jakkann sem Givenchy gerði.

„Hann var frumkvöðull í tísku og vildi eitthvað nýtt. Hann vildi helst líta út eins og enginn hafði gert áður," sagði Bergman við Vogue í tilefni af sextugsafmæli hans.

Hún benti á að uppáhaldshönnuðir hans hefðu verið Hedi Slimane, Tom Ford, Christophe Decarnin sem starfaði fyrir Balmain, Riccardo Tisci hjá Givenchy og Kris Van Assche hjá Dior Homme. Enginn komst þó með tærnar þar sem John Galliano hafði hælana í huga Jacksons.

Dexter Wong og Ann Demeulemeester sáu um Scream-myndbandið sem Jackson gerði með systur sinni en þar birtust þau í fötum sem vöktu meira en litla athygli.

Í bókinni The King of Style: Dressing Michael Jackson sem Michael Bush skrifaði kom fram að Jackson elskaði breska hersögu en hermannajakkar urðu nánast hans lúkk undir það síðasta.

Kóngurinn í gulli að syngja á sviði í Ástralíu 1996.

Michael Jackson

1958
29. ágúst er Michael Joseph Jackson í heiminn borinn.

1979
Off the Wall kemur út og selst í sjö milljónum eintaka.

1982
Thriller býður heiminum góðan dag og selst í 65 milljónum eintaka.

1983
Moonwalk-dansinn sést í sjónvarpi í fyrsta sinn.

1984
Stærsti samningur sem gerður hefur verið við Pepsi.

1987
Bad kemur í búðir og Neverland-búgarðurinn keyptur.

1988
Sjálfsævisagan Moonwalker dettur í búðarhillur.

1991
Skrifar undir 65 milljóna dala útgáfusamning við Sony.

1995
HIStory kemur út

2008
Jackson og AEG live tilkynna um 50 tónleika í O2 höllinni í London.

2009
25. júní lést Jackson á heimili sínu í Beverly Hills.

Rauði jakkinn úr Thriller er enn flottasti rauði jakki sem gerður hefur verið.

Superbowl-frammistaða hans árið 1993 er ekkert minna en goðsagnakennd. Ótrúleg í alla staði. Íklæddur svörtum jakkafötum með gullslegna borða.

Hatturinn, jakkinn og hvítur rifinn bolur undir. Lúkk sem lifir góðu lífi.

ÚTSALAN

HAFIN HJÁ BÓEL

30%

afsláttur af öllu

Tækifæri að eignast einstaka hönnun
frá RUNDHOLZ, MOYURU OG YAYA,
skó frá LOFINA, handtöskur frá
MANDARINA DUCK og ANTIPODES
lífrænar snyrtivörur

Bóel

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 22, 101 REYKJAVÍK
Sími 8341809 BOEL boelisland

Karlatískan á tískuvikunni í París

Tískuvikan í París hófst síðasta sunnudag með pompi og prakt. Eins og venjulega eru hönnuðirnir sem sýna afurðir sínar á tískuvikunni ekki af verri endanum.

Fyrirsæturnar á sýningarpallinum á sýningu Celine tískuhússins. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

Það er óhætt að segja að París sé þekktasta tískuborg í heimi og því er mikill heiður að fá að sýna hönnun sína á þessum stórviðburði.

Celine tískuhúsið sýndi karlatískuna 2020 á sunnudagskvöldið. Þetta er annað árið sem Hedi Slimane lokar sunnudagskvöldi tískuvikunnar með sýningu á karlatískunni en hann tók við sem listrænn stjórnandi tískuhússins í janúar í fyrra.

Slimane er þó enginn nýgræðingur þegar kemur að tísku fyrir karlmenn. Hann vann lengi fyrir Dior Homme og var þekktur fyrir einstaklega fallega sniðin jakkaföt.

Á sýningunni á sunnudaginn fór þó ekki mikið fyrir jakkafötum. Fötin þóttu minna á 8. áratuginn. Það var mikið um skyrtur hnepptar upp að bringu, þunna létta jakka og buxur sem náðu hátt upp í mittið.

En látum myndirnar tala sínu máli.

Stuttir skrautlegir jakkar og dökk sólgleraugu voru áberandi.

Celine tískuhúsið hefur frá upphafi lagt áherslu á leðurfatnað.

Íburðarmikil skikkjan með gylltum bryddingum vakti mikla athygli.

Hedi Slimane veifar gestum að lokinni sýningu.

Slimane blandar gjarnan saman leðurbuxum og hversdagslegum skyrtum.

FLOTTAR BUXUR, PILS.
LEGGINGS OG TREGGINGS

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Kvartbuxur

Verð 9.900 kr.
- 6 litir
- stærð: 34 - 52

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

Kíkið á myndir og verð á Facebook

Allt að

80%

afsláttur af **útsöluvörum!**

Skoðaðu úrvalið og pantaðu á

ZIKZAKVERSLUN.IS

ÚTSALAN HEFST Í DAG!

Ótrúleg útsöluverðverð og frábært úrval

ZIKZAK

TÍSKUHÚS

Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

Flakkar á milli áratuga síðustu aldar

Karitas M. Bjarkadóttir er 19 ára ljóðskáld og er hrifin af stíl 6.-8. áratugar 20. aldarinnar. Hún klæðir sig reglulega upp í búninga sem einkenna ákveðinn áratug, með vandaða förðun í stíl við fötin.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Karitas er með áberandi sérstæðan fatastíl sem hún segir að hafi byrjað að þróast þegar hún var 16 eða 17 ára gömul. Hún hefur alltaf verið mikið fyrir pils og kjóla en henni finnst gaman að leika sér með mismunandi tímabil 20. aldarinnar. Í uppáhaldi eru 7. og 8. áratugurinn. „Ég lít á þetta þannig að ég sé að klæða mig í búning þar sem allt þarf að ganga upp."

Hvetur alla til að lesa Ástu Sigurðardóttur

Vegna þess hve hrifin Karitas er af þessum áratugum segist hún lesa mikið af bókum sem voru gefnar út á þeim tíma. „Ég les til dæmis mikið eftir Ástu Sigurðardóttur sem veitir mér sterkan innblástur."

Ásta var brautryðjandi fyrir kvenrithöfunda á sínum tíma. Karitas hvetur alla og þá sérstaklega ungar konur til að lesa sögur eftir hana. „Enda var hún frábær skáldkona. Hún var að tjá hluti sem eiga enn við í dag. Ég sæki mikið í hennar stíl. Ég held að áhugi minn á þessu tímabili hafi ómeðvitað áhrif á sköpun mína vegna þess hve mikið ég les af bókum frá þessum tíma."

Karitas segir að Twiggy veiti henn mikinn iinnblástur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heimasaumuð svunta við gamlan kjól varð fyrir valinu á 19 ára afmælisdaginn.

Innblásturinn að fatastílnum frá degi til dags kemur hvaðanæva en í uppáhaldi eru dívurnar Twiggy og Brigitte Bardot. „Ég flakka samt mikið milli tímabila. Ég er til dæmis líka mjög hrifin af 50s kjólum. Ég er mest á miðri síðustu öldinni."

Fyrir 19 ára afmælið sitt sem var á sjálfstæðisafmæli Íslendinga saumaði Karitas á sig svuntu við gamlan kjól sem hún átti, en hún stefnir á að lifa sjálfbærari lífsstíl. „Þetta var fyrsta saumaverkið mitt. Mig langar að vera duglegri að sauma í staðinn fyrir að kaupa endalaust af fötum. Það sparar vinnu fyrir aðra og líka pening."

Flækti og braut nálina

Þegar maður saumar sín eigin föt sjálfur þarf maður að hugsa flíkurnar vandlega, það tekur sinn tíma að sauma þær og þar með er maður ekki bara að uppfylla augnabliks gleði með því að kaupa eitthvað tilbúið. „Svo líður manni svo vel þegar maður gengur í fötum sem maður saumaði sjálfur. Maður sleppur þá líka við að kaupa föt úr framleiðslu þrælabúða úti í heimi."

Við verkið notaði Karitas gamla saumavél í eigu móður sinnar sem er búin að vera til á heimilinu frá því Karitas man eftir sér. „Mér tókst reyndar bæði að brjóta nálina og flækja tvinnann en þetta hafðist."

Slysaðist út í þetta

Förðunin verður svo að sjálfsögðu að vera í stíl við fötin. „Það þarf allt að smella saman. Ég er mjög hrifin af þessum stóru, þungu augum sem eru einkennandi fyrir 60s, þegar augnlokið er teiknað á. En það er erfitt að ná því vel. Það er eiginlega erfiðara en að gera „cateye" með augnblýanti."

Karitas farðar ekki bara sjálfa sig, hún hefur farðað fyrir bæði tónlistarmyndbönd og leikhús. „Ég farðaði fyrir tvö tónlistarmyndbönd eftir Bagdad brothers. Það voru myndböndin við Malar í kassanum og svo Brian Eno says: Quit your job. Svo farðaði ég Skoffín um daginn fyrir plötuna hans.

Á meðan förðunin fyrir Malar í kassanum var frekar látlaus segir Karitas að hún hafi fengið að leika sér meira fyrir hitt myndbandið. „Ég setti gervibrúnku á strákana og skyggði allan líkamann á þeim, eitthvað sem ég hef aldrei gert áður." Stelpurnar voru svo með ýkta 9. áratugar förðun og túberað hár. „Ég fékk aðeins að klikkast."

Hefur gefið út þrjár bækur

Þegar kemur að hæfileikum Karitasar takmarkast þeir ekki við förðun og fataval. Hún hefur gefið út þrjár ljóðabækur og var að klára fyrsta árið sitt í Háskóla Íslands í grunnnámi í íslenskufræði. Næst stefnir Karitas á að gefa út textasafn eftir sjálfa sig.

Í fjórðu bókinni verður til dæmis ljóð um endajaxl og annað um kisu. „Þetta verður kannski sundurlausasta bókin mín því það er ekkert þema í henni. Þetta er líka eina bókin sem er ekki skrifuð í ástarsorg," en fyrri bækur Karitasar innihalda ljóð sem eru afurðir tilfinningaflóða í kjölfar sambandsslita.

Stíllinn er enginn stíll

Ljóð Karitasar eru oftast óregluleg og stíllinn breytist ljóði frá ljóðs. Fæst ljóðin ríma en Karitas segist vera hrifin af endurtekningum og vísunum. „Stundum vísa ég alveg grimmt í sjálfa mig skammarlaust. En ég finn bara þann stíl sem mér finnst henta innihaldsefninu hverju sinni. Ef ég hef mikið að segja þá eru línurnar langar og mörg erindi, en ef ég hef lítið að segja þá er ljóðið kannski bara þrjár línur eða hæka."

Því mætti segja að stíll Karitasar sé kannski að vera með engan sérstakan stíl. Sjálf tekur hún eftir að önnur ung ljóðskáld í dag fylgja ekki hefðbundnum bragarháttum. Karitas sá undantekningu á því þegar Jenný María Jóhannsdóttir las ljóð á ljóðakvöldi sem Karitas var sjálf að lesa á.

Það var á Eiðistorgi þar sem Jana Björg Þorvaldsdóttir heldur reglulega ljóðakvöld. Jenný las ljóðin sín sem eru í dróttkvæðum hætti.

„Það er stíllinn sem dróttkvæðin voru skrifuð í. Dróttkvæðahátturinn er mjög strangur og flókinn en hún gerði þetta mjög vel. Mér finnst æðislegt að hún hafi þorað þessu, sjálf myndi ég ekki treysta mér í það."

Ég er mjög hrifin af þessum stóru, þungu augum sem eru einkennandi fyrir 60s.

Lengri útgáfu af viðtalinu er að finna á frettabladid.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

SUZUKI

TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.900,-

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bílar til sölu



35" Toyota Land Cruiser 120 LX dísel, átta sæta. Ek. 155 þ.km nýsk. 06/05. Sjálfskiptur, topplúga, krókur, loftdæla, ný dekk, ný tímareim, undirvagn yfirfarin. Verð. 3,2 m.kr staðgr. Uppl. 896 3143

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Getum bætt við okkur verkefnum í öllu viðhaldi innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDABIL.
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil.

Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.

Lager eða geymsla.

Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLURTILLEIGU.IS
SÍMI: 414-3000
Gerðu verðsamanburð !

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

Heimilisþrif is looking for people to work in home cleaning. Full time only. Working time 8-16. Driver's licence necessary. Call 557 8882 for further information

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

Peugeot 5008 Style 7 manna
Nýskráður 5/2016, ekinn 77 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.390.000
Afborgun kr. 30.619 á mánuði

Peugeot Partner Tepee Outdoor
Nýskráður 8/2016, ekinn 46 þús.km., dísel, beinskiptur.
Verð kr. 1.990.000
Afborgun kr. 25.521 á mánuði

Mazda 6
Nýskráður 4/2007, ekinn 174 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 590.000
Allt að 100% fjármögnun í boði

Honda CR-V Elegance
Nýskráður 10/2018, ekinn 3 þús.km., bensín, sjálfskiptur, sýningarbíll frá umboðinu.
Verð kr. 5.390.000
Afborgun kr. 68.854 á mánuði

Honda Civic Sport Plus
Nýskráður 1/2019, ekinn 1 þús.km., bensín, sjálfskiptur, 183 hestöfl, sýningarbíll frá umboðinu.
Ásett kr. 4.390.000
Tilboð kr. 3.990.000
Afborgun kr. 51.011 á mánuði

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Þú finnur draumastarfið á

Job.is

Kennsla



Heilbrigðisþjónusta

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

Job.is

EIGNAMIÐLUN

GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

LUNDARBREKKA 8, 200 KÓPAVOGUR



OPIÐ HÚS

99.0 fm 3 herb. íbúð á 2.hæð í nýlega viðgerðu og máluðu fjölbýli. Íbúðin hefur verið talsvert endurnýjuð m.a eldhús, gólfefni, raflagnir og fl. Nýlegir gluggar á suðurhliðinni. Fallegt útsýni. Sérinngangur af svölum.
V. 39,5 m.
Opið hús fimmtudaginn 27. júní milli kl. 17:15 og 17:45
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is



Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR

hagvangur.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

Íbúðarbyggð og blönduð byggð 2010-2030/2040

Endurmat á forgangsröðun og þéttleika uppbyggingar á grundvelli markmiða um breyttar ferðavenjur, uppbyggingu Borgarlínu og stefnu í loftslagsmálum.

Þann 20. júní 2019 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Með verklýsingunni er boðaðar umfangsmiklar breytingar á AR2010-2030, sem einkum varða stefnu um íbúðarbyggð, markmið í húsnæðismálum, þéttleika byggðar og forgangsröðun uppbyggingar.

Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og laga nr. 105/2006 um umhverfismat er verkefnislýsingin, ásamt matslýsingu, lögð fram til kynningar og umsagnar (sjá ***reykjavik.is*** og ***adalskipulag.is***). Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á netfangið ***skipulag@reykjavik.is*** fyrir 12. ágúst 2019. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Göngubraut: 69.500,-
Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bíldshöfða 16, Rvk.

ÞREKTÆKI

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokkun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín

Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ÍSHÚSIÐ

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

Bolur
Áður 5.990,-
Nú 990,-
Stærðir S-3XL

Túnika
Áður 11.990,-
Nú 1.990,-
Stærðir 38-56

Skyrta
Áður 12.990,-
Nú 1.990,-
Stærðir 38-56

Skyrta
Áður 10.990,-
Nú 1.990,-
Stærðir 38-56

Blússa
Áður 9.990,-
Nú 2.990,-
Stærðir 38-48

Túnika,
Áður 8.990,-
Nú 4.990,-
Stærðir 38-52

Kjóll
Áður 8.990,-
Nú 2.990,-
Stærðir S-3XL

Bolur
Áður 6.990,-
Nú 1.990,-
Stærðir S-3XL

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA

30-80%
afsláttur af **ÖLLU!***
*Gildir ekki á drögtum og NOOS buxum

Bolur
Áður 8.990,-
Nú 2.990,-
Stærðir S-3XL

Léttur jakki
Áður 12.990,-
Nú 5.990,-
Stærðir S-3XL

Skyrta
Áður 6.990,-
Nú 1.990,-
Stærðir S-3XL

Bolur
Áður 4.990,-
Nú 1.990,-
Stærðir S-3XL

Bolur
Áður 7.990,-
Nú 3.990,-
Stærðir S-3XL

B.
BRANDTEX

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland | www.brandtex.is

CISO SIGNATURE B. BRANDTEX JENSEN

Ef EES er gott – sem það er – þá er ESB enn þá betra

Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaupýslumaður og stjórnmálarýnir

Lengi virtist það vera í tízku, að tala illa um Evrópu og evru, þó að einmitt aðild okkar að EES og Schengen-samkomulaginu hefði tryggt okkur efnahagslegar framfarir og margvíslegt frelsi langt umfram það, sem áður hafði þekkzt eða ella hefði getað orðið.

Með EES-samningnum komumst við með allar okkar framleiðsluvörur og afurðir, frjálslega og að mestu leyti tollalaust, inn á stærsta markað heims; 30 ríki með nú 513 milljónir íbúa.

Samtímis opnaðist okkur að mestu vegabréfalaust frelsi til heimsókna, dvalar og búsetu í öllum þessum löndum, með fullum réttindum til starfa, atvinnu og eigin reksturs.

Á sama hátt gátum við sótt erlenda starfskrafta frá ESB-löndunum til okkar, til að manna og styrkja okkar eigin atvinnuvegi, einkum ferðaþjónustu og byggingariðnað.

Sem betur fer hefur orðið mikil breyting á afstöðu flestra til EES/ESB og Evrópu síðustu misserin. Upplýst umræða hefur leitt til þess, að fleiri og fleiri skilja nú, hversu mikilvægur og dýrmætur EES-samningurinn er.

Ef miðað er við afstöðu þingmanna til 3. orkupakkans, sem í umræðu og afstöðu er orðinn nokkurs konar „persónugervingur“ EES-samningsins, þá virðast 52 af 63 þingmönnum vera hlynntir 3. orkupakkanum – enda sjálfsagður hluti af EES-samningnum, eins og frjálsar flugsamgöngur, frjálsir skipaflutningar og önnur frjáls og gagnkvæm viðskipti.

Meta má umfang EES-samnings- ins – með Schengen – sem 80-90% af fullri ESB-aðild. Það, sem upp á vantar fulla ESB-aðild, er einkum tvennt:

1. Samkomulag um fiskveiðar við Ísland og stjórn þeirra.

2. Endanlegt samkomulag um landbúnaðarmál.

Malta er um margt í svipaðri stöðu og Ísland. Lítil eyþjóð háð fiskveiðum og ferðaþjónustu. Þegar landið gekk í ESB 2003, fékk það full yfirráð yfir sínum fiskimiðum og fulla stjórnun sinnar fiskveiðilögsögu á grundvelli sögunnar, en Maltverjar höfðu sjálfir og einir farið með þessi yfirráð í ár og aldir.

Það sama gildir um fiskveiðilögsögu okkar og fiskimið, og virðist það borðleggjandi, að við myndum fá sömu góðu úrlausnina fyrir þessi mál og Malta.

Þegar Svíar og Finnar gengu í ESB 1995, fengu þeir líka sérákvæði inn í samninginn fyrir landbúnaðinn, honum til verndar og styrktar, vegna þess, sem nefnt var „norræn lega“. Er ekki að efa, að við myndum fá sömu sérkjör fyrir íslenzkan landbúnað við fulla inngöngu.

En, af hverju full ESB-aðild í stað 80-90% aðildar með EES og Schengen!?

EES-samningurinn var alltaf hugsaður til bráðabirgða. Samningurinn veitir því ekki aðgang að nefndum, ráðum og framkvæmdastjórn ESB; m.ö.o. við undirgengumst það, sem átti að vera í bili, að taka upp tilskipanir, reglugerðir og lög ESB – sem reyndar eru nær allar af hinu góða – án þess að hafa nokkuð um þær að segja; án nokkurrar umsagnar eða áhrifa, nánast án nokkurrar fyrirfram hugmyndar um, hvað koma skyldi. Þetta er auðvitað ófært til langframa.

EES-samningurinn veitir heldur ekki aðgang að öflugasta og stöðugasta myntkerfi heims, evrunni, sem bæði tryggir lægstu vexti, sem völ er á, fyrir almenning og atvinnuvegina, og stórfellt aukalegt öryggi í formi launa, tekna og eigna, jafnt sem kostnaðar, gjalda og skulda í einni og sömu mynt.

Úrtölu- og afdalamenn fullyrða, að stóru þjóðirnar ráði öllu í ESB; þó við værum inni, myndum við engu ráða. Þetta er enn ein rangfærslan og ósannindaklisjan.

Minnstu þjóðirnar hafa hlutfallslega langmest að segja í ESB. Við fengjum 6 þingmenn á Evrópuþingið. Það þýðir 57.000 Íslendinga á bak við hvern þingmann. Þjóðverjar, með sína 82,4 milljónir íbúa, hafa 96 þingmenn; hjá þeim standa 858 þúsund landsmanna á bak við hvern þingmann. Danir, sem eru 5,8 milljónir, hafa 14 þingmenn; 414 þúsund Danir standa á bak við hvern þingmann þeirra á Evrópuþinginu.

Svona er það í öllu; þess er gætt, að líka þeir „minnstu“ hafi fullan aðgang að áhrifum og völdum. Hver aðildarþjóð, stór eða smá, fær þannig einn kommissar. Þjóðverjar og Frakkar fá líka bara einn.

Oft veljast fulltrúar smærri aðildarþjóða til forustu; Jean-Claude Juncker, frá Lúxemborg, næstfámennasta ríki ESB, hefur t.a.m. verið annar valdamesti maður sambandsins síðustu 5 ár.

Margrether Vestager, frá Danmörku, kynni að taka við af honum. Skandinavar hafa alltaf haft mikið að segja í ESB.

Hver aðildarþjóð hefur auk þess í raun neitunarvald, þar sem þjóðþing allra – nú 28 – aðildarríkjanna verða að samþykkja alla meirihátt- ar samninga, sem ESB gerir, og alla meiriháttar löggjöf eða breytingar á fyrri löggjöf.

Loks skal bent á, að ESB er nú með fríverzlunarsamninga við þrjú mikilvæg lönd – öfluga markaði með samtals 216 milljónir íbúa; Japan, Suður-Kóreu og Kanada – en þessir fríverzlunarsamningar eru ekki með í EES-samkomulaginu.

Full ESB-aðild tryggir þannig í dag frjálsan og tollalausan aðgang að markaði með 729 milljónum manna með verulega eða mikla kaupgetu. Eftir hverju erum við að bíða!?

Aldurssmánun samtímans

Margrét S. Björnsdóttir
71 árs gamall starfsmaður Háskóla Íslands

Eldra fólk taki þátt í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli, hvar sem það kýs.

Þú ert jú komin á aldur“, sagði ungur maður við mig um daginn, þegar í tal barst tiltekið verkefni sem ég hef með höndum og hvort ég hygðist láta af því, sem hann taldi augljóslega tímabært. Ég hrökk við því sjálfsmynd mín er vissulega ekki sú að ég ráði ekki við verkefnið og fannst að mín þátttaka ætti ekki að ráðast af aldri, heldur því hvort ég valdi viðfangsefninu. Af svipuðum toga var ótrúleg og raunar sprenghlægileg frásögn Óttars Guðmundssonar (72 ára) nýverið í Fréttablaðinu, þar sem ungur maður, sem var samferða honum í flugvél, spurði Óttar: „Ertu enn að ferðast?“ Aldursmörkin 67 eða 70 ára virðast orðin að mælikvarða í sjálfu sér, óháð getu eða löngun viðkomandi. Listamenn eru hins vegar ekki settir undir þessa mælistiku og verk þeirra eða frammistaða metin óháð aldri, sem sýnir ágætlega hversu fáránleg hún er. Í atvinnulífinu er fólki sem náð hefur þessum aldri hins vegar lang oftast umsvifalaust vísað á dyr, óháð starfsgetu þess eða -vilja. Hér er verið að sóa samfélagslegum verðmætum og jafnvel töluvert yngra fólk, 45-50 ára, kvartar undan svonefndum „kennitöluvanda“ við atvinnuumsóknir, ekki síst konur. Þeim sé ekki einu sinni boðið í atvinnuviðtal þrátt fyrir þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Sömu viðhorf eða aldursfordómar birtast í opinberri umræðu um þriðja orkupakkann. Þar hafa verið áberandi nokkrir eldri áhugamenn um stjórnmál, en þeim er ítrekað bent á að „tími þeirra sé liðinn“, skoðanir þeirra sagðar „rykfallnar“ og þeir beðnir um að skipta sér ekki af því sem kallað er „okkar framtíð“, svo aðeins sé vitnað í kurteisari ummælin. Reynsla og afleidd dómgreind er einskis metin, eitthvað sem ætti fremur að teljast mikilvægt í þjóðmálaumræðu. Háskóli Íslands er ánægjuleg undantekning þessa. Þar hefur með nýjum rektor verið mörkuð sú stefna, að heimilt er að semja við fólk sem komið er á eftirlaun um tiltekin verkefni, séu þau til staðar. Samið er til afmarkaðs tíma í senn, á fyrri launum, þótt ekki fylgi öll sömu starfskjör. Slíkir samningar verða að sjálfsögðu að þjóna hagsmunum beggja aðila og viðkomandi starfsmaður að sætta sig við reglubundna endurskoðun. Opinberir aðilar og fyrirtæki ættu að fylgja þessu almenna fordæmi og einhverjir kunna að gera það. Með þessu er ég ekki að gera lítið úr því, að sum störf ganga mjög nærri fólki þannig að sjálfsagt er að það geti farið á eftirlaun 67-70 ára. En lykilatriði er að fólk hafi val, sé geta og áhugi til staðar.

Það er eitt af einkennum okkar samtíma að hópar sem hafa mátt sæta neikvæðri umræðu eða fordómum hafa risið upp og krafist þess að vera jafnrétthæir öðrum, sem ekki bera sömu einkenni og vera metnir á grunni eigin verðleika. Þar hafa verið áberandi t.d. fatlaðir, samkynhneigðir, hörundsdökkir, tónlistarmaðurinn Logi Pedro Stefánsson talaði nýverið um kynþáttaníð, fólk í yfirþyngd, sem kallar það fitusmánun, að ekki sé minnst á konur.

Barátta eldri borgara fyrir mannsæmandi eftirlaunum og tryggingabótum er mikilvæg. En það er ekki síður mikilvægt og raunar mannréttindi að á þá sé hlustað og borin fyrir þeim tilhlýðileg virðing. Eldra fólk taki þátt í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli, hvar sem það kýs. En einhvern veginn er eins og þeir sem eldri eru séu feimnir við að setja fram þá kröfu og sætti sig við jaðarsetninguna.

Þessu þarf að breyta – það eru hagsmunir allra, líka þeirra sem yngri eru og eiga eftir að eldast.

Jöfnum tækifæri, ekki útkomu

Kristófer Alex Guðmundsson
forseti Upp- reisnar, ung- liðahreyfingar Viðreisnar

Nýtt frumvarp um breytingar á erfðafjárskatti hefur ýmislegt gott fram að færa. Frumvarpið, sem lagt er fram af þingflokki Viðreisnar, leggur til að horfið verði frá því að líta á dánarbú manns sem andlag erfðafjárskattsins. Þess í stað yrði horft til arfs hvers erfingja um sig. Á mannamáli þýðir það að sá sem erfir búið greiðir skattinn en ekki dánarbúið, þ.e. ef um fleiri en einn erfingja er að ræða þá gildir skattafrádrátturinn fyrir hvern og einn þeirra. Frumvarpið hækkar einnig skattafrádráttinn úr 1,5 m.kr. í 6,5 m.kr. Því er um að ræða mikla skattalækkun fyrir fjölskyldur í landinu.

Aftur á móti vilja þingmenn Viðreisnar þrepaskipta erfðafjárskatti enn frekar. Af fyrstu 15 m.kr. skal greiða 10% erfðafjárskatt, af næstu 15 m.kr. skal greiða 15% og af þeim hluta arfs sem er umfram 30 m.kr. skal greiða 20%. Slíkt er gert í einlægri tilraun til þess að greiða fyrir skattaafslátt annarra en einnig vegna þess að þeir telja „eðlilegt að þeir erfingjar sem mest fá greiði hlutfallslega mest í skatt“.

Undanfarin ár hafa ýmsir stjórnmálaflokkar kallað eftir því að þeir sem hafi meira á milli handanna greiði meira. Slíkt hlýtur að þykja eðlilegt í nútímasamfélagi, en höfundur veltir fyrir sér hvort því markmiði sé ekki þegar náð með hlutfallsskatti, enda er 10% skattur af 50 m.kr. tífalt meira greitt í skatt heldur en 10% af 5 m.kr. Afleiðuvæðing skatta hefur valdið því að nú er ekki nóg að greiða margfalt meira heldur þarf að greiða tvöfalt meira heldur en það, hlutfallslega. Fyrirtæki með fjölda fólks í vinnu gæti því þurft að taka stakkaskiptum í þeim eina tilgangi að halda áfram rekstri við kynslóðaskipti, sem kæmi helst niður á starfsfólki og neytendum.

Viðreisn hefur lagt margt fram sem jafnar leikinn og gerir fleirum kleift að ná árangri, á borð við jafnlaunavottun og afnám stimpilgjalds fyrir allt atvinnulífið. Að tillögu höfundar var bætt við stjórnmálaályktun milliþings Viðreisnar 2. mars sl.: „Viðreisn vill lækka skatta, einfalda þá og samræma.“ Frumvarp þingflokksins er á skjön við ályktunina, hækkar og flækir skatta á fjölskyldufyrirtæki, lítil samræming er í skattlagningunni og letur hún frumkvæði fyrirtækja. Viðreisn á að jafna tækifæri, ekki útkomu.

SAMSUNG QLED 2019

UPPLIFÐU ALVÖRU MYNDGÆÐI

Q60R

PQI3100 Sýnir alla liti 100% Ambient mode
Quantum Dot Supreme UHD Dimming QHDR

Verð frá
194.900 kr

49" 55" 65"

Q70R

PQI3300 QHDR 1000 Ambient mode Quantum Dot
Full Array Local Dimming Sýnir alla liti 100%

Verð frá
249.900 kr

55" 65" 75" 82"

Q85R

PQI3800 AMBIENT MODE No-Gap Wallmount Compatible
One Connect Box Direct Full Array Plus QHDR 1500 Q Wide Angle

Verð frá
389.900 kr

55" 65"

Q90R

No-Gap Wallmount Compatible Direct Full Array Elite QHDR 2000
One Connect Box AMBIENT MODE Ultimate Black Elite PQI4000
Q Wide Angle

Verð frá
399.900 kr

55" 65" 75"

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON

SAMSUNG SETRIÐ

LÁGMÚLA 8 | SÍMI 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18

samsungsetrid

Stærsti bitinn laus allra mála

Besti körfuboltamaður heims, Kevin Durant, ákvað að hafna samningi Warriors í gær og er því frjálst að ræða við önnur lið. Þrátt fyrir alvarleg meiðsli munu öll lið deildarinnar áhugasöm um að fá Durant.

Brooklyn Nets

Skyndilega fóru að heyrast raddir um áhuga Durants á að semja við Nets á sama tíma og Kyrie Irving. Nets getur boðið bæði Irving og Durant veglega samninga og myndað nýtt ofurlið í Austurdeildinni.

NY Knicks

Durant og New York Knicks hafa lengið daðrað við hugmyndina um að Durant eigi að leiða lið Knicks inn í nýtt gullaldartímabil. Stærsti markaður Bandaríkjanna og að leika í einni frægustu höll heims, Madison Squere Garden, gæti dregið Durant í átt að liði Knicks.

LA Lakers

Vill Durant ganga til liðs við Anthony Davis og Lebron James og mynda nýtt ógnarsterkt þrieyki? Með Durant innanborðs yrði Lakers-liðið geysisterkt og hann líklegur til að vinna meistaratitla næstu árin hjá félagi sem þrífst á því að vinna titla.

LA Clippers

Sameinast Kawhi Leonard og Durant um að ganga til liðs við Clippers og koma liðinu úr skugga Lakers? Clippers-liðið hefur staðið í skugga stóra bróðurins frá því að liðið kom til Los Angeles frá San Diego og gæti það heillað Durant að færa liðinu fyrsta meistaratitilinn.

GS Warriors

Durant fengi nægan tíma til að ná sér af meiðslunum og myndi halda áfram á kunnuglegum slóðum hjá liði Warriors sem mun áfram berjast um meistaratitla í nýrri keppnishöll sem verður opnuð í haust.

NBA Körfuboltamaðurinn Kevin Durant tilkynnti forráðamönnum Golden State Warriors það í gær að hann hygðist ekki nýta sér ákvæði í samningi sínum um eins árs framlengingu og er honum því frjálst að ræða við önnur lið í sumar. Durant er einn besti körfuboltamaður heims og er ljóst að hörð barátta er fram undan um að tryggja sér þjónustu hans þrátt fyrir að hann hafi slitið hásin á dögunum og óvíst hvort hann komi við sögu á næsta tímabili.

25

Durant er með 25 stig að meðaltali í þeim 849 leikjum sem hann hefur leikið í NBA-deildinni.

Ákvörðun Durants um að semja við Golden State árið 2016 var afar umdeild en hann yfirgefur San Francisco með tvo meistarahringa í farteskinu og reynslunni ríkari. Nú ætlast hann til þess að fá greitt eftir að hafa veitt forráðamönnum Golden State afslátt undanfarin ár til að aðstoða við að byggja upp liðið og að hann verði í forgrunni liðs sem ætlar sér meistaratitil.

Durant er eitt hættulegasta sóknarvopn sem deildin hefur séð með stærð sinni og hæfileikum og lið sem nær að semja við hann verður strax talið líklegt til þess að landa meistaratitlum næstu árin en hver er næsti áfangastaður hans? Hann hefur sjálfur ekki útilokað að semja á ný við Golden State en það eru fleiri lið sem ætla sér að semja við þennan magnaða leikmann til að blanda sér í baráttuna um meistaratitilinn. **– kpt**

Breiðablik að fá góðan liðsstyrk

FÓTBOLTI Knattspyrnumaðurinn Gísli Eyjólfsson mun snúa aftur til Breiðabliks og leika með liðinu eftir rúmlega hálfs árs dvöl á láni hjá sænska B-deildarliðinu Mjällby.

Viðræður milli félaganna og Gísla hafa staðið yfir í nokkra daga og nú hefur ákvörðun verið tekin með framhaldið. Það er blikar.is sem greinir frá þessu.

Breiðablik er eins og staðan er núna í harðri baráttu við KR um toppsætið í Pepsi Max-deildinni en KR trónir á toppnum með 23 stig en Breiðablik er einu sæti neðar með 22 stig.

Liðin mætast einmitt í næstu umferð deildarinnar mánudaginn 1. júlí en Gísli verður löglegur með Breiðabliki í þeim leik. Næsti leikur Breiðabliks er gegn Fylki í átta liða úrslitum Mjólkurbikarsins í kvöld en Gísli verður ekki kominn með leikheimild í þeim leik. **– hó**

Palace tók tilboði United í Wan-Bissaka

FÓTBOLTI Greint var frá því í gær að Crystal Palace og Manchester United hefðu komist að samkomulagi um kaupverðið á hægri bakverðinum Aaron Wan-Bissaka.

Wan-Bissaka mun gangast undir læknisskoðun á næstu dögum og skrifa undir samning á Old Trafford eftir að hann kemur heim frá Evrópumóti U21 ára þar sem England féll úr leik í riðlakeppninni.

Manchester United greiðir fimmtíu milljónir punda fyrir bakvörðinn og mun hann fá tæp hundrað þúsund pund á viku í laun. Með því verður Wan-Bissaka fjórði dýrasti leikmaðurinn í sögu félagsins á eftir Paul Pogba, Romelu Lukaku, og Angel Di Maria og annar leikmaðurinn sem kemur til félagsins í sumar á eftir Daniel James frá Swansea City. **– kpt**

Fimmti Brasilíumaðurinn sem Gunnar mætir í búrinu

MMA Staðfest var í gær að Gunnar Nelson myndi mæta hinum brasilíska Thiago Alves í UFC-bardaga í Kaupmannahöfn þann 28. september næstkomandi. Verður þetta fyrsti bardagi Gunnars í hálft ár eða síðan hann tapaði samkvæmt dómaraúrskurði gegn Leon Edwards í London í mars síðastliðnum. Bardagi Gunnars og Thiago fer fram í Royal Arena-höllinni og er fyrsti bardagi kvöldsins sem er staðfestur á fyrsta bardagakvöldi UFC í höfuðborg Danmerkur.

Þetta er fyrsti bardagi Gunnars síðan í mars og þarf Gunnar á sigri að halda. Eftir að hafa verið ósigraður í fyrstu fjórtán bardögunum hefur Gunnar tapað fjórum af síðustu átta bardögum í búrinu.

75%

Af fjórum bardögum Gunnars gegn Brasilíumönnum til þessa hefur Gunnar unnið þrjá.

Hinn 35 ára gamli Alves hefur unnið 23 bardaga af 37 á ferlinum og komst nálægt því að fá veltivigtarbeltið árið 2009 þegar hann tapaði titilbardaganum gegn Georges St-Pierre.

Undanfarin ár hafa ekki reynst Alves vel, eftir að hafa unnið sautján af fyrstu 22 bardögum ferilsins hefur hann tapað níu af síðustu fimmtán bardögum.

Alves verður fimmti brasilíski bardagakappinn sem Gunnar mætir á ferlinum. Til þessa hefur Gunnar unnið þrjá bardaga og tapað einum. **– kpt**



Gunnar á von á góðum stuðningi í Kaupmannahöfn. NORDICPHOTOS/GETTY

ÚTSALAN ER HAFIN

20%-50% AFSLÁTTUR

ÚTILÍF

síðan 1974

ARNASYNIR

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

27. JÚNÍ 2019 FIMMTUDAGUR

Merkisatburðir

1835 Vísur Íslendinga – Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur – eftir Jónas Hallgrímsson eru fyrst sungnar opinberlega. Það gerist í Hjartakershúsum í Danmörku.

1855 Danska gufuskipið Thor kemur til Reykjavíkur, það er fyrsta gufuskipið sem kemur til Íslands.

1903 Fyrsta kvikmyndasýning á Íslandi fer fram í Góðtemplarahúsinu á Akureyri.

1921 Rafstöðin við Elliðaár er gangsett.

1925 Lög um mannanöfn ganga í gildi á Íslandi og eftir það er bannað að taka sér ættarnafn.

1930 Skógræktarfélag Íslands er stofnað á Þingvöllum.

1951 Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur skógrækt í Elliðaárhólmanum. 3.000 plöntur eru settar niður fyrsta daginn.

1951 Krabbameinsfélag Íslands er stofnað.

1985 Þjóðvegurinn Route 66 er felldur út úr þjóðvegakerfinu í Bandaríkjunum.

1990 **Bob Dylan** heldur tónleika í Laugardalshöll á vegum Listahátíðar.

2006 Samkynhneigðir á Íslandi fá réttarstöðu á við gagnkynhneigða varðandi skráningu í sambúð.

Íris Hrund, Dísa, Erla og Harpa Fönn í Grúsku Babúsku eru á leið til Glastonbury í dag! FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sterk orka í Glastonbury

Íslenska kvennahljómsveitin Grúska Babúska kemur fram á bresku tónlistarhátíðinni í Glastonbury í fyrsta skipti nú um helgina. Hún er þó hagvön á svæðinu og hrifin af því.

Það er stórkostlegt tækifæri að fá að spila á Glastonbury-tónlistarhátíðinni. Við erum alsælar með það," segir Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, ein þeirra fjögurra kvenna sem skipa hljómsveitina Grúska Babúska nú um stundir. Sú sveit er hin eina alíslenska sem kemur fram á Glastonbury-hátíðinni í ár. „Þetta er stór hátíð, 250 þúsund manns eru þarna yfir eina helgi, bara eins og allir Reykvíkingar væru samankomnir," lýsir Harpa Fönn. „Ég held að þar séu 40 til 50 svið og hvert svið er með sína eigin litlu hátíð, svo þetta er mjög sérstakt. Við komum fram á sunnudaginn á Croissant Neufsviðinu, þar hafa listamenn á borð við Ed Sheeran komið fram."

Með Hörpu Fönn eru Íris Hrund Þórarinsdóttir, Dísa Hreiðarsdóttir og Erla Stefánsdóttir í Grúsku Babúsku sem stofnuð var 2012 og hefur verið fjölmennari. Hljóðheimurinn samanstendur helst af röddum, spiladós, bassa, melódíku, rafmagnsfiðlu, klukkuspili og slagverki. Þó að þær séu að spila á Glastonbury-hátíðinni í fyrsta skipti þá hafa þær mikið verið í samnefndum bæ. Harpa Fönn útskýrir hverju það sætir. „Við fórum í tónleikaferð um Bretland fyrir þremur árum og vorum bókaðar á stað sem heitir The King Arthur í Glastonbury. Vorum að spila í Bristol kvöldið áður og hálf ryðgaðar þegar við stigum út úr rútunni en fundum strax hvað Glastonbury er magnaður staður. Stoppuðum bara einn sólarhring en tókum skyndiákvörðun um að fara þangað aftur um haustið í tónsmíðaferð og semja lög á nýja plötu. Stóðum við það og vorum í tíu daga, spiluðum aftur á The King Arthur, kynntumst mörgum heimamönnum og sumir spiluðu inn á plötuna okkar því þarna er mikil tónlist og gróska í jaðarlistum."

Harpa Fönn segir skráða íbúa í miðaldabænum Glastonbury um 7.000. „Manni líður eins og á Akureyri, nema hvað þarna er eins konar mekka seiðmanna og gyðja. Við aðalgötuna er ótrúlegt framboð varnings og þjónustu, vanti mann nornakúst eða verndarsteina þá finnur maður hvort tveggja og vilji maður fara í nálastungu eða jóga, þá er nóg um slíkt." Hún segir plötu sveitarinnar, Tor, sem kom út á síðasta ári, nefnda eftir Glastonbury Tor, merku mannvirki á fagurri hæð ofan við bæinn. „Tor er nokkurs konar hlið og það eru alls konar andlegar sögur og mýtur um þann stað, því kringum hann er sterk orka," lýsir hún.

Grúska Babúska er einmitt þekkt fyrir tónlist sem færir hlustandann inn í draumkenndan heim, ýmist gáskafullan eða dimman, og Harpa Fönn segir bæinn hafa verið fyrir þær dömurnar eins og að koma heim. „Svo gerist það í einni tónleikaferð þegar við vorum að spila á stað í Bristol að hljóðmaðurinn er svona hrifinn af okkur og tónlistinni okkar og segir: „Hei! mamma mín er með svið á hátíðinni í Glastonbury," og í kjölfarið fengum við boð um að spila þar. Við náttúrlega þáðum það, enda verður það ótrúleg lífsreynsla."

gun@frettabladid.is

Hafrannsóknastofnun hlaut Fjörusteininn

Hafrannsóknastofnun (Hafró) hlaut nýlega Fjörusteininn, umhverfisverðlaun Faxaflóahafna. Eitt stærsta hlutverk hennar er að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda hafs og vatna auk þess að sjá um umfangsmiklar umhverfismælingar og vöktun á lífríki.

Hafró á og rekur tvö sérútbúin rannsóknarskip, Árna Friðriksson RE 200 og Bjarna Sæmundsson RE 30, heimahöfn þeirra hefur alla tíð verið Gamla höfnin í Reykjavík. Í rökstuðningi Faxaflóahafna fyrir verðlaununum segir meðal annars: „... umgengni stofnunarinnar við hafnarsvæðið hefur verið til fyrirmyndar ásamt því að skip hennar hafa verið landtengd með rafmagni og hitaveitu svo árum skiptir. Flokkun sorps frá skipunum hefur einnig verið aukin til muna við innleiðingu Grænna skrefa sem snúast um að efla vistvænan rekstur." – gun

Sólmundur Már Jónsson, mannauðs- og rekstrarstjóri Hafró, og Ásmundur Bergmann Sveinsson, skipstjóri á Bjarna Sæmundssyni, með verðlaunagripinn.

†

Elskulegi faðir okkar, afi, langafi og tengdafaðir,

Ingólfur Bárðarson

Sigtúni 19, Selfossi,

lést 25. júní. Útför mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Erla Ingólfsdóttir
Hulda Ingólfsdóttir — **Óskar Lúðvík Högnason**
Bára Ingólfsdóttir — **Stefán Guðjónsson**
Linda Ingólfsdóttir — **Garðar Már Garðarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ásgeir Pétursson

fv. sýslumaður og bæjarfógeti, Kópavogsbraut 1a,

lést mánudaginn 24. júní sl. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 5. júlí kl. 13.00.

Guðrún Ásgeirsdóttir
Ingibjörg Ásgeirsdóttir
Sigríður Ásgeirsdóttir — **Þórður Kristinsson**
Pétur Ásgeirsson — **Jóhanna Gunnarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Magnea Erna Auðunsdóttir

hjúkrunarfræðingur, Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést á Sólvangi í Hafnarfirði sunnudaginn 23. júní. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 2. júlí kl. 15.00.

Guðmundur Jónsson
Auðunn G. Guðmundsson — **Anna V. Þormar**
Elínborg Guðmundsdóttir — **Páll Ólafsson**
Elfa Guðmundsdóttir
Steinunn Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Horfðu á heildarmyndina

Heima

Allt í einum pakka á lægra verði

Ótakmarkað Internet

Netbeinir og WiFi framlenging

Sjónvarps-þjónusta

Ótakmarkaður heimasími

\+

Afþreying frá Stöð 2

Uppsetning á interneti innifalin.
Kynntu þér málið á **vodafone.is**, í síma **1414**, í næstu verslun eða hjá umboðsaðilum okkar um land allt.

vodafone

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12 °C | 4 ↑	11 °C | 12 ↗	17 °C | 7 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
22 °C | 6 ↘	19 °C | 5 ↘	9 °C | 8 ↑

Suðvestan og vestan 5-15 m/s, hvassast NV-lands. Súld með köflum V-til á landinu og rigning í kvöld en þykknar heldur upp fyrir austan. Suðvestan og sunnan 5-13 og dálítil rigning eða súld V-til í dag, en víða bjart eystra. Hiti 10 til 23 stig, hlýjast fyrir austan. Fer að rigna í flestum landshlutum í kvöld, einkum V-til á landinu.

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12 °C | 4 ↗	9 °C | 8 ↗	15 °C | 10 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
19 °C | 4 ↘	14 °C | 4 ↗	8 °C | 6 ↗

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
14 °C | 1 ←	8 °C | 5 ↙	7 °C | 2 ↙
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
8 °C | 4 ↙	10 °C | 4 ←	10 °C | 6 ↙

LÉTT

6		2		4	5		1	
1		4	6		2		9	
	7	8	9					
	8		1			9	6	
9								7
	4	1		9		5		2
		3						
7					4	6		
	5		2	1	7	3		

MIÐLUNGS

	2				8	3	6	
				3		9		7
1			9	2				
7				6		8		
		8	4				7	
6	1			8			3	5
						6	4	
5		3					8	9
4			3					

ÞUNG

		4	8				3	7
						4		2
	9					5		
				1	9	7		3
	7		4			6		
3	4	1		6	2			
	2			5				
	1	9		7			6	8
7		3						

Krossgáta

LÁRÉTT
1. Sella
5. Naumur
6. Tveir eins
8. Ríki í Afríku
10. Átt
11. Brunafrost
12. Snap
13. Ókyrrð
15. Tínsla
17. Letrun

LÓÐRÉTT
1. Sárasótt
2. Rannsaka
3. Ískur
4. Stöðvun
7. Dottinn
9. Ekki beinlínis
12. Illmenni
14. Pípa
16. Tveir eins



LÁRÉTT: 1. fruma, 5. rýr, 6. ff, 8. angóla, 10. na, 11. bál, 12. þetl, 13. óróti, 15. söfnun, 17. rítun.
LÓÐRÉTT: 1. fransós, 2. rýna, 3. urg, 4. aflát, 7. fallinn, 9. óbeint, 12. bófi, 14. rór, 16. uu.

8	9	2	6	5	3	7	1	4
1	4	5	2	7	8	3	9	6
3	6	7	4	9	1	5	8	2
6	1	9	3	2	5	8	4	7
7	5	3	8	4	6	1	2	9
2	8	4	7	1	9	6	3	5
9	7	1	5	8	2	4	6	3
4	3	8	9	6	7	2	5	1
5	2	6	1	3	4	9	7	8

9	3	6	2	4	7	1	5	8
7	8	1	5	9	3	6	4	2
2	4	5	8	1	6	7	3	9
3	6	8	4	5	9	2	7	1
5	7	9	1	3	2	8	6	4
1	2	4	6	7	8	3	9	5
8	9	2	7	6	5	4	1	3
6	1	3	9	8	4	5	2	7
4	5	7	3	2	1	9	8	6

1	8	7	2	9	3	5	6	4
9	2	5	4	8	6	7	1	3
4	3	6	1	5	7	8	9	2
2	6	8	9	4	1	3	5	7
3	4	9	7	2	5	1	8	6
5	7	1	3	6	8	4	2	9
6	9	3	5	1	4	2	7	8
7	1	2	8	3	9	6	4	5
8	5	4	6	7	2	9	3	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Skák

Gunnar Björnsson

Beliavsky átti leik gegn Tavadjan í Jarosloav árið 1982.

1. Hxe5! Dxe5 (1....Bxe5 2. Hd8#). **2. Hd8+! Bxd8 3. Dxe5+ 1-0.** Mikið gengur á í norsku skáklífi um þessar mundir. Skáksambandinu þar standa til boða 730.000.000 kr. frá veðmálafyrirtæki. Margir mótmæla en heimsmeistarinn, Magnús Carlsen, hefur blandað sér í átökin með beinum hætti. **www.skak.is:** Skák í Noregi.

Hvítur á leik

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

K371 sófi
Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar
Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15
Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNAÐI!

Helgusteik
í Esjumarineringu
1.399 KR/KG
ÁÐUR: 2.798 KR/KG
-50%

Grísakinnar
Mexican style
-70%
689 KR/KG
ÁÐUR: 2.298 KR/KG

Lambalæri
Kryddað
-20%
1.278 KR/KG
ÁÐUR: 1.598 KR/KG

Kjúklingabringur
BBQ country
-28%
1.994 KR/KG
ÁÐUR: 2.769 KR/KG

Ungnautahamborgarar
4x90 gr með brauðum
-20%
1.167 KR/PK
ÁÐUR: 1.459 KR/PK

Kleinuhringir
-50%
99 KR/STK
ÁÐUR: 198 KR/STK

Ristorante pizzur
Ýmsar tegundir
-15%
398 KR/PK
ÁÐUR: 469 KR/PK

Blandaðar lambagrillsneiðar
1.199 KR/KG
ÁÐUR: 1.998 KR/KG
-40%

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is
Tilboðin gilda 27. - 30. júní
Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÓDÝRAST Á NETINU
Í VEFVERSLUN NETTÓ*
*Skv. könnun Fréttablaðsins

Erró á verk sem sýnd eru í Pakkhúsinu í Ólafsvík.

Tvær ljósmyndir, eftir Ragnhildi Láru Weisshappel og Önnu Eyjólfsdóttur, prýða þennan vegg við verslunina Kassann í Ólafsvík.

Ferðalag um Snæfellsnes

Anna Eyjólfsdóttir stendur hér við bátaverk Árna Páls Jóhannssonar. FRÉTTBLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Tugir listamanna sýna verk sín á Snæfellsnesi í sumar. Sýningarstaðir eru rúmlega þrjátíu. Sýningin er sú þriðja sinnar tegundar og í tengslum við hana kemur út vegleg bók.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sannkölluð stórsýning á myndlist er haldin á Snæfellsnesi í sumar á rúmlega þrjátíu sýningarstöðum og þar eru sýnd verk eftir sjötíu og einn listamann. Akademía skynjunarinnar og Svæðisgarðurinn Snæfellsnes standa saman að sýningunni sem hefur heitið Nr. 3 Umhverfing og stendur til ágústloka. Myndlistarmennirnir Anna Eyjólfsdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir og Þórdís Alda Sigurðardóttir eru sýningarstjórar sýningarinnar.

Verkefnið Umhverfing er ferðalag umhverfis landið. Nr. 3 Umhverfing er þriðja sýningin í því ferðalagi. Nr. 1 Umhverfing var haldin á árið 2017, þar sem fjórtán listamenn með tengsl við Skagafjörð sýndu verk sín innan og utandyra á fjórum stöðum á Sauðárkróki. Á sýningunni Nr. 2 Umhverfing árið 2018 sýndu þrjátíu og sjö listamenn með tengsl við Fljótsdalshérað á fjórum stöðum á Egilsstöðum.

Verkefnið vex jafnt og þétt og nú sýnir sjötíu og einn listamaður vítt og breitt á Snæfellsnesi. Upphafspunkturinn er í Breiðabliki, Gestastofu Svæðisgarðsins Snæfellsness, þar sem sýnendur kynna sig á veggspjöldum sem hver og einn hefur útbúið með sínu lagi," segir Anna. „Hugmyndin að baki þessum sýningum er að sýna verk eftir listamenn sem tengjast viðkomandi svæðum, eru ættaðir þaðan, hafa búið þar eða dvalið í lengri eða skemmri tíma."

VIÐ HÖFUM FUNDIÐ FYRIR MIKILLI JÁKVÆÐNI HVAR SEM VIÐ KOMUM, SEM BER GREINILEGA VOTT UM ÁHUGA Á MENNINGU OG LISTUM.

Nútímalist til almennings

Anna segir að þetta sé hugsjónastarf og unnið að langmestu leyti í sjálfboðavinnu. „Við viljum færa nútímalistina nær almenningi og setjum listaverk upp í tengslum við aðra menningarstarfsemi á viðkomandi svæði en setjum þau einnig í óhefðbundið rými. Listaverkin eru í þetta sinn á rúmlega þrjátíu stöðum, aðallega í þéttbýliskjörnum. Við höfum til dæmis alltaf sýnt verk á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða og þar höfum við fundið fyrir alveg sérlega miklu þakklæti. Nú er sýningin einnig á hótelum, veitingahúsum, í gömlum hlöðum, uppgerðum og óuppgerðum, kirkjum, þjóðmenningar- og kynningarsetrum, í fjörum og utan á húsum og veggjum. Við höfum fundið fyrir mikilli jákvæðni hvar sem við komum, sem ber greinilega vott um áhuga á menningu og listum."



Þessi volduga lóa listamannsins Steingríms Eyfjörðs er sýnd í Norska húsinu í Stykkishólmi ásamt öðrum listaverkum.

Listamennirnir eru valdir með tilliti til tengsla þeirra við viðkomandi svæði og það vekur oft áhuga þeirra á ætt sinni og uppruna," segir Anna. Sýningin á Snæfellsnesi nú setur sannarlega svip á þetta fallega svæði. „Heimamenn fá að kynnast því hvað þeirra fólk er að gera og aðrir geta sömuleiðis notið fjölbreyttrar listar. Verkin spanna nánast öll svið myndlistar og þátttakendurnir eru allt frá óþekktum myndlistarmönnum til heimsþekktra myndlistarmanna. Þess má geta að í þeim stóra hópi sem sýnir á Snæfellsnesi eru átta sem hafa verið fulltrúar Íslands á Feneyjabienn-alnum," segir Anna.

Sérstakt leiðakort

Bækur hafa verið gefnar út í tengslum við fyrri sýningar og svo er einnig nú. Í bókinni sem kemur út í tengslum við þessa sýningu eru upplýsingar um alla þátttakendur sýningarinnar í máli og myndum. Hjónin Sturla Böðvarsson, fyrrverandi ráðherra, og Hallgerður Gunnarsdóttir lögfræðingur skrifa grein um mannlíf og menningu á Snæfellsnesi. Elísabet Haraldsdóttir, menningarfulltrúi Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, og Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins Snæfellsness, skrifa um aðdraganda sýningarinnar og formála bókarinnar. Bókin er til sölu í Breiðabliki, Norska húsinu í Stykkishólmi og Pakkhúsinu í Ólafsvík. Sérstakt leiðakort sýningarinnar liggur frammi á þessum stöðum og á flestum sýningarstöðunum, sem allir geta fengið án endurgjalds til að taka með sér í ferðalagið.

Á https://www.facebook.com/umhverfing/ er hægt að nálgast upplýsingar um sýninguna. Þar er slóð inn á Google Maps með upplýsingum og nákvæmum staðsetningum allra listaverka sýningarinnar.

ÚTSALAN
hefst kl. 11

© Inter IKEA Systems B.V. 2019

Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - **IKEA.is**

Pétur Thomsen, Ásfjall/Mt. Ásfjall (2008-2011).

Hafnarfjörður með ólíkum augum

Svala Ragnars, Krossgötur/Crossroads (2015-2018).

Átta samtímaljósmyndarar sýna myndir sínar í Hafnarborg. Meðal þess sem sjá má eru álfaheimili og gervibirta ljósastaura.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

„Þetta er sýning sem á erindi við okkur öll. Hún fjallar um nánasta umhverfi okkar og hvað við erum að gera við það á 21. öldinni.

Tímahvörf er sýning átta samtímaljósmyndara í Hafnarborg. „Þessir ljósmyndarar hafa á undanförnum þrettán árum komið hingað í bæinn til að taka myndir," segir Ágústa Kristófersdóttir, forstöðumaður Hafnarborgar. „Verkin endurspegla ákveðinn tíma, upphaf 21. aldarinnar í gegnum linsu þessara ljósmyndara og við sjáum bæinn með ólíkum augum. Þetta eru bæði íslenskir og erlendir ljósmyndarar, sumir þeirra Hafnfirðingar, ýmist aðfluttir eða innfæddir, þannig að sýn þeirra er fjölbreytileg og mjög skemmtileg.

Marino Thorlacius hefur farið út á suðurjaðar byggðarinnar þar sem á undanförnum árum hefur risið stórt iðnaðarsvæði. Hann sýnir okkur hvernig byggðin og náttúran takast á og renna saman og hvernig fegurðin getur jafnvel búið í ljótleikanum. Algjörlega á hinum endanum er Svala Ragnars sem er Hafnfirðingur og lærði heimildarljósmyndum í London. Hún vann að bók sem heitir Krossgötur og fjallar um álagabletti og álfaheimili á Íslandi en Hafnarfjörður er einmitt álfabær og stundum er sagt að þar búi 30.000 manns og 10.000 álfar.

Svala tók myndir af völdum stöðum hér í Hafnarfirði þar sem er sambýli þess hulda og okkar mannanna er sýnilegt. Í þessum myndum sést mjög vel tvöfalt skipulag, annars vegar skipulagið fyrir mennina og svo fyrir það sem ekki allir sjá."

Áhrifarík sería

Á sýningunni eru verk úr seríunni Ásfjall eftir Pétur Thomsen. „Þetta er sería sem hann vann í tengslum við Þjóðminjasafnið frá 2007-2011. Upphaflega markmiðið var að mynda hvernig maðurinn væri að brjóta náttúruna undir sig á Ásfjalli til að byggja þar íbúðabyggð. Í hruninu 2008 fór byggingaiðnaðurinn á hliðina og eftir stóðu hálfbyggð draugahverfi. Pétur myndaði þetta allt saman. Þetta er mjög áhrifarík sería og við erum með hluta af henni hér. Hún minnir á að stundum getur það sem við höldum að verði stórkostlegt orðið eitthvað allt annað."

Innra ferðalag

Ljósmyndararnir Daniel Reuter og Pamela Perez eru að sögn Ágústu dæmi um ljósmyndara sem eru á eins konar innra ferðalag. „Pamela er Bandaríkjamaður sem bjó í tíu ár í Hafnarfirði, lærði ljósmyndun í Ljósmyndaskólanum og vann lokaverkefnið sitt um heimabæinn sinn og sína sýn á hann. Myndir hennar eru mjög persónulegar og ljóðrænar og það er ekki nema fyrir innvígða Hafnfirðinga að þekkja senur frá Hellisgerði eða frá Krýsuvík. Daniel var að leita að mótífum í nágrenni Reykjavíkur og það var tilviljun sem réð því að hann endaði hér í Hafnarfirði.

Við erum með verk eftir Stuart Richardson sem er úr seríunni Natriumsól þar sem hann sýnir okkur gervibirtu ljósastauranna. Hann vann hluta seríunnar sérstaklega fyrir þessa sýningu. Þetta eru myndskeið af völdum stöðum þar sem ljósastaurarnir skína að því er virðist fyrir engan eða fáa."

Sýningin stendur í allt sumar, fram í lok ágúst. „Þetta er sýning sem á erindi við okkur öll. Hún fjallar um nánasta umhverfi okkar og hvað við erum að gera við það á 21. öldinni. Ljósmyndarar varpa fram mikilvægum spurningum sem við getum kannski ekki svarað en er áríðandi að við veltum fyrir okkur," segir Ágústa.

„Sýn þeirra er fjölbreytileg og mjög skemmtileg," segir Ágústa Kristófersdóttir, forstöðumaður Hafnarborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Listamennirnir

Listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru Daniel Reuter, Marino Thorlacius, Pamela Perez, Pétur Thomsen, Spessi, Staś Zawada, Stuart Richardson og Svala Ragnars. Sýningarstjóri er Kirsten Simonsen.

Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

27. JÚNÍ 2019

Fræðslugöngur

Hvað? Kvöldganga um Aðalstrætið
Hvenær? 20.00
Hvar? Grófarhús í Kvosinni
Aðalstræti er ein elsta og merkasta gata Reykjavíkur með djúpar sögulegar rætur allt frá landnámstíð. Guðbrandur Benediktsson sagnfræðingur leiðir gönguna og fræðir göngufólk. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir. Leiðsögnin fer fram á íslensku.

Aðalstræti 2 til 12. Fyrir enda götunnar er bryggjuhúsið, Vesturgata 2, með borgarhliðinu. Ljósmyndari: Guðmundur O. Eiríksson

Hvað: Söguganga um Strandstíg í Hafnarfirði
Hvenær: 20.00
Hvar: Drafnarslippur – á móts við Strandgötu 75
Lúðvík Geirsson hafnarstjóri leiðir göngu um ljósmyndasýningu Byggðasafns Hafnarfjarðar á Strandstígnum. Gangan tekur um klukkustund, Þátttaka er ókeypis.

Myndlist

Hvað? Míní-míní múltíversa – sýningaropnun
Hvenær? 20.00
Hvar? Listasafn Reykjavíkur
Ragnheiður Káradóttir kannar mörkin milli hins manngerða og náttúrulega.

Tónlist

Hvað? Alþjóðlegt orgelsumar
Hvenær? 12.00-12.30
Hvar? Hallgrímskirkja
Tuuli Rähni, organisti í Ísafjarðarkirkju, leikur verk eftir Léon Boëllmann, Nicolas De Grigny, Peeter Süda og sig sjálfa. Miðaverð er 2.500 krónur.

Hvað? Freyjujazz
Hvenær? 17.15-18.00
Hvar? Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7
Helga Laufey Finnbogadóttir píanóleikari kemur fram ásamt tríói sínu. Á efnisskránni verða djassópusar eftir Cedar Walton, Chick Corea og Oscar Peterson í bland við frumsamið efni og þjóðlög í nýjum búningi. Með henni leika Guðjón Steinar Þorláksson og Erik Qvick. Miðaverð: 2.000 krónur.

weather™ report

SUMARLÍNAN 2019

Barna
regnbuxur
st. 130-170
3.499

Dömu og herra
regnbuxur
st. 36-48
4.499

Dömu og herra
regnjakkar
st. 36-48
7.499

Barna
regnjakkar/kápur
st. 130-170
6.299

Barna regnkápur
st. 130-170
6.299

AGNETA regnkápa
st. 36-48
8.999

VIKING
MIRA stígvél
st. 30-39
6.799

24

Opið allan sólarhringinn
í Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

SÖGUR AF PLÖTUM

– með Bubba Morthens

Sögur af plötum er nýtt hlaðvarp með Bubba Morthens á frettabladid.is. Hægt er að hlusta á fyrsta þáttinn, Ísbjörninn og Bítlarnir, á frettabladid.is/hladvarp. Sögur af plötum er unnið í samstarfi við Hagkaup.

Í fyrsta þætti rekur Bubbi söguna af því hvernig hann leiddist út í tónlist og lýsir aðdraganda plötunnar ásamt gesti sínum, gítarleikaranum Sigurgeiri Sigmundssyni.

HLAÐVARPIÐ

á frettabladid.is

– hlustaðu þegar þér hentar

Sögur af plötum er unnið í samstarfi við:

HAGKAUP *Meira svona alla daga*

FRETTABLADID.IS

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

RÚV SJÓNVARP

13.00 Kastljós
13.15 Menningin
13.25 Útsvar 2015-2016
14.40 Saga Danmerkur – Einveldið og upplýsingin
15.40 Popppunktur 2011
16.30 Sætt og gott Danskir þættir um kökubakstur og eftirrétta-gerð. Mette Blomsterberg útbýr kræsingar. e.
16.50 Í garðinum með Gurrý Guðríður Helgadóttir garðyrkju-fræðingur sýnir áhorfendum réttu handtökin við garðyrkjustörfin. Þáttaröð frá 2016. Dagskrárgerð: Björn Emilsson. e.
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 KrakkaRÚV
17.31 Ungviði í dýraríkinu Krúttlegir dýralífsþættir um afkvæmi dýra. Þau búa á heimilum fólks, í dýragörðum og á bóndabæjum og við sjáum hvernig þau uppgötva heiminn og læra á umhverfi sitt.
18.20 Landakort Valin myndskeið úr Landanum þar sem áhugaverðir staðir eru skoðaðir og merkilegir Íslendingar heimsóttir. Dagskrár-gerð: Gísli Einarsson.
18.30 Fréttayfirlit
18.40 HM stofan Upphitun fyrir leik í 8-liða úrslitum á HM kvenna í fótbolta.
18.55 HM kvenna í fótbolta Bein útsending frá leik Noregs og Englands í 8-liða úrslitum á HM kvenna í fótbolta.
20.55 HM stofan Samantekt á leik dagsins á HM kvenna í fótbolta.
21.10 Heimavöllur Önnur syrpa þessara norsku þátta um Helenu Mikkelsen, sem er nýr aðalþjálfari knattspyrnufélagsins Varg og fyrsti þjálfari norsku úrvals-deildar karla sem er kona. Eftir að hafa þraukað fyrsta tímabilið í úrvalsdeildinni þarf hún nú að finna nýjar leiðir til að fjármagna starfsemina og bjarga félaginu frá gjaldþroti. Aðalhlutverk: Ane Dahl Torp, Morten Svartveit, John Carew og Axel Bøyum.
22.00 Tíufréttir
22.25 Veður
22.30 Á valdi óvinarins Bresk leikin þáttaröð í sjö hlutum sem gerist við lok seinni heimsstyrjald-ar. Þýska verkfræðingnum Dieter Koehler er rænt ásamt ungri dóttur sinni og þau flutt til Bret-lands. Koehler hefur sérhæft sig í þotuhönnun og herforingjanum Callum Fergusson er falið það verkefni að fá hann til að aðstoða bresk yfirvöld hvað sem það kostar. Aðalhlutverk: Jim Sturgess, August Diehl og Lucy Ward. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
23.30 Spilaborg Valdasjúki klækjarefurinn Frank Underwood snýr aftur ásamt eiginkonu sinni í fimmtu þáttaröðinni um þau hjónin. Frank gegnir embætti forseta Bandaríkjanna og svífst einskis í pólitísku valdatafli. Með aðalhlutverk fara Kevin Spacey, Robin Wright og Michel Gill. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. e.
00.15 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.30 Golfing World 2019
08.20 Travelers Championship
13.30 PGA Highlights 2019
14.25 Meijer Classic
17.40 Champions Tour Highlights 2019
18.35 Inside the PGA Tour 2019
19.00 Rocket Mortgage Classic
22.00 British Masters

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 The Good Place
13.30 Black-ish
13.50 Younger
14.15 Kling Kling
14.40 Our Cartoon President
15.00 90210
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Fam
20.10 Lambið og miðin
20.45 Proven Innocent
21.35 Get Shorty
22.35 FEUD
23.30 The Tonight Show
00.15 The Late Late Show
01.00 NCIS
01.45 NCIS: Los Angeles
02.30 Law & Order: Special Vict-ims Unit
03.15 Yellowstone
04.00 Pose
05.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útvarp KrakkaRÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Tónlistarhátíðin
21.00 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.20 Lego Scooby-Doo! Blowout Beach Bash
12.40 Fly Away Home
14.25 Snowden
16.35 Fly Away Home
18.25 Lego Scooby-Doo! Blowout Beach Bash
19.45 Snowden
22.00 We're the Millers
23.50 Hateful Eight
02.35 Bleeding Heart
04.05 We're the Millers

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Two and a Half Men
07.50 Grey's Anatomy
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Anger Management
10.00 You, Me & Fertility
10.50 Hånd i hånd
11.30 Ísskápastríð
12.10 Heimsókn
12.35 Nágrannar
13.00 Ronja ræningjadóttir
15.05 Draugabanarnir II
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Ísland í dag
19.05 Sportpakkinn
19.10 Veður
19.15 Borgarstjórinn
19.40 Fresh Off The Boat Gamanþættir um taívanska fjölskyldu sem flytur til Ameríku á tíunda áratugnum og freistar þess að fá að upplifa ameríska drauminn.
20.00 Masterchef USA Stór-skemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni ásamt þeim Aarón Sanchez og hinum eina sanna Joe Bastian-ich. Af gaumgæfni velja nú dómararnir 20 manna hóp sem mun keppa innbyrðis í ýmsum þrautum sem eru lagðar fram í eldamennskunni. Eins og áður reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.
20.45 L.A.'s Finest
21.30 Animal Kingdom
22.15 Euphoria 1
23.10 Real Time with Bill Maher
00.10 Big Little Lies Við höldum áfram að fylgjast með þeim stöllum sem þurfa að standa saman sem aldrei fyrr eftir æsilegan og óvæntan lokaþátt síðustu þáttaraðar. Líf þeirra allra breyttist í kjölfar þeirra atburða og þótt þær láti sem allt sé fullkomið á yfirborðinu óttast þær innst inni að einhver komi upp um leyndarmál þeirra.
01.05 Absentia
01.55 Crashing
02.25 Little Boy Blue
03.15 Little Boy Blue
04.00 Little Boy Blue
04.50 Little Boy Blue

STÖÐ 3

19.10 Modern Family
19.35 Bob's Burger
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Stelpurnar
21.15 iZombie
22.00 Grimm
22.45 Vice Principals
23.15 Famous In Love
00.00 American Dad
00.25 Modern Family
00.50 Seinfeld
01.15 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.25 ÍBV - Víkingur R.
09.05 Formúla 1: Frakkland - Keppni
11.05 Síle - Úrúgvæ
12.50 Ekvador - Japan
14.30 Fylkir - Selfoss
16.10 Pepsi Max mörk kvenna
17.15 ÍBV - Víkingur R.
18.55 Breiðablik - Fylkir
21.15 Mjólkurbikarmörkin 2019
22.00 NBA: David Stern: 30 Years
22.40 Katar - Argentína
00.20 Brasilía - Paragvæ

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Nýtt í Bónus!

Takmarkað magn

56-60 bitar

FORELDAÐ
Aðeins að hita

1.498 kr./2,5 kg

Chick'n Hot Wings
Kjúklingavængir, frosnir, 2,5 kg

395 kr./1 kg

Nektarínur
1 kg, box

395 kr./1 kg

Plómur
1 kg, box

395 kr./1 kg

Ferskjur
1 kg, box

1 kg

498 kr./1 kg

Tómatar
Íslenskir, 1 kg

198 kr./kg

Vatnsmelónur
Spánn, í lausu



BÓNUS

EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Smáratorg og Skeifan: Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **30. júní** eða meðan birgðir endast.

TÓNLIST

★★★★★

Tónleikar Duran Duran í Laugardalshöll 25. júní 2019.

Þótt ég færi létt með það er nú alveg óþarfi að fara mörgum orðum um Duran Duran, einhverja allra vinsælustu, lífseigustu og í ljósi sögunnar þeirrar langbestu sem haslaði sér völl á þessum dásamlega áratug sem kenndur er við hár, ýmist eða bæði sítt að aftan eða styrkt með þverhandarþykku lagi af Studio Line og blásið rúmlega hálfa leið til himna.

Duran Duran sló hressilega í gegn með fyrstu breiðskífu sinni 1981 og rauðglóandi vinsældajárnið var hamrað með látum og ofurkappi á næstu árum. Þangað til frægðin, peningarnir, brjáluðar vinsældirnar og endalaus tónleikaferðalög sliguðu ungu mennina fimm frá Birmingam á Englandi. Auk þess sem kunnuglegir svartálar frægðarinnar, dóp og hömlulaust kynlíf, tóku sinn toll af sumum þeirra, helst gítarleikaranum Andy Taylor og hinum undurfagra og ómótstæðilega kynþokkafulla bassaleikara, John Taylor.

Vægast sagt laustengdar vonir og draumar íslenskra aðdáenda við raunveruleikann urðu til þessa að þeir hrópuðu hástöfum eftir því á lesendasíðum dagblaðanna að Duran Duran yrði fengin til þess að halda tónleika hér á landi. Biðin vonlausa tók rúm tuttugu ár en loksins komu þeir hingað allir fimm og héldu frábæra tónleika í Egilshöll sem 10.000 manns kjaftfylltu.

Ég hélt vart vatni yfir þessum tónleikum í fimm stjörnu dómi um þá í Fréttablaðinu 2. júlí 2005 undir fyrirsögninni „Magnað, maður, magnað!“ og lét þess meðal annars getið að bandið hefði hvergi klikkað í spilamennskunni og Simon Le Bon hafi haldið lagi út í gegn, ólíkt eftirminnilegasta áfalli aðdáenda sveitarinnar á Live Aid 1995. „Í raun var enginn munur á Duran Duran þarna og fyrir tuttugu árum. Úthaldið magnað og stemningin keyrð upp af stakri snilld.“

Frábært verður fullkomið

Flest okkar sem fengum drauminn uppfylltan 2005 hefðum getað lifað á þessum tónleikum það sem eftir er. En samband Duran Duran við aðdáendurna er nokkuð sérstakt, ofboðslega traust og auðvitað fyrst og fremst fallegt. Þeir skemmtu sér konunglega hérna og ákváðu því að heiðra okkur með notalegri nærveru sinni og öðrum tónleikum í gömlu Laugardalshöll á þriðjudagskvöld.

Andy Taylor er hættur og bandið orðið kvartett og, eins og áhorfendurnir, allir fjórtán árum eldri en síðast. Aldurinn er þó greinilega ekki vandamálið hjá þeim og brakandi ferskir toppuðu þeir sig gjörsamlega síðan síðast. Þessir tónleikar voru miklu, miklu betri og fjórmenningarnir með öflugum liðsauka hörku bakraddasöngkvenna, gítarleikarans Dominic Brown og síðast en alls ekki síst saxófónleikarans Andy Hamilton sem hefur spilað með þeim með hléum frá upphafi vakti upp dásamlega fortíðardrauga af þremur fyrstu plötum sveitarinnar. Duran Duran, Rio og Seven and the Ragged Tiger, þið vitið, þessum sem geyma öll uppáhalds lögin okkar sem við fáum aldrei nóg af.

Enginn feluleikur

Hér er vitaskuld vonlaust, tilgangslaust og galið að reyna að leyna því að ég er einn af algölnustu Duran Duran-aðdáendum landsins og hef haldið tryggð, sem hefur á köflum nálgast trúarlegan ofsa, við þessa heiðursmenn síðan 1982 þegar ég var ellefu ára.

Simon Le Bon fór í gegnum nokkur mikilvægustu lög Duran Duran í hugum aðdáenda af ótrúlegum fítonskrafti á meðan John Taylor heillar endalaust með öryggi töffara sem er fullkomlega meðvitaður um hversu svalur hann er á bassanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tryllt stemning í æðsta veldi

Duran Duran dekraði við aðdáendur sína á tónleikum í Laugardalshöll á þriðjudagskvöld. Frábærir tónleikar hljómsveitarinnar 2005 falla algerlega í skuggann af undursamlegri og ólýsanlegri stemningu sem samstilltir og fáránlega miklir fagmenn töfruðu fram af öryggi.



Hljómborðsleikarinn Nick Rhodes er alltaf jafn pollrólegur á sínum græjum og hógvær og næstum ósýnilegur trommar Roger Taylor með látum á meðan John og Simon njóta sín í botn í fremstu víglínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

Eðlilega var því mjög mögulegt vanhæfi mitt rætt á ritstjórninni en úr varð að ég fékk að loka hringnum og gera einnig upp þessa tónleika sem líklega verða þeirra síðustu á Íslandi. Og þökk sé mínum mönnum þá get ég verið alveg heiðarlegur og þarf engu að ljúga og ekki að fegra neinn sannleika. Þessir tónleikar voru að handan! Eiginlega svo absúrd góðir að ég sé fram á að vera með króníska gæsahúð og tilfinningarnar í kjötfarsi eitthvað inn í aðventuna.

Gamla Höllin hentaði þessum tónleikum fullkomlega og þar sem fáránlega margir sem voru í Egilshöll skrópuðu núna var þetta ósköp notalegt og nándin við hljómsveitina var mögnuð.

Auðvitað er útilokað að þeir geti spilað öll óskalög mörg þúsund manns en þeir skiluðu ansi mörgum af þeim um það bil þrjátíu lögum sem skipta harðasta kjarnann mestu máli.

The Chauffeur, sem eitt og sér getur haldið minningu hljómsveitarinnar á lofti um ókomna tíð, var ekki með í þessari umferð, en Save a Prayer, Rio, Girls on Film og The Reflex fengum við með mergjuðum tilþrifum og ofboðslegum krafti hressvíkingsins síkáta og rúmlega sextuga Simons Le Bon.

Almenn sátt ríkir nú í hinum vestræna heimi um að bassalínur Johns Taylor í Rio tryggi honum verðugan sess sem einn besti bassaleikari samtímans og það var unun að sjá og heyra þennan náttúrulega töffara plokka sig og slá með sturluðum stæl í gegnum lagið.

John segir að sér líði hvergi betur en á sviði með bassann og maður sá það langar leiðir hversu innileg og einlæg spilagleðin er hjá honum. Sama má segja um Roger Taylor á trommunum og Nick Rhodes á sínum svuntuþeysurum og tölvugræjum. John er bara svo sjúklega svalur að hann skyggir á allt og alla.

Planet Earth afgreiddu þeir ógleymanlega þegar þeir láku fyrirhafnarlaust og fullkomlega eðlilega úr millispili yfir í Space Oddity eftir einn helsta áhrifavald þeirra, David Bowie. Þegar andlit hans birtist á breiðtjaldinu bak við bandið hrísl-aðist skothelt lag af gæsahúð um mann.

Duran Duran voru góðir í Egilshöll 2005 en þeir sprengdu alla skala í kvöld! Gamla Höllin er frábær vettvangur fyrir nákvæmlega svona tónleika með þaulreyndum og þéttum fagmönnum.

Síðasta lagið á B-hlið Seven and the Ragged Tiger, The Seventh Stranger, hefur dúkkað upp á tónleikum hjá þeim undanfarið. Þetta lag er í raun það sem skilur sauðina frá höfrunum þegar tilfinningahiti aðdáenda er metinn. Lagið er annálað eftirlæti þeirra áköfustu og ég vonaði þó að ég myndi fá að heyra það á þessum síðasta séns mínum.

Og ekki brugðust þessar elskur og þegar fyrstu tónarnir hljómuðu reyndi ég hvorki að hafa hemil á tilfinningunum né tárunum. Þetta var stórkostlegt móment í Duran Duran-sögu minni og fjölmargra í salnum sem tóku vel undir.

Frábærir tónleikar. Sannkallaður stórviðburður hófst þarna í eitthvert æðra veldi og ekki er annað hægt en að vera stoltur af okkur sem höfðum rænu á að mæta og sýna bandinu þá virðingu sem það á skilið með stappi, klappi, öskrum og söng.

Þessir menn eru slíkir öðlingar að þeir endurgjalda svona lagað ríkulega og þeir gáfu sig fullkomlega í þetta og kvöddu Ísland og okkur með ógleymanlegri skemmtun, einhverju undursamlegu.

Hvað voruð þið sem létuð ykkur vanta eiginlega að spá?

Þórarinn Þórarinsson

NIÐURSTAÐA: Fjórir af fimm Duran Duran-strákum toppuðu frábæra tónleika sína 2005 gjörsamlega í Laugardalshöll á þriðjudagskvöld. Dásamlegt lagaval, frábært stuð á hljómsveit og áhorfendum sköpuðu kynngimagnaða stemningu sem mun lifa í minningunni um ókomin ár.

blómaval

GARÐA DAGAR

Stjúpur, 10 stk.
990kr

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

-40%
Margarita
1.190kr
~~1.990kr~~

-44%
Sólboði
990kr
~~1.790kr~~

-50%
Sýpris
999kr
~~1.990kr~~

ÖLL tré og runnar 20-50% afsláttur

Gljámispill minni	-25%: Nú: **1.490kr**	Áður: 1.990 kr	Runnamura	-33%: Nú: **1.990kr**	Áður: 2.990 kr
Gljámispill stærri	-33%: Nú: **1.990kr**	Áður: 2.990 kr	Einir Repanda	-33%: Nú: **2.990kr**	Áður: 4.490 kr
Birkikvistur	-33%: Nú: **1.990kr**	Áður: 2.990 kr	Einir Blue Star	-33%: Nú: **2.990kr**	Áður: 4.490 kr
Sunnukvistur	-33%: Nú: **1.990kr**	Áður: 2.990 kr	Einir Mint Tulip	-33%: Nú: **2.990kr**	Áður: 4.490 kr
Blátoppur	-33%: Nú: **1.990kr**	Áður: 2.990 kr	Alparifs	-50%: Nú: **990kr**	Áður: 1.990 kr

Útipottar
20%
afsláttur

Garðáburður
20%
afsláttur

Grasfræ
20%
afsláttur

Mosaeyðir
20%
afsláttur

Gerviblóm
20%
afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Uppistand á ensku öll kvöld vikunnar

York Underwood heldur utan um uppistand á ensku sem boðið er upp á öll kvöld vikunnar á The Secret Cellar. Uppistandarinn heimsfrægi Bill Burr kom þrisvar fram í klúbbnum til þess að prufukeyra nýtt efni.

Síðasta árið hefur verið mikil gróska í uppistandi á ensku hérlendis. Nú er starfandi í Lækjargötunni klúbbur sem sérhæfir sig í uppistandi á ensku, The Secret Cellar. Þar er boðið upp á uppistand öll kvöld vikunnar. Eigandi klúbbsins er Bjarni „töframaður“ Baldvinsson.

Nýverið var uppstandarinn York Underwood fenginn til liðs við klúbbinn til að halda utan um uppistandskvöldin og Kierstyn Evans frá New York ráðin sem markaðsstjóri.

York hefur starfað sem uppistandari að atvinnu í áratug og komið fram um allan heim, meðal annars fyrir hermenn NATO í Kósóvó, Þýskalandi og Bretlandi. Við náðum tali af York til að forvitnast um The Secret Cellar og hvernig það er að reka uppistandsklúbb á Íslandi.

Hvernig eiginlega kom það til að ákveðið var að byrja prófa uppistand á ensku hérna á Íslandi?

„Ætli það hafi ekki mikið að gera með túristana. Það var annaðhvort á ensku eða kínversku og ég er er ekkert sérstaklega góður í kínversku. En svo virðast margir af íslensku uppistöndurunum vilja frekar koma fram á ensku. Bandaríkjamenn koma eftir sýningu og hrósa mér og þá ekki í kaldhæðni, Þjóðverjarnir forðast augnsamband og yfirgefa staðinn í hljóði. Íslendingarnir, oft þá eftir nokkra bjóra, banka í öxlina á mér og segja: „Ég gæti sko alveg verið með uppstand.“ Það eru nokkrir innflytjendur hérna með uppistand á ensku en langflestir af þeim sem koma fram hjá okkur eru Íslendingar. Þau ólust upp við að horfa á uppistand á ensku og vilja núna gera það sama,“ segir York.

York segir Ara Eldjárn hafa rutt veginn fyrir aðra Íslendinga hvað uppistand varðar. Hann varð stór hérna og kemur núna fram úti um allan heim með góðum árangri.

„Bjarni, eigandinn, hefur verið að koma fram síðustu tuttugu árin. Hann tók samt mikla áhættu þegar hann ákvað að opna klúbb sem býður fyrst og fremst upp á uppistand. Nú virðist þetta allt vera að ganga upp. Ég kom fram í klúbbnum reglulega þegar hann hafði samband við mig og bar undir mig þá hugmynd að ég tæki að mér að halda utan um uppistandskvöldin.“

Á hverju kvöldi er sýning. York segir að vel hafi gengið síðustu mánuði og fullt út úr dyrum nánast öll kvöld.

ÉG VERÐ UPP MEÐ MÉR ÞEGAR FÓLK PISSAR Á SIG AF HLÁTRI YFIR BRÖNDURNUM MÍNUM EN ÞAÐ ER EKKI JAFN SKEMMTILEGT FYRIR SKÚRINGAFÓLKIÐ OG AÐRA STARFSMENN.

„Það er eiginlega stressandi. Manni líður næstum eins og það sé að ganga of vel. En við þurfum að halda þessu fersku og erum með ólík þemu hvert kvöld vikunnar. Eins og á föstudögum erum við með uppistand fyrir fólk að kíkja á eftir vinnu. Gísli Jóhann sér um það. Það er aðeins meira fullorðins og klúrt. Samt alltaf jafn vinsælt. Íslendingar eru mjög kaldhæðnir og með algjöran gálgahúmor.“

York segist þó sjálfur meðvitaður um að fara ekki algjörlega yfir strikið og sjokkera áhorfendur um of.

„Jú, auðvitað hugsa ég oft um það og held að besta grínið komi oftast til manns þegar maður er meðvitaður um mörkin. Það nennir enginn að hlusta á einhver hálfvita spúandi einhverju ógeðslegu gríni sem er ekki einu sinni fyndið. En stundum finnst mér að megi brjóta reglurnar. Það er flókið fyrir grínista að ná að fara yfir strikið en samt halda áhorfendunum sáttum. Þegar allt kemur til alls erum við skemmtikraftar, okkar tilgangur er að ná að gleðja og fá áhorfendur til að hlæja. Fá fólk til að flýja stað, stund og heimsins böl,“ segir hann.

Á miðvikudögum er öllum velkomið að stíga á svið og reyna fyrir sér í uppistandi.

„Þar er kjörið tækifæri fyrir fólk sem er að prufa sig áfram. Þar fær það tækifæri til að stíga á svið, þróa stílinn sinn og auka á sjálfsöryggið upp á sviðinu. Það hafa margir frægir uppistandarar komið og notað tækifærið til að prufa nýtt efni. Þeirra á meðal Hugleikur Dagsson og Snjólaug Lúðvíksdóttir. Síðar ætlum við að bjóða upp á námskeið fyrir fólk til að hjálpa því að þróa uppistandsstílinn sinn.“

Uppistandarinn heimsfrægi Bill Burr kom fram á klúbbnum í þrjú skipti um daginn.

„Það bara jók metnaðinn og við áttuðum okkur á að við værum komin í alvöruna. Við fáum því til okkar fullt af þekktum uppistöndurum hvaðanæva úr heiminum meðan Reykjavík Fringe er í gangi. Svo langar okkur að fá heimsþekkta grínista hingað og sjá hvort þeir geti hjálpað óreyndari uppistöndurum með hver næstu skref þurfi að vera til að hjálpa ferlinum.“

York hefur eitt ráð að lokum til þeirra sem langar að mæta á uppistand í klúbbnum

„Ekki drekka of mikið fyrir sýninguna. Ég verð upp með mér þegar fólk pissar á sig af hlátri yfir bröndurunum mínum en það er ekki jafn skemmtilegt fyrir skúringafólkið og aðra starfsmenn,“ segir York að lokum.

steingerdur@frettabladid.is

Bjarni, Kierstyn og York fyrir utan klúbbinn sem er til húsa í Lækjargötu 6. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

BÁS loftslagsmarkaður og þakbar verður opnaður um helgina

Núna á laugardaginn verður sannkölluð flóamarkaðsstemning á efstu hæð bílastæðahússins við Hverfisgötu 20 þegar fjöldi borgarbúa mætir og selur gamlar eigur; föt, húsgögn og aðra hluti sem það vill gefa framhaldslíf. Um er að ræða opnunardag loftslagsmarkaðsins BÁS.

Það verður boðið upp á ýmsa skemmtilega dagskrá. Unnsteinn Manuel þeytir skífum fyrir salsaunnendur en hópur fólks frá Salsa Ísland mætir í dansskónum. Fata- og búningahönnuðurinn Tanja Levý verður einnig á staðnum og kennir gestum að þrykkja á föt og lífga þannig upp á gamlar spjarir í stað þess að henda þeim. Tilgangurinn með BÁS-verkefninu er að vekja athygli á þeim áhrifum sem óhóflegar neysluvenjur hafa á umhverfið og búa til lifandi og skemmtilegan vettvang fyrir umræður um loftslagsmál. Lífgað er upp á gráa steinsteypuna með því að breyta bílastæðunum í markaðsbása. Borgarbúar eru hvattir til að minnka sóun, endurnýta í sínu nærumhverfi og kaupa af innlendum hönnuðum og framleiðendum með kolefnisfótsporið í huga.

TILGANGURINN MEÐ BÁS-VERKEFNINU ER AÐ VEKJA ATHYGLI Á ÞEIM ÁHRIFUM SEM ÓHÓFLEGAR NEYSLUVENJUR HAFA Á UMHVERFIÐ.

Lífgað er upp á gráa steinsteypuna með því að breyta bílastæðunum í markaðsbása þar sem seldir eru notaðir hlutir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ágústa Sveinsdóttir, Ólafur Daði Eggertsson, Hulda Ragnhildur Hjálmarsdóttir og Hildur Helga Pétursdóttir standa að verkefninu. Áhrif loftslagsáhrifa eru í brennidepli hjá þjóðinni þessa dagana. Hugmyndin að BÁS kom frá hugleiðingum hópsins um hvað hver og ein manneskja getur gert til að sporna við þessum stóra vanda á jörðinni. Markaðurinn verður opinn annan hvern laugardag í sumar fram að Menningarnótt en þá verða haldnir þar stórtónleikar.

Þeir sem vilja taka þátt í BÁS, hvort sem er til að selja eða til þess að leggja fram hugmynd að dagskrárlið eða viðburði hafi endilega samband við BÁS á Facebook.

steingerdur@frettabladid.is

20% afsláttur af Viktor & Rolf
ilmum dagana 27. júní -3. júlí

HAGKAUP

Meira svona alla daga



Hljómsveitin Killer Queen varð til í hálfgerðum saumaklúbb á Akureyri fyrir áratug. MYND/DANÍEL STARRASON

Fékk flatkökur með hangikjöti upp á svið

Magni spilar með Killer Queen, Á móti sól og á Aldamótatónleikunum á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum í ár. Killer Queen spilar ábreiður af Queen-lögum og er orðið hálfgert húsband á Græna hattinum.

Magni var staddur við Jökulsá á Fjöllum þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

„Ef ég dett út þá hringi ég bara í þig aftur. Það er nokkrir dauðir blettir hérna á brúnni, þú getur svo bara sent ljósmyndarann frá blaðinu í Möðrudal til að smella af mynd. Er það nokkuð mál?“ segir Magni hress í bragði.

„Í ár verð ég mestmegnis í Eyjum. Ég byrja helgina með Killer Queen á Græna hattinum á föstudeginum og svo brunum við suður og förum til Eyja þar sem ég verð restina af helginni. Þar spila ég með Killer Queen, Á móti sól og til að kóróna þetta spila ég líka á Aldamótatónleikunum sem eru á sunnudeginum, þannig að ég verð á fullu yfir alla helgina.“

Magni hefur átt hlut í tveimur Þjóðhátíðarlögum.

„Eða við skulum segja að ég hafi sungið tvö og hálft Þjóðhátíðarlag, ef ég á að vera nákvæmur.“

Varð til í saumaklúbb

Magni segir sveitina Killer Queen hafa orðið til í nokkurs konar saumaklúbb nokkurra vina sem áttu það sameiginlegt að halda mikið upp á hljómsveitina Queen.

„Við stofnuðum sveitina árið 2008 á Akureyri. Það hafa orðið einhverjar mannabreytinga og við erum orðnir sex núna. Það þurfa að vera dálítið margir að spila þetta, þó að í Queen hafi bara verið fjórir,“ segir Magni hlæjandi.

Hann segir þá vera hálfgert húsband á Græna hattinum.

„Við höfum spilað kannski 40 sinnum síðasta áratuginn og þar af 25 sinnum á Græna hattinum. Okkur finnst þetta alveg sjúklega skemmtilegt.“

En hefur meira verið að gera hjá sveitinni í kjölfar vinsælda myndarinnar Bohemian Rhapsody?

„Það hafa ótrúlegustu hlutir komið upp á svið. Einhvern tímann var það uppblásinn sófi.

„Við getum allavega sagt að hún hafi ekki skemmt fyrir en við spilum oftast ekki nema svona þrisvar á ári. Svo er þetta þannig músík og sveitin á svo marga aðdáendur, þannig að það hefur alltaf verið fullt eiginlega. Bæði fyrir og eftir að myndin kom út.“

Flatkökur upp á svið

Magni segist hafa reynt að telja það saman um daginn hve oft hann hafi spilað á hátíðinni.

„Ég er ekki alveg handviss en í það minnsta tíu sinnum.“

Hann er snöggur til svars þegar hann er spurður hver sé skemmtilegasta minningin af Þjóðhátíð.

„Ég hef lent í alls konar hlutum á Þjóðhátíð en skemmtilegasta og líka skrýtnasta minningin er frá gamla sviðinu. Þá vorum við í Á móti sól í miðju setti þegar einhver rýkur upp að sviðinu með álbakka. Það var alveg ótrúlega vel gert því sviðið var svo hátt. Á bakkanum voru flatkökur með hangikjöti og við sáum ekki að það væri annað í myndinni en að þiggja boðið og gæða okkur á flatkökum, þetta var gríðarlega gott.“

Góðar minningar úr hvítu tjöldunum

Þetta er þó ekki eina skiptið sem Magna hefur verið fært eitthvað upp á svið á miðju balli.

„Það hafa ótrúlegustu hlutir komið upp á svið. Einhvern tímann var það uppblásinn sófi og svo auðvitað óteljandi magn af blöndum. Þannig að það er gríðarleg vinátta þarna úti. Svo fær maður oft pollaföt send beint upp á svið.“

Magni segist eiga endalaust af góðum minningum úr hvítu tjöldunum.

„Þar er manni boðið upp á allan fjandann. Lundann og Stroh-ið. Þetta er alltaf jafn klikkaðslega gaman!“ segir Magni að lokum.

Hægt er að nálgast miða á Þjóðhátíð í Eyjum á dalurinn.is.

steingerdur@frettabladid.is

Magni Ásgeirsson.

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

WWW.ZARA.COM FOLLOW US INSTAGRAM I FACEBOOK I TWITTER I PINTEREST

ZARA

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

BAKÞANKAR

Kolbeins Marteinssonar

Hamingja

Lífið er stórfurðulegt ferðalag. Maður veit aldrei hvaða stefnu það tekur. Sumt er þó hægt að sjá fyrir einfaldlega með því að skoða hvað aðrir hafa gengið í gegnum. Tilfellið er að við erum flest nánast eins.

Ég las nýverið bók sem er góð leiðarlýsing á lífsferðalaginu. Þar eru sannarlega boðuð góð tíðindi alla vega hvað mig, miðaldra karlmann, varðar.

Bók þessi heitir Hamingjukúrfan (The Happiness Curve) og þar voru m.a. rannsökuð gögn sem mældu hamingju fólks í fjölda landa víðs vegar um heim.

Það hlýtur að vera markmið okkar allra að öðlast einhvers konar hamingju, frið og gleði í þessari baráttu og táradal sem lífið er á köflum. Því skulum við byrja á slæmu fréttunum. Þær eru að hamingja okkar fer stöðugt minnkandi frá þrítugs- og fertugsaldri og nær botninum einhvers staðar í kringum 40-50 ára aldurinn. Á þeim tímapunkti erum við stödd í hálfleik lífsins, þ.e. ef við náum meðalaldri.

Góðu fréttirnar eru þær að eftir fimmtugt fer þetta allt að verða bærilegra og hamingjan fer vaxandi og nær hámarki einhvers staðar í kringum 70 ára aldurinn. (Talandi um að toppa á réttum tíma.)

Samkvæmt rannsóknum er eldra fólk líklegra til að sneiða hjá neikvæðni og hefur betri stjórn á tilfinningum. Eins fer þjóðfélagsleg staða að skipta miklu minna máli og maður fer víst að finna til þakklætis. Þá væntanlega fyrir að vera enn á lífi. Þannig að þegar þú horfir á hrukkur undir augunum, grá hár og þyngdaraflið aflaga líkamann, skaltu muna að þetta er fórnarkostnaður þess að vonandi líði þér betur í dag en í gær. Þegar loks kemur að því að þú farir að njóta ævikvöldsins, þá muni þér mögulega bara líða nokkuð vel.